

# 30

Afmælisrit Samtakanna '78



## LESID UM:

[Leðurhommanna](#) | [Strákastelpurnar](#) | [Drottningarnar](#) | [Listaspírurnar](#) | [Fótboltastelpurnar](#) | [Stelpustrákana](#)  
[Regnbogaforeldrana](#) | [Nördin](#) | [Gleraugnaglámanna](#) | [Uppreisnarseggjina](#) | Og alla hina



MJÓLKURSAMSALAN



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE



HINSEGIN DAGAR



REYKJAVÍK  
GAY PRIDE



Markaðs- og miðlarannsóknir



Vátryggingafélag Íslands



VÍFILFELL

Black



adventure at sea



FRÆÐI Í FRAMKVÆMD

**Menningarsjóður Glitnis  
er helsti bakhjarl afmælisrits  
Samtakanna '78**

**GLITNIR**



# Efnisyfirlit:

Ávarp Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra á afmæli Samtakanna '78.

6-7

Yngsti homminn, elsta lesbían eftir Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur.

Það skilja þau að sjötíu ár í aldri. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan lítil strákastelpa bögglaðist ein með óskiljanlegar tilfinningar í Miðbæjarskólanum á fjórða áratugnum og þar til fjórtán ára strákur kom í fylgd pabba síns á fund ungliðahreyfingar Samtakanna '78 árið 2007.

8-15

Úr grasrót í gríðastað eftir Veturliða Guðnason.

Saga félagsskaparins Iceland Hospitality, sem var fyrirrennari Samtakanna '78 og stofnaður tveimur árum fyrr. Þetta afsprengi hippa-kynslóðarinnar á sér verðugan arftaka sem enn starfar af fullum krafti, nefnilega leðurklúbbinn MSC Ísland.

16-19

Eini homminn í Klaustrinu eftir Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur.

Frosti Jónsson er formaður Samtakanna '78. Hann lýsir viðhorfi sínu til félagsins og framtíðar þess. Þá lýsir hann unglingsárum í Menntaskólanum á Akureyri þar sem hann vaknaði til vitundar um sjálfan sig í skugga umræðunnar um alnæmi.

20-21

Þrjátíu ára stríðið, eftir Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur.

Saga Samtakanna '78 rakin í máli og myndum; allt frá uppreisn Harðar Torfasonar, baráttunni við Ríkisútvarpið, ótrúlegum fordómum og litríkum félagsheimilum til gleðiganga, sorga og sigra.

22-44

Alnæmisfaraldurinn-þröngi vegurinn til sigurs, eftir

Böðvar Björnsson. Plágan sem kvaddi dyra þegar baráttuhugurinn var í algleymingi. Ungir menn sem sneru heim úr sjálfskipaðri útlegð til að deyja. Dimmasti og sorglegasti tíminn í sögu samkynhneigðra á Íslandi.

45-49

Drottningar á djamminu eftir Hilmar Magnússon.

Hinsegin fólk á það sameiginlegt að kunna að sletta úr klaufunum svo um munar. Skemmtanalíf borgarinnar hefur ekki farið varhluta af hinsegin menningu. Rifjuð er upp djammsaga homma og lesbía á mölinni.

50-69

Blessað barnalán eftir Ragnhildi Sverrisdóttur.

Öðruvísi fjölskylda í Reykjavík. Tveir nýbakaðir pabbar og tvær nýbakaðar mömmur kusu að feta nýjar slóðir við að stofna fjölskyldu. Öbbólítil strákur á nú tvö sett af foreldrum sem deila með sér forsjánni.

70-73

Með pennann að vopni eftir Árna Heimi Ingólfsson.

Íslenskar bókmenntir eiga nú orðið nokkra hefð fyrir hinsegin bókmenntum. Sú hefð er þó ekki löng. Í fyrra lést Elías Mar rithöfundur sem fyrstur höfunda lýsti ástum karla opinskátt í íslenskrri sögu.

76 - 84

Forsíða: **Formenn Samtakanna '78 frá upphafi.**

Forsíðuljósmynd: **Charlotta M. Hauksdóttir**

Forsíðuvinnsla: **Vatíkanið**

Útgefandi og ábm: **Samtökin'78/Frosti Jónsson.**

Ritstjóri: **Þóra Kristín Ásgeirsdóttir.**

Hönnun og umbrot: **Vatíkanið**

Allur réttur áskilinn. Allar tilvitnanir og önnur notkun efnis úr blaðinu þar með talin afritun, birting, fjölföldun og hvers kyns dreifing, er háð leyfi ritstjóra.






Samtökin '78 hafa marga fjöruna sopið á þrjátíu árum. Samt eru þau í dag, sterkari og öflugri en nokkru sinni fyrr. Þau væru það þó ekki, ef ekki hefði verið til staðar bæði sköpunarkraftur og hugrekki í upphafi baráttunnar fyrir þrjátíu árum.

Þótt Samtökin '78 hafi verið áberandi í íslensku þjóðlífi í rúman áratug hefur það ekki alltaf verið svo og saga félagsins framan af er á fárra vitorði. Þetta tímarit sem er gefið út í tilefni af 30 ára afmæli Samtakanna '78 er ekki hefðbundið tímarit, heldur er uppistaða þess að megninu til tvær sögulegar greinar. Sagan á erindi við okkur öll og segir okkur ekki bara hver við vorum heldur líka hver við erum og hvaðan við komum. En það má ekki gleyma því að sagan er gædd þeim eiginleikum að breyta um lit og lögun eftir því hver horfir og í gegnum hvaða gleraugu. Það sem birtist hér er því hvorki upphaf né endir slíkrar söguskoðunar en vonandi góð viðleitni sem lesendur hafa gaman af. Um leið biðst ég velvirðingar á því að margt annað sem hefði átt erindi í þetta blað varð að bíða betri tíma og eftir öðrum vettvangi.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir



Þóra Kristín Ásgeirsdóttir ritstjóri blaðsins og greinarhöfundur hefur starfað sem blaða og fréttamaður frá 1990, á dagblöðum, vikublöðum og tímaritum. Síðustu tíu árin starfaði hún á Stöð tvö og Fréttastofu Ríkisútvarpsins.

Bára Kristinsdóttir ljósmyndari blaðsins hefur starfað að ljósmyndun í meira en tvo áratugi. Hún vinnur nú að mestu að sinni eigin listsköpun.



Ragnhildur Sverrisdóttir var blaðamaður og fréttastjóri á Morgunblaðinu í rúma tvo áratugi en hefur auk þess komið að þáttagerð í sjónvarpi. Fyrir nokkrum árum söðlaði hún um og lærði lögfræði við Háskólann í Reykjavík og starfar nú sjálfstætt við ritstörf.



Veturliði Guðnason einn greinarhöfunda er einn kunnasti þýðandi landsins en hann hefur snarað sjónvarpsþáttum úr þýsku, ensku og norðurlandamálum fyrir Ríkissjónvarpið í tæpa þrjá áratugi. Veturliði var einn stofnenda samtakanna Iceland Hospitality en þau samtök voru fyrirrennari Samtakanna '78.



Böðvar Björnsson einn greinarhöfunda starfar sem forstöðumaður neyðarvistunar á meðferðarheimilinu Stuðlum. Böðvar gaf út ljóðabókina Dagbók Önnu Frík á síðari hluta níunda áratugarins en ljóðin lýsa hlutskipti hommans og tíðarandanum einkar vel.



Hilmar Magnússon er menntaður í arkitektúr og starfar á teiknistofu jafnhliða því að stunda meistaranám í alþjóðasamskiptum. Hann er stjórnarmaður í Samtökunum '78 frá 2007. Hann veltir fyrir sér skemmtanalífi homma og lesbía í Reykjavík í gegnum tíðina hér í blaðinu.



Árni Heimir Ingólfsson starfar sem tónlistarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og dósent við Listaháskólann. Þótt tónlist sé hans sérsvið skrifar hann um bókmenntir að þessu sinni.



Halla Kristín Einarsdóttir myndlistarmaður teiknar myndasögur sem birtast hér í blaðinu og birta svipmyndir úr heimi homma og lesbía á Íslandi.





Mynd: Bára Kristinsdóttir

# Jóhanna Sigurðardóttir

## félags- og tryggingamálaráðherra

### ávarpar Samtökin '78 á 30 ára afmælinu.

Þegar Samtökin '78 fagna sínu þrítugasta starfsári er við hæfi að líta yfir farinn veg í réttindabaráttu samkynhneigðra. Sú var tíðin hérlendis að samkynhneigðir þurftu að fara í felur með ástarmál sín og kynhneigð. Það þótti mikið feimnismál að kynna maka fyrir nánustu ættingjum og vinum. Mikið hugrekki þurfti til að tjá sig opinberlega um kynhneigð sína. Sá sem það gerði mátti oft sæta aðkasti og lítilsvirðingu í samfélaginu. Samtökin '78 voru stofnuð við þessar aðstæður árið 1978. Samtökin hafa frá upphafi barist fyrir því að samkynhneigðir einstaklingar njóti fullrar viðurkenningar og réttinda og séu sýnilegir þegnar í samfélaginu.

Á þeim þrjátíu árum sem liðin eru frá stofnun samtakanna er óhætt að segja að mikil breyting hafi orðið á afstöðu fólks til samkynhneigðra. Sá árangur hefur ekki náðst án fyrirhafnar. Aðdáunarverð framgangna ýmissa samkynhneigðra einstaklinga sem hafa gengið fram fyrir skjöldu, opinberað kynhneigð sína og lagt sig þannig undir í atlögu við fordóma samfélagsins, hefur lyft grettistaki í þessum efnum. Í slíkri baráttu er ómetanlegt að hafa á bak við sig öflug félagasamtök eins og Samtökin '78 sem samhliða hafa staðið fyrir umfangsmikilli fræðslu í skólum, á vinnustöðum og með opinni umræðu í samfélaginu öllu. Réttur og frelsi sérhvers einstaklings til að haga einkalífi sínu í samræmi við kynhneigð sína nýtur almennrar viðurkenningar í samfélaginu nú á tímum. Markviss barátta samtakanna fyrir réttindum samkynhneigðra að lögum er aðdáunarverð. Ég er sannfærð um að þessi barátta Samtakanna '78 hefur einnig komið öðrum minnihlutahópum til góða.

Samtökin '78 hafa byggt upp mikið stuðningsnet fyrir einstaklinga sem viðurkenna samkynhneigð sína. Þetta stuðningsnet hefur hjálpað fjölda manns við að fara yfir þessa krossgötu í lífinu með fullri reisn. Það á jafnt við um einstaklinga sem og fjölskyldur þeirra. Gleðigangan og Hinsegin dagar sem haldnir eru hvert sumar hér landi eru eitt dæmi um hið mikla afrek sem Samtökin '78 hafa unnið á þessum þrjátíu árum. Gleðigangan er orðin mikilvægur hluti af menningarlífi landsmanna og þar með tilvist og sýnileika samkynhneigðra. Á ári hverju kemur fjöldi manns, aðstandendur og aðrir, til þess

að sýna samstöðu með samkynhneigðum á þessum degi.

Því miður hefur barátta fyrir réttindum samkynhneigðra ekki verið jafn árangursrík í mörgum öðrum ríkjum. Íslensk stjórnvöld eru ekki stikkfrí í þeirri baráttu og það skiptir miklu máli að rödd Íslands heyrist og fordæmi þess í réttindamálum samkynhneigðra verði sýnilegt á alþjóðavettvangi. Ég mun sem félags- og tryggingamálaráðherra leggja mitt af mörkum til þess að íslensk stjórnvöld verði til fyrirmyndar á þessu sviði. Í því sambandi má geta þess að á vegum Félags- og tryggingamálaráðuneytisins er starfandi nefnd sem gegnir því hlutverki að bera saman íslensk lög og ákvæði í mismunartilskipunum Evrópusambandsins með það að markmiði að aðstæður hér á landi samræmist þeim réttindum sem felast í tilskipununum. Afnáam hvers kyns mismununar í samfélaginu er mér hjartans mál.

Félagasamtök eru tæki fólks til að ná sameiginlegu markmiði. Ég er þeirrar skoðunar að þótt margt hafi áunnist á þessum þrjátíu árum sé enn full þörf fyrir Samtökin '78. Umræðan og barátta samkynhneigðra fyrir réttindum sínum innan þjóðkirkjunnar undanfarin misseri sýnir það og sannar. Þótt vissulega megi segja að málefni samkynhneigðra þróist þar í rétta átt þá vantar enn upp á skilning og umburðarlyndi þjóðkirkjunnar í málefnum samkynhneigðra. Sú staðreynd hefur valdið mörgum vonbrigðum og sorg.

Við þessi tímamót vil ég þakka Samtökunum '78 fyrir það mikla starf sem þau hafa unnið síðastliðin þrjátíu ár. Ég veit að hið mikla baráttuþrek sem þau hafa sýnt er öðrum til eftirbreytni.



Sjöfn Helgadóttir er elsta konan sem hefur komið á vettvang samtakanna



# ELSTA LESBÍAN

Hinsegin veröld sem var

Eftir Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur

Mynd: Bára Kristinsdóttir

Sjöfn Helgadóttir fékk uppáskrifaða kvenhormóna hjá Níelsi Dungal, þegar fjölskyldan komst að samkynhneigð hennar árið 1940. Kvenhormónarnir dugðu ekki til. Hún varð fyrsta konan til að koma á vettvang Samtakanna '78, fimmtíu og þriggja ára. Í dag er hún áttatíu og þriggja ára og nóturleg lífsreynsla hefur ekki enn náð að slökkva fjörið í augunum. Hún hvessir þeim á mig þar sem ég sit við sjúkrarúmið hennar á Landakoti og segir: „Ég átti alltaf nógan sjens góða mín. Þú skalt athuga það.“

Sjöfn Helgadóttir var lítil stelpa sem vildi ganga í buxum. Þá gengu stelpur í kjólum eða pilsum og koti. Ekki Sjöfn. „Þetta þótti í lagi uppi í sveit og sumstaðar í sjávarplássum þegar ég var að alast upp. Í Reykjavík áttu stelpur hinsvegar að klæðast pils. Ég átti óskaplega bágð þegar það var reynt að troða mér í pils eða kjóla. Barðist um á hæl og hnakka.“

Hún var fljótari að hlaupa en aðrir krakkar og hafði áhuga á smíðum og fótbolta. Hún bjó ásamt eldri systkinum og móður á Njálsgötu 62 í Reykjavík þegar hún man fyrst eftir sér. Systkinin voru alls þrettán, sum voru flutt að heiman enda var Sjöfn langyngst í systkinahópnum. „Mig langaði alla tíð meira að vera strákur og veistu; það hefur ekkert breyst.“

Afhverju?

„Af því að ég var svo skotin í stelpunum“, segir hún og glottir.

### //Yndislegt sumar

Mamma Sjafnar varð veik af krabbameini og lagðist banaleguna þegar Sjöfn var sjö ára. Pabbi Sjafnar, sem var talsvert mikið eldri en móðirin, var bóndi og útvegsmaður stærstan hluta ævinnar. Hann fór í miðju veikindastríði móðurinnar að búa á Selártjörn í Rangárvallasýslu með talsverðan bústofn. Sjöfn fór þangað sumarið sem hún var fimm ára ásamt móður sinni og dvaldi þar fram á haust. „Þetta var yndislegt sumar fyrir okkur mömmu en hún hefur sjálf sagt átt í sálarstríði án þess að ég yrði þess vör. Pabbi var kominn með ráðskonu og hafði gert henni barn. Þetta var ekki eina dæmið en saga hálsystkina minna er og verður sjálf sagt óskráð. Í eitt skipti þurfti að gefa myndarlega prestdóttur vinnumanni af því að hún gekk með barn pabba sem hafði drepið niður fæti á prestsetrinu.“ Sjöfn fór ásamt móður sinni og systkinum aftur til Reykjavíkur en heilsu móðurinnar fór öðum hrakandi. Hún var mikið á sjúkrahúsi en lá oftast fyrir þegar hún var heima. Þá segist Sjöfn hafa setið á rauðum skemli fyrir framan rúmið hennar og reynt að vera stillt og góð meðan mamma hennar las fyrir hana sögur.

### //Uppnefnd í skóla

Í Miðbæjarskólanum var Sjöfn fyrst kölluð öfuguggi. Það var skammaryrði sem hún átti eftir að heyra oftar þegar hún komst á fullorðinsár. Í skólanum var það þó ekki vegna þess að hún laðaðist að stelpum heldur vegna þess að hún skrifaði með vinstri hendi. „Kennarinn tók í höndina og batt hana fyrir aftan bak til að venja mig af þessu. Ég reyndi að nota hægri höndina en gat ekki skrifað með henni og það leit út eins og einhver hefði klórað á pappírinn. Skólastjórinn gekk stundum stofugang og þegar hann kom í okkar bekk kom hann auga á mig þar sem ég var að gráta ofan í bókina. Hann leysti á mér höndina, leiddi mig burt úr stofunni og inn á skrifstofu til sín og gaf mér perubróstsykur. Þegar hann kvaddi mig sagði hann, „þú skrifar svo framvegis með vinstri hendinni.““

Upp úr því fóru krakkarnir að uppnefna hana öfugugga.

### //Stikað um miðbæinn

Pabbi Sjafnar var sjaldan í bænum. „Þegar hann kom í bæinn var hann á yfirreið eins og biskup í vísitasíu, uppábúinn og fullur tilhlökkunar eftir að fá sér í staupinu. Ég fékk stundum að fara með honum í bæinn og þá stikaði hann svo hratt niður

Njálsgötu í átt að Njarðargötunni að ég þurfti að hlaupa við hlið hans til að hafa við honum. Og svo fórum við um ríki pabba.

Á fyrsta áfangastaðnum fékk ég að sitja á tunnu meðan hann fékk sér brennivín og hákarl hjá Gunnari vini sínum í versluninni Von. Því næst var farið niður á Laugaveg 42 til Sigga og Söru í Sökkabúðinni. Þessi yfirreið endaði síðan hjá Jónatan gullsmið. Allsstaðar var drukkið ótæpilega og ég fékk eins mikið sælgæti og ég gat í mig látið.“

Það kom fyrir nokkrum sinnum að Sjöfn læddist úr rúminu sínu á Njálsgötunni þegar allir voru sofnaðir til mömmu sinnar og kúrði við hliðina á henni í rúminu. Í eitt slíkt skipti kom eldri systir hennar og ætlaði að taka hana. Þá stöðvaði mamma Sjafnar hana og sagði: „Leyfðu litla greyinu að kúra fyrir ofan mig í rúminu og hlýja sér.“ Um nóttina vaknaði Sjöfn á sófanum frammi í stofu. Eldri systur hennar sögðu henni að mamma hennar væri farin til guðs.

„Það var gengið frá líkinu heima eins og oftast í þá daga. Kistan stóð svo opin inni í herberginu í tvo daga svo vinir og ættingjar gætu kvatt hina látnu.“

Fyrstu árin eftir dauða móður sinnar bjó Sjöfn hjá eldri systur sinni á Njarðargötu í Reykjavík en íbúðina fékk systir þeirra gegn því að annast um hana.

### //Harmleikur í Höfnum

Þegar Sjöfn var ellefu ára keypti faðir hennar jörðina Kotvog í Höfnum. Hann bjó þar útvegsbúi með ráðskonu sinni, eldri bræðrum Sjafnar og hálsystur hennar. Þegar hún var tólf ára var hún send til hans til að hjálpa til á heimilinu.

Einn dag að vorlagi, þann fimmta apríl árið 1939, þegar fermingardagur Sjafnar var öðum að nálgast, fóru börnin í Höfnunum heim úr skólanum full tilhlökkunar en bátarnir áttu að leggja næturlöðin eins og það var kallað. Öll börnin áttu að fá að fara með enda margir bátar í þessu litla þorpi. Heimili Sjafnar tilheyrðu tveir bátar, Sjöfn og Bára. Á öðrum var pabbi hennar formaður en á hinum bróðir hennar. Þegar Sjöfn kemur heim til sín með skólabækurnar er henni óvænt bannað að fara. „Hann skipaði mér að fara að læra fyrir skólann og hlustaði ekki á neinar fortölur.“ En í þetta sinn ákvað hún að hlýða ekki pabba sínum heldur læddist niður að sjónum og meðfram hlöðnum brimgarði fyrir neðan bæinn. Við bryggjuna tókst henni að lauma sér um borð í bát bróður síns sem hughreysti hana og lofaði að tala máli hennar. „Hann sagði: „Auðvitað færð þú að fara eins og hinir krakkarnir. Ég sé um kallinn þegar við komum heim.“ En það kom nú aldrei til þess.“

Þegar bátarnir náguðust þorpið varð ljóst að þykkur reykjarmökkur lá yfir öllu. Það greip um sig mikil skelfing um

borð. Í fyrstu var ekki hægt að greina hvaðan reykurinn kom, en talið var að það væri kviknað í bænum Júnkaragerði. Fljótlega varð ljóst að reykurinn steig upp frá Kotvogi en þar stóð íbúðarhúsið í björtu báli. Faðir Sjafnar kom fyrstur að landi og hljóp upp að bænum. „Hann braust inn í eldinn til að bjarga Þórdísi hálsystur minni, sem þarna var sjö ára. Þau fórust hinsvegar bæði í eldinum og auk þeirra vinnumaður sem bjó hjá okkur.“

### //Fermd frá Fríkirkjunni

Bærinn Kotvogur brann til kaldra kola, ekkert stóð eftir nema lítið pakkhús, austast á jörðinni. Enn einu sinni stendur Sjöfn Helgadóttir uppi ein og bíður þess að verða send á næsta áfangastað.

Daginn sem pabbi hennar og litla systir eru jörðuð á Sjöfn að halda aftur til Reykjavíkur. En þegar til á að taka finnst ekki stelpa. Það er gerð mikil leit en loksins finnst hún sitjandi í rústunum. Kolkrímótt í framan af óskunni. Hún ruggar á út fram og til baka, með litla dúkku í fanginu. Eina leikfangið sem hún á eftir.

Jörðin Kotvogur er seinna sett á uppboð og slegin fyrir tíu þúsund krónur.

Upphæðinni er skipt milli systkinanna en Sjafnar hlutur fer til að greiða fyrir ferminguna sem er gerð frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

### //Bærinn fyllist af lífi

Sjöfn verður unglingur, gengur í Austurbæjarskólann og býr hjá systur sinni og manni hennar á Njarðargötu í Reykjavík. Tilfinningar sem áður voru barnlegar og flóktandi, sækja nú á að meiri þunga eftir að skólagöngunni lýkur. „Mér var alltaf strítt fyrir að vera öðruvísi. Ég var alltaf skotin í stelpunum.“

Hún fer að skrópa í skólanum. Kveður systur sína á morgnana með skólatöskuna í hendinni en felur hana jafnskjótt og húsið er úr auglýsni. „Ég eyddi dögnum í að skoða í búðarglugga, rápa um göturnar eða selja Vísi.“

Þegar Sjöfn er orðin sextán ára er bærinn fullur af lífi. Erlendir hermenn fylla göturnar, það voru böll og hljómsveitir, bæði í Oddfellow, Alþýðuhúsinu, Rauða Kross bragganum við Snorrabraut og Listamannaskálanum þar sem hljómsveit Bjarna Bö hélt uppi fjörinu.

„Á þessum árum var talsvert um að unglingsstelpur drykkju og ég fann strax að það létti á mér að drekka og mér fannst ég eiga meiri samleið með krökkunum ef ég gerði það.“

Sjöfn hafði djúpa og hljómmikla rödd og langaði að vera söngkona. Og hún hafði hæfileika. Bjarni Bö reyndi að fá hana til að syngja með hljómsveitinni en hún var feimin og stakk af úr borginni, þegar hljómsveitin átti að spila í útvarpinu.

### //Fyrsta ástin

Og fyrsta stóra ástin er handan við hornið. Hún ræður sig í vist úti á landi hjá hjónum sem eiga tvo syni og tvíbúrasystur á líku reki. Það var glatt á hjalla í húsinu og atvikin höguðu því þannig að annar sonurinn varð ástfangin af Sjöfn en hún varð hinsvegar ástfangin af annarri tvíbúrasysturinni. Sú hrifning var endurgöldin að einhverju leyti og í ferðalagi með tvíbúrasystrunum og ástsjúka bróðurnum svaf hún í fyrsta sinni hjá stelpu. „Við vorum í aftursætinu á bílnum og breiddum yfir okkur kápu. Við þóttumst vera að fíflast en vorum í raun og veru að kyssast. Um kvöldið og nóttina þegar allir aðrir voru sofnaðir sváfum við svo saman.“

Sjöfn veður í skýjum þegar hún kemur aftur til Reykjavíkur.

Loksins brosir lífið við henni. „Þegar hún var væntanleg til Reykjavíkur keypti ég hatt og nýja kápu. Daginn sem hún kom var ég stódd í húsi á Laugavegi 74 og beið þess uppabúin og spennt að hún kæmi að hitta mig. Ég fann strax að eitthvað var öðruvísi en það átti að vera. Hún var í fylgd með kærastanum og sagði að hún vildi kynna mig fyrir honum. Þegar hún sá hvað mér var brugðið tók hún mig á eintal og sagði að henni þætti þetta leiðinlegt. Auðvitað þætti henni líka vænt um mig. En hún sagði líka, „Það er ekki hægt að vera svona eins og þú.““

Sjöfn kvaddi fyrstu ástina sína fremur þurrlega en dýrnar höfðu ekki fyrr lokast á eftir henni en hún kastaði sér á legubekk og hágrét.

„Þegar ég stóð upp aftur, öll útgrátin og kápan mín krumpuð og hatturinn skakkur á höfðinu, þrýsti ég nefinu að rúðunni sem sneri út að Laugaveginum. Í því kom ástfangið þar og hélst í hendur þar sem það gekk niður götuna. Og ég man ég andvarpaði: „Afhverju get ég ekki bara verið eins og allir hinir.““

### //Í meðferð við ástinni

Eftir þessa reynslu jók Sjöfn drykkjuna og skemmtalífið, þjáðist af rötleysi og almennu tilgangssleysi og þrátt fyrir að það væri aldrei rætt berum orðum í fjölskyldu hennar, hvað gerði hana utanveltu, þá var hún það bara. Og hún fór einförum.

„Ég leigði mér herbergi ein í bænum og hafði lítil samskipti við systkini mín. Eitt kvöldið var ég þó mjög langt niðri af þunglyndi og búin að drekka. Þá fór ég til systur minnar sem bjó ein og

reyndi að tala við hana um líðan mína. Ég reyndi að útskýra fyrir henni tilfinningar mínar til annarra stelpna og henni var allmikið brugðið. Hún reyndi þó að hugga mig og sagði að við yrðum að tala um þetta við lækni. Daginn eftir stormuðum við til lækni sem hét Niels Dungal og hann skrifaði upp á einhverjar pillur sem mig minnir að hafi átt að vera kvenhormónar. Það læknaði ekki tilfinningar mínar. En hinsvegar gerði það mér gott að hafa talað við systur mína og hún setti mér þá reglu að ég kæmi til hennar á kvöldin, borðaði og væri í reglulegu sambandi og það bjargaði líðan minni á þessum tíma.“

Laugavegur séður frá Grettisgötu um 1930





Sjöfn þriggja ára með mómmu sinni



En Sjöfn. Hvað vilt þú segja við aðrar lesbíur og homma í svona afmælisriti?

„Hvað áttu við?“

Hvað er mikilvægast að við fáum að vita?

„Mig langar að þið skiljið, hvað þetta var erfitt. Þetta var oft gaman en líka alveg djöfullegt.“

Hvað þá?

„Að vera lesbía, hérna áður fyrr. Í gamla daga.“

Sérðu eftir einhverju?

„Nei, og ekki nema síður væri. Ég held að það sé allra mikilvægast af öllu að fólk komi hreint fram með tilfinningar sínar. Það er aldrei nægilega vel brýnt fyrir fólk.“

Varstu einmana?

„Ég átti alltaf nógan sjens góða mín. Þú skalt athuga það.“

Og nú kemur læknir inn á sjúkrastofuna með hlustunarpípu og vill tala við Sjöfn.

Hún er líka orðin þreytt og við slítum talinu.

Dyrnar á stofunni lokast fyrir aftan mig og fyrir innan er lifandi brot af þeirri

Íslandssögu sem aldrei hefur verið sögð en segir afar mikið um þær breytingar frá því fyrir og eftir að Samtökin '78 voru stofnuð. Það er okkur öllum hollt að muna

að þótt þetta gæti verið gaman hér áður fyrr, þá var það líka stundum djöfullegt og síðast en ekki síst, mikilvægt.

## //Amma og langamma

Á árunum milli tvítugs og þrítugs eignaðist Sjöfn þrjú börn, tvo stráka og eina stelpu. Hún átti ekki í neinum samböndum við feður barnanna og missti forræði yfir drengjunum tveimur. Hún hefur þó haldið sambandi við þá alla ævi. Stúlkuna sína ól hún upp og er orðin amma og langamma í dag. Hún átti í samböndum við margar konur, þó voru aðeins tvö ástarsambönd sem hægt var að telja í mörgum árum. Hún kynntist öðrum konum sem svipað var ástatt um en alls staðar var feluleikurinn allsráðandi og lífsbaráttan fremur hörð. Sjöfn var ein af örfáum, ef ekki eina konan sem var raunverulega þekkt sem lesbía í Reykjavík um áratuga skeið. Hún segir, ekki laus við beiskju, frá atviki á Naustinu á sjötta áratugnum sem var síður en svo einsdæmi.

„Ég kom þarna með vinkonum mínum og við settumst við borð og pöntuðum okkur drykki eins og aðrir. Ég verð vör við eina frú sem er alltaf að gefa mér auga. Allt í einu stendur hún upp og segir við fólkið sem var með henni og passaði að hafa það hátt og snjallt svo allir heyrðu. „Við skulum koma hédan. Mér geðjast ekki að þurfa að sitja á opinberum stað með kynvillingum.““

## //Sér ekki eftir neinu

Með seinni sambýliskonu sinni ferðaðist Sjöfn reglulega um landið og seldi Heimilisblaðið í mörg ár. Hún hélt áfram að syngja þótt ekki væri það opinberlega. Hörður Torfason hitti hana á Hótel Borg um 1970 og þá söng hún fyrir hann á ógleymanlegan hátt Oí' Man River með sinni djúpu og seiðandi rödd. Seinna varð hún fyrsta konan til að koma á vettvang Samtakanna '78, eftir að þau voru stofnuð. Hún dró sig þó fljótlega í hlé og tók ekki þátt í starfinu. „Þetta voru allt saman karlar og svo voru þeir alltaf að hringja,“ segir hún. „Það endaði með því að ég varð að biðja þá að hætta þessu.“

Sjöfn á fertugsaldri með dóttur sína unga



Eyjólfur segist vera venjulegur strákur  
sem hafi fengið athygli út á kynhneigðina.



# YNGSTI HOMMINN

Með pabba í Samtökin '78

Eftir Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur

Mynd: Bára Kristinsdóttir

Hann er yngsti hominn sem hefur talað opinberlega um kynhneigð sína. Hann fór í viðtal í Kastljósi Sjónvarpsins ásamt pabba sínum. Þá var hann búinn að segja öllum í fjölskyldunni frá því að hann væri hommi og tala um það við krakkana í bekknum sínum. Það var pabbi hans sem fylgdi honum á fund hjá ungliðahópi Samtakanna '78. „Ofurpabbinn“ er hann kallaður. En lífið hefur ekki bara verið dans á rósum hjá Eyjólfu, þótt hann sé ungur að árum. Hann segist ekki vera neinn ofurhómi.

Eyjólfur segist ekki eiga kærasta. „En ég hef verið skotinn í strák. Hann veit það ekki. En hann er ástæðan fyrir því að ég horfðist í augu við að ég er hommi. Þegar ég varð skotinn í honum þá kom síðasta púslíð í púsluspilið mitt. Hin púslin eru atvik úr fortíðinni sem hafa sýnt mér að ég er ekki eins og aðrir strákar.“

En hvernig á draumaprinsinn þinn að vera?

„Hann á að vera góður vinur. Og sætur. Útlitið skiptir máli þótt það sé ekki aðalatriðið. Hann á að vera hærri og sterkari en ég. Ég vil að hann sé sá karlmannlegi í sambandinu. Svo vil ég ekki að hann sé saklaus. Ég hef verið saklaus allt mitt líf og gæti þegið smá tilbreytingu,“ bætir hann við hlæjandi.

### //Krakkarnir ráku upp stór augu

Þú leitaðir til Pabba þíns?

„Það komu krakkar í ungliðahópi Samtakanna '78 í skólann til að tala við okkur. Ég talaði um þetta við pabba og spurði síðan hvort hann væri til í keyra mig á fund til þeirra. Hann sagði bara, já auðvitað og svo fylgdi hann mér alla leið inn á fundinn. Krakkarnir ráku upp stór augu þegar þau sáu hann. Kölluðu hann ofurpabbann. Ég var svolítið sjokkeraður að heyra þetta og skildi það nú ekki fyrst en svo heyrði ég að yfirleitt eru mömmur skilningsríkari.“

Samtökin '78 héldu málþing nýlega í Þjóðminjasafninu þar sem Eyjólfur var ásamt pabba sínum. Í kjölfarið tóku báðar sjónvarpsstöðvarnar við hann fréttaviðtöl og feðgunum var boðið í Kastljósið.

„Ég vildi gera það ef það gæti hjálpað öðrum að skilja að það vekur ekki alltaf neikvæð viðbrögð að trúá foreldrum sínum fyrir tilfinningum sínum. Ég var óöruggur fyrir viðtalið, spennur og stressaður en síðan var það allt í lagi. Þegar ég byrjaði að tala róaðist ég. Eftir á fékk ég fullt af sms skilaboðum með stuðningsyfirlýsingum og það var gott. Það voru engin neikvæð viðbrögð nema eitt lesendabréf í Morgunblaðinu þar sem kom fram að Samtökin '78 væru kynlífssamtök sem hefðu beitt mig kynferðislegu ofbeldi með því að láta mig tala um þetta opinberlega. Við hlógum mikið að þessari grein í ungliðahópnum. Mér finnst Samtökin '78 hafa hjálpað mér. Það er gott að finna að maður er ekki einn með þessar tilfinningar.“

### //Ofsalega góður pabbi

Er pabbi þinn ofurpabbi?

„Hann er allavega ofsalega góður pabbi. Eiginlega opnasta manneskja sem ég þekki. Hann gæti ekki verið opnari þótt hann væri hippí. Hann vinnur mjög mikið, alltaf til sjö á kvöldin. Stundum er hann strangur en hann skammar okkur bræðurna aldrei mjög mikið. Bara svolítið þegar hann er mjög pirraður og við erum latir og óþekkir.“

En sagðirðu mömmu þinni frá þessu?

„Pabbi sagði henni það fyrst og síðan ég. Hún sagðist alltaf hafa vitað þetta þar sem ég væri öðruvísi en allir aðrir strákar. Hún varð bara glöð en sagði mér að sleppa því að segja ömmu minni frá þessu, hún væri af gamla skólanum. Pabbi sagði að það væri bara bull ég mætti vel segja henni frá því og öllum sem ég vildi.“ Eyjólfur tók þátt í Gay Pride fyrir einu og hálfu ári. „Eftir það þurfti ég að koma úr felum í bekknum mínum. Það höfðu einhverjir gaurar séð mig og hin hefðu hvort eð er þekkt mig af myndunum.“

Hvernig tóku krakkarnir þessu?

„Bara vel. Ég held að þeim finnst þetta spennandi.“

Ertu mikið með krökkunum í ungliðahópnum?

„Stundum. Fyrst var ég mjög mikið. En ég fer sjaldnar núna. Ég er líka að vinna með skólanum og hef bara mikið að gera.“

Þú ert semsagt ekki neinn ofurhómi?

„Nei, ætli það. Ég er bara venjulegur strákur sem hefur fengið athygli út á að vera skotinn í öðrum strákum.“

### //Engir sveitalubbar

Eyjólfur er alinn upp á Patreksfirði til þrettán ára aldurs.

„Patreksfjörður er dálítið einangraður en mjög fallegur staður,“ segir hann þegar hann hugsar til baka. „Það eru bara tveir vegir frá Patreksfirði, annar liggur til Tálknafjarðar og hinn í átt til Reykjavíkur,“ bætir hann við og hlær. „Fjöllin umlykja þorpið og á veturna er erfitt að komast burt. Við vorum samt engir sveitalubbar. Við kölluðum fólkíð fyrir utan þorpið sveitalubba.“

Pabbi og mamma Eyjólfss skildu þegar hann var fjögurra ára en hún flutti til Írlands með yngri systur Eyjólfss. Bróðir hans, sem er ári yngri, og Eyjólfur urðu eftir hjá föðurnum á Patreksfirði.

„Ég man ekkert eftir því þegar hún fór. Ég var svo lítill. En mér finnst eins og það hljóti að hafa verið mjög leiðinlegt. Það var erfitt hvað það leið stundum langur tími án þess að ég sæi mömmu. Einu sinni liðu fjögur ár.“

Þegar Eyjólfur var átta ára fór pabbi hans að búa með annarri konu. Þá eignaðist hann tvær stjúpsystur og fljótlega eina hálf systur. Hann á svo aðra hálf systur á Írlandi.

„Ég lék mér meira við stelpur en stráka á Patreksfirði. Það er auðveldara að tala við stelpur. Mér finnst leiðinlegt að tala stanslaust um mótorhjól. En ég átti líka stráka að vinum. Sérstaklega þegar ég var yngri. Þegar ég varð svona ellefu ára hætti ég eiginlega alveg að vera með strákum. Ég reyndi að vera í íþróttum, til dæmis í körfubolta. En þar var ég lagður í einelti. Ég var bæði lítill og kvenlegur. Svo æfði ég fótbolta í smá tíma með vinkonu minni.“

### //Ekki bara venjulegur strákur.

Eyjólfur segist þó ekki bara vera venjulegur strákur. Hann hafi lent í ýmsu. Sumu skelfilegu.

„Ég átti þrjár mjög góðar vinkonur á Patreksfirði. Þú hefur kannski lesið um hræðilegt slys á Patreksfirði fyrir nokkrum árum í blöðunum? Það var um krakka sem voru að leika sér með sippuband.“

Nei, segðu mér frá því.

„Þetta var bara venjulegur dagur. Við vorum í skólanum og ég ætlaði að leika við tvær bestu vinkonur mínar eftir skóla. Önnur þurfti að læra og gat ekki komið strax. Ég fór heim með hinni,



en hún var frekar mikill villingur, svolítill ævintýrastelpan. Við erum að leika með sippuband þegar hún segir mér að snúa mér við og halda fyrir augum. Hún ætli að sýna mér töfrabrogð. Mér fannst ég bara líta undan stutta stund en þegar ég tók hendurnar frá augunum þá hékk hún í bandinu. Ég reyndi að halda um fæturnar á henni en hún var of þung. Ég man að systir hennar kom og reyndi að leysa hana og við hjálpuðumst að en gátum það ekki. Mamma hennar kom að okkur og reyndi að blása í hana lífi en hún var dáin. Þetta gerðist á föstudegi og um helgina þá fréttu þetta allir. Í skólanum á mánudegi var sorgarstund og allir þögðu. Einn grét. Ég grét bara þegar ég kom heim.“

Þér hefur liðið mjög illa?

„Já, og eftir að þetta gerðist byrjuðu nokkrir eldri strákar að segja að hún hefði gert þetta viljandi og að ég hefði hjálpað henni. Mér fannst það mjög erfitt. Þá kom einn strákur til mín, sem hafði bara verið kunningi minn, og sagði að þetta væri ekki mér að kenna. Ég hefði aldrei getað hjálpað henni af því ég væri of lítill og veikburða. Þessi strákur var eiginlega orðinn besti vinur minn þegar ég flutti frá Patreksfirði.“

Eyjólfur líður vel í Kópavogi en hann segist sakna náttúrunnar.

„Það er of mikið af húsum í Kópavogi en útsýnið úr blokkinni okkar er fallett. Ég sakna þess samt að hafa sjóinn ekki nálægt mér eins og á Patreksfirði. Mér líður samt best þegar ég er umkringdur háum trjám á Írlandi. Það er svo fallett.“

#### //Eini homminn í skólanum

Pabbi hans er skilinn öðru sinni og Eyjólfur býr núna með honum og yngri bróður sínum í hárrí blokk í Kópavogi. Hann segist halda góðu sambandi við stjúp móður sína og systur sem komi til þeirra feðga um helgar. Hann afgreiðir á kassa í Bónus þegar hann er ekki í skólanum. „Ég bara sit endalaust í stól og hreyfi hendurnar svona vélrænt,“ segir hann og hlær. „Fyrst fannst mér gaman. En þetta er svo einhæft að núna reyni ég bara að vera annars staðar í huganum.“

Robin, yngri bróðir Eyjólfur er einhverfur

„Hann er enginn venjulegur bróðir. Þegar við vorum litlir vorum við mjög nánir. Við skildum hvorn annan þótt hann gæti ekki talað. Núna getur hann skilið einfaldar setningar en við höfum frekar fjarlægst hvor annan. Það er samt ekkert erfitt að passa hann. Hann situr bara og tætir eitthvað niður. Ég sé systur mína á Írlandi sjaldan, en mér finnst við vera nánari. Við erum oftast góð við hvort annað en stundum rífumst við eins og hundur og köttur.“ Eyjólfur hefur eignast marga vini í Kópavogi og Reykjavík en hann eyðir líka miklum tíma í tölvunni. „Það getur verið að ég fari til Írlands til að búa hjá mömmu í smátíma en það hefur nú ekkert verið alveg ákveðið. Hún er mjög skemmtileg og hún dekrar rosalega mikið við mig.“

Hann segist enn sem komið er vera eini homminn í skólanum. Hann viti allavega ekki um fleiri. En það hafi ekki skapað nein vandamál. Hann hafi eignast bæði vini og vinkonur og svo sé hann líka mikið í tölvunni. Þá hefur hann áhuga á bókum og hestum.

„Ég les aðallega ævintýrabækur eins og Artemis Fowl, þá finnst mér Dan Brown líka skemmtilegur höfundur. Svo er fjölskylda mömmu með hesta á Írlandi og mér finnst mjög gaman að fara á hestbak þegar ég er þar.“

En hvað langar þig að gera þegar þú verður stór?

„Ég ætla að verða sálfræðingur. Ég get kannski ekki leyst öll heimsins vandamál en ég er góður hlustandi. Mér finnst athyglisvert hvernig fólk hugsar og heilinn virkar. Kannski langar mig líka til að hjálpa krökkum sem eru í sömu sporum og ég í dag.“



Ljósmynd fengin hjá Mbl

Eyjólfur er yngsti hominn sem hefur rætt opinberlega um samkyndhneigð sína en hann kom fram í sjónvarpi fjórtán ára ásamt föður sínum.







# ÚR GRASRÓT Á GRÍÐASTAÐ

Eftir Veturliða Guðnason

Ef hominn er skilgetið afkvæmi kvenréttindakonunnar voru fyrstu almenn samtök samkynhneigðra á eigin forsendum afsprengi hippabyltingarinnar. Leysingin í þjóðfélagsmálum austan hafs og vestan um og upp úr 1970 barst til Íslands með nokkurri seinkun eins og önnur erlend menningaráhrif og um miðjan áratuginn þótti homnum í Reykjavík kominn tími til að hrista af sér slenið og gera eitthvað í eigin málum.

Árið 1976 mynduðu hommar í Reykjavík með sér félagsskap sem nú mundu víst kallast grasrótarsamtök samkynhneigðra. Tveimur árum síðar voru Samtökin '78 stofnuð á þeim grunni og næstum áratug síðar kom beint framhald: MSC Ísland.

Tíðarandinn var sá að fólk ætti að fá að ráða sér sjálf og allt gamla kerfið þótti ónýtt og að engu hafandi. Því þótti réttast að byrja á að fá menn saman til að orða óskir sínar og skoðanir og vita hvað menn vildu gera. Um hverja helgi hittist hópur homma á Hótel Borg og brunaði í partí eftir ball og þessum hópi var einfaldlega stefnt saman á sunnudagseftirmiðdegi til skrafs og ráðagerða og upp úr því voru stofnuð samtök sem störfuðu í næstum tvö ár.

Í skjalasafni hafa varðveist nokkur blöð frá þessum

árum, þar á meðal fréttatilkynning með gullnum bréfhaus frá vori eða sumri 1976 sem send var til allra dagblaða í Reykjavík og hljóðar svo:

„Fyrir nokkru voru stofnuð í Reykjavík samtök er nefnast Iceland Hospitality. Að samtökunum standa um 30 manns, flestir milli tvítugs og þrítugs, sem telja svonefnda “kynvillu” hvorki sjúkdóm né siðspillt athæfi heldur einn þát mannlegs eðlis, sem hvorki sé gerlegt né endilega æskilegt að bæla niður. Megintilgangur samtakanna er að efla samskipti þeirra, sem eru sama sinnis og vinna gegn fordómum og fáfræði um þessi mál. Utanáskrift samtakanna er: Iceland Hospitality, pósthólf 4166, Reykjavík.”

//Leið framhjá útskýfun

Ekkert dagblað birti stafkrók um þetta framtak fyrr en 5. desember 1977. Þá kom stríðsfyrirsögn á forsiðu Mánudagsblaðsins: - „Iceland Hospitality” starfar af fullum krafti: Margdæmdir öfluguggar ganga lausir og leggjast á



börn. Síðan kom greinarstúfur í sama stíl sem kom þessum samtökum nákvæmlega ekkert við. Mánudagsblaðið var að vísu frumherji í sorpblaðamennsku en þessi fréttatflutningur sýnir vel hvernig andrúmsloftið í samfélaginu var á þessum árum.

Nafnið Iceland Hospitality eða Íslensk gestrisni kom þannig til að einn félaganna var í sambandi við Bandaríkjamann sem gaf út vegvísi um gay staði og félög og sá benti á að í Ísrael hefðu menn fundið leið fram hjá útskúfuninni með því að stofna Israel Hospitality, félag sem veitti erlendum gestum leiðsögn og hjálp og jafnvel gistingu. Það var tekið upp hér svo samtökin væru þó hluti af einhverri hefð og auðskilið væri hvers konar félagsskapur þetta væri.

### //Á eigin forsendum

Vert er að vekja athygli á að tilgangur nýstofnaðra samtaka er sagður vera „að efla samskipti þeirra, sem eru sama sinnis og vinna gegn fordómum og fáfræði“ en ekkert er minnst á réttindabaráttu. Það er engin tilviljun heldur var andinn í samtökum sá að vekja íslenska homma til vitundar um eigin þarfir og byggja starfið á grundvallarlýðræði. Allir áttu að koma skoðunum sínum á framfæri, allir áttu að geta bent á hvar skórin kreppti og hvað væri vænlegt til úrbóta. Þessir allir voru þeir sem höfðu gert sér grein fyrir að þeir væru gay og ætluðu ekki að láta telja sér trú um annað. Það hét svo seinna að koma úr skápnum og heitir það enn. Réttarbætur í glötuðu kerfi voru ekki á dagskrá heldur hvorki meira né minna en vitundarvakning, breytt sjálfmynd og breytt þjóðfélag, það má minna á að áhrif '68-kynslóðarinnar svokölluðu eru mikil og margvísleg og má segja að mörg markmið hafi náðst, bara á miklu lengri tíma en síðhætt fólk í geitaskinnspelsum, með slæður og skartgrip, bæði kynin, sá fyrir.

Orð eins og sjálfmynd og samkynhneigð voru þá ekki til í íslensku en á nútímamáli mætti segja að markmið Iceland Hospitality hafi fyrst og síðast miðast við að samkynhneigðir byggðu upp heilbrigða sjálfmynd og starf samtakanna hafi miðast við samkynhneigð gildi, ekki gagnkynhneigð.

### //Leitað að lesbíum

Veturinn 1976-77 hittust menn nokkuð reglulega, gjarna á fimmtudagskvöldum þegar

ekki var sjónvarp. Menn þurftu að ræða margt og meðal annars var hafin skipuleg leit að lesbíum; fréttir fengust af einni í Hafnarfirði en annars reyndust þær ekki vera til. Starfið fólst þó fyrst og fremst í því að láta umheiminn vita að hér væri til gay fólk. Varðveist hefur fréttatilkynning á ensku sem send var gay blöðum og félögum um víða veröld. Þar segir meðal annars: „Iceland Hospitality is an informal group of about 30 persons. Our intentions are to improve the gay scene in Iceland and assist foreign gay visitors.... There is no active gay scene in Iceland, no predominantly gay bars or other meeting places, but what scene there is, is mostly restricted to private parties and going in groups to straight discotheques. The most frequented place is named “SESAR” and it is partly gay during weekends... ” Þetta gæti staðið stafrétt í tölvupósti frá MSC Ísland aldarþriðjungi síðar, nema að nú er til gay sena í landinu. Í stað þess fornfræga Sesars, seinna Hollywood, kæmi Q-in og Black en markmiðin eru nákvæmlega þau sömu, bæta félagslífið og vera erlendum gestum innan handar.

Þó nokkur viðbrögð urðu við þessu erlendis og vegvísirinn Spartacus birti nafn og pósthólf Iceland Hospitality í útgáfunni 1978. Einnig var þó nokkuð um að ferðamenn hefðu samband; þeir voru kynntir fyrir fólk og lentu beint í hringiðu partía og skemmtana í bænum. Gay blaðaútgáfa var þá á byrjunarstigi, jafnt í Evrópu sem Ameríku, en gestir komu fréttunum áfram og meðal annars kom hingað maður frá Ástralíu sem skrifaði síðan grein um Ísland í ástralskt blað og þótti merkilegt.

### //Landflótti

Á áttunda áratugnum fluttust margir samkynhneigðir af landi brott og til þess lágu sjálfsagt margar ástæður. Ein var ábyggilega sú að í nágrannalöndunum hafði þó nokkuð miðað í frjálsræðisátt en íslenskt samfélag var töluvert eftir á og munurinn á því að lifa sem gay hér og erlendis var orðinn mjög áberandi. Það er þó ekki svo að skilja að hér hafi sérstaklega verið traðkað á réttindum samkynhneigðra heldur ríkti hér enn haftastefnan frá kreppu- og stríðsárunum því þeir sem höfðu hag af henni héldu í hana með kjafti og klóm. Óðaverðbólga gerði illmögulegt að búa hérna og allt samfélagið var einhvern veginn stírt og steinrunnið og það tók ekki að þiðna í menningarlegum og

félagslegum eignum fyrr en eftir 1980. Menn minnst ólíkra hluta frá 8. áratugnum; sumum finnst sjáfsagt merkilegt að 1976 var árið sem Maó formaður dó og öðrum að það var árið sem Ísland vann þorskastríðið við Breta en tískunnar um miðjan áttunda tuginn verður líklega fyrst og fremst minnst fyrir geysistór gleraugu, jafnt sólgleraugu sem önnur. Venjuleg gleraugu voru gjarna örflítið skyggð svo alls konar fólk, fullorðnar og virðulegar manneskjur, voru með þessa hlemma fyrir augunum. Kannski var það á einhvern hátt táknrænt og þess vegna svona ótrúlega vinsælt.

### //Gagnkynhneigð gildi

Í ársbyrjun 1978 fluttust svo helstu frumkvöðlar og drifjaðir í Iceland Hospitality til útlanda. Þeir afhentu þekktum forvígismanni gay hreyfingarinnar öll skjalagögn félagsins og lykilinn að pósthólfi þess og seldu honum sjálfðæmi um hvað gert yrði við þetta. Hann kallaði svo saman fólk og stofnaði Samtökin '78 um vorið. Hvað varð af skjalagögnunum er ekki vitað.

Það er svo mikill athygli vert að Samtökin '78 byggðust á allt annarri hugmyndafræði en Iceland Hospitality. Í stað grundvallarlýðræðislegra aðferða tóku menn einfaldlega lög dönsku samtakanna Forbundet af 1948, þýddu þau á íslensku og fengu þau samþykkt. Það voru sem sagt félagslög frá fyrria helmingi síðustu aldar, byggð á hugmyndagrundvelli sem rekja má langt aftur og jafnvel alla leið til upplýsingarmanna 18. aldar. Menntaðir yfirstéttarmenn skyldu fræða og upplýsa alþýðuna, kenni henni góð vinnubrögð og góða siði og hollustu við guð, kóng og föðurland. Þá yrði allt gott.

Í stað þess að vekja almenna félaga til vitundar, hlusta hver á annan og skapa samvinnuettvang þar sem allir nyttu virðingar og gætu komið sjónarmiðum sínum á framfæri, var stofnaður vinnuhópur sjálfskipaðra umbótasinna sem ákvað einn hvar skórin kreppti, hvað þyrfti að gera og hverja þyrfti að upplýsa. Skemmst er frá því að segja að starf Samtakanna '78 miðaðist fyrstu árin algjörlega við gagnkynhneigð gildi; markmiðið var að upplýsa gagnkynhneigða um aðstæður samkynhneigðra og heimta réttindi þeim til handa svo þeir gætu aðlagast gagnkynhneigðu samfélagi.



# ICELAND HOSPITALITY

---

POST BOX 4166  
124 REYKJAVÍK 4  
ICELAND.

## FRÉTTATILKYNNING


Fyrir nokkru voru stofnuð í Reykjavík samtök er nefnast Iceland Hospitality. Að samtökunum standa um 30 manns, flestir milli tvítugs og þrítugs, sem telja svonefnda "kynvillu" hvorki sjúkdóm né siðspillt athefi heldur einn þátt mannlegs eðlis, sem hvorki sé gerlegt né endilega eskilegt að bæla niður.

Megintilgangur samtakanna er að efla samskipti þeirra, sem eru sama sinnis og vinna gegn fordómum og fáfræði um þessi mál.

Utanáskrift samtakanna er: Iceland Hospitality, pósthólf 4166, Reykjavík.



Auðvitað er lýðræði ekki skilvirkasta  
stjórnarform sem til er en í því felst þó  
frjómagn og sköpunarkraftur  
sem önnur form hafa síður.  
Skilvirkasta stjórnarform sem  
um getur er hins vegar upplýst  
einræði og það ríkti óhindrað í  
Samtökunum '78 í mörg ár. Starfið  
fólst aðallega í að skrifa fræðigreinar  
í blöð um sjúkdóminn hómófóbíu  
og halda umræðufundi, gjarna í  
safnaðarheimilum þjóðkirkjunnar;  
að sögn til að „kortleggja  
andstöðuna” en kannski vildu menn bara  
ekki fá óupplýstan hommaskríl inn á sig.



Guðmundur Sveinbjörnsson einn stofnenda  
Iceland Hospitality og Samtakanna '78.



Veturliði Guðnason



Böðvar Björnsson

þjóðfélagsins, sem ættu  
sér engan málsvara  
nema Samtökin. Frá  
þeirra sjónarmiði gekk það  
drottinsvikum næst að þessir  
aumingjar héldu skemmtun  
á eigin forsendum og leyfðu sér síðan  
blygðunarlaust að segja frá því opinberlega.

### //Hneykslaðir á Samtökunum '78

Eftir 1980 fór að rofa til í íslensku samfélagi  
og smám saman fóru landflótta hommar að  
tínast aftur heim. Þannig vildi til að þeir sem  
höfðu haft hvað mestan áhuga á starfi Iceland  
Hospitality fluttust flestir aftur heim um sama  
leyti haustið 1981. Þá varð ljóst að fylgi  
Samtakanna '78 hafði rýrnað niður í nánast  
ekki neitt og þau voru varla mikið meira en  
blöð í skrifborðsskúffu. Í næstum fjögur ár frá  
stofnun þeirra hafði ekki verið haldin ein einasta  
samkoma eða skemmtun þar sem menn gætu  
hist og talað saman án þess að sitja undir  
einstrengingslegum fundarsköpum. Reyndar  
hefur lagahyggjan og fundarskapaástríðan  
loðað við Samtökin '78 fram á þennan dag.

Menn sem höfðu búið og tekið þátt í gaylífinu  
í borgum á borð við Kaupmannahöfn,  
Amsterdam, London og San Francisco voru  
einfaldlega hneykslaðir á Samtökunum;  
á sofandahætti félaganna og durts hætti  
forsvarsmanna þeirra við gay almenning. Eftir  
miklar víðræður og fundahöld fékkst þó loks  
leyfi stjórnarinnar til að efla til skemmtunar í  
nafni Samtakanna og fyrsta gay ballið á Ísland  
var haldið milli jóla og nýárs 1981. Það var  
glæsilegt og vel sótt og menn skemmtu sér  
hið besta. Upp úr sauð þó þegar tímarit birti  
grein um gay hreyfinguna á Íslandi og ballið og  
birti myndir með. Enginn þeirra sem sáust á  
myndunum kvartaði þó einu orði og greinin var  
hin vinsamlegasta í alla staði en forystumenn  
Samtakanna ærðust. Þeir höfðu lagt hart  
að sér við að ávinna sér traust og virðingu  
málsmetandi gagnkynhneigðs fólks og koma  
því í skilning um að hommar og lesbíur væru  
kúgaður minnihlutahópur, vansæl olnbogabörn

### //MSC Ísland


Upp úr þessu höfst  
áralangt þras  
en hægt og  
rólega færðist dálítið  
líf í Samtökin og í stjórnina  
völdust nýir menn sem höfðu  
skilning á félagsþörf og félagsþrá fólks. Þegar  
leið á níunda áratuginn kom líka upp óþekktur  
sjúkdómur og menn höfðu um nóg annað að  
hugsa en þrætur og þras um innanfélagsmál.  
Eftir sem áður var þó alltaf greinileg togstreita  
milli hópa þangað til þeir sem stóðu á sínum  
tíma fyrir Iceland Hospitality tóku sig til í  
maí 1985 og stofnuðu sitt eigið félag á jafn  
lýðræðislegum forsendum og það var.



Stofnendurnir voru sammála um að  
skemmtilegustu gay staðirnir sem þeir  
þekktu væru leðurbarirnir og það vantaði  
algjörlega þann þátt gaylífsins á Íslandi.  
Því skyldum við ekki hafa leðurklúbb  
hér? Jafnframt mætti öllum þá vera ljóst  
að nýja félagið væri ekki klofningur úr  
Samtökunum og ekki í neinni samkeppni  
við þau sem forsvari samkynhneigðra. Hins  
vegar fengist þá loksins vettvangur til að  
halda uppi siðmenntuðu samkvæmislífi á  
gay forsendum. Þetta reyndist heillaråd;  
félagar í MSC hafa verið og eru langflestir  
líka félagar í Samtökunum og samvinna  
félaganna er með mestu ágætum.

MSC Ísland hefur haldið uppi félagslífi fyrir

gay karlmenn í rúma tvo áratugi  
og er virkur þátttakandi í alþjóðasamstarfi  
sams konar klúbba í tveimur bandalögum,  
Evrópusambandi og Norðurlandasambandi. Í  
tíu ár hefur klúbburinn haft eigin samkomustað  
þar sem allt starf er unnið í sjálfboðavinnu.  
Tengslin við gömlu grasrótarsamtökin,  
Iceland Hospitality, hafa alltaf verið augljós  
en þó varð sumum dálítið um kaflafyrirsögn  
í grein skeleggs blaðamanns í Grapevine í  
fyrirasumar þar sem fjallað var um gay lífið  
í Reykjavík. Blaðið er gefið út á ensku og  
fyrirsögnin sem hann valdi fyrir umfjöllunina  
um MSC Ísland var: A Refuge for Former  
Sexual-political Refugees eða Griðastaður  
fyrir fyrrverandi sexúal-pólítíska flóttamenn.



ÞÓRÓLFUR OG SIGURPÁLL  
VORU Á HOMMASKYTTERÍI Í ÖSKJUHÍB  
ÞEGAR MÁLIN TÓKU ÖVENTA STEFNU....





Myndir: Sóla

# Frosti Jónsson formaður Samtakanna '78 var: **EINI HOMMINN Í KLAUSTRINU**

Eftir Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur

„Samtökin '78 standa fyrir sýnileika,“ segir Frosti Jónsson 35 ára hommi í Reykjavík og formaður Samtakanna '78. „Það verður alltaf þörf fyrir samtökin í samfélaginu. Þau vinna gegn fordómum og ranghugmyndum um samkynhneigð sem því miður eru enn til staðar í samfélaginu. Samtökin '78 eru líka og verða félagslegur vettvangur. Það er mikilvægt fyrir alla að tilheyra samfélagi jafningja og deila sameiginlegri reynslu. Síðast en ekki síst eiga Samtökin '78 að styðja við bakið á hinsegin fólki í öðrum löndum sem í dag glímir við sömu fordóma og við gerðum fyrir þrjátíu árum.“

Sjálfur segist Frosti hafa alist upp við að samkynhneigð væri eðlilegur þáttur af mannlegu eðli. „Ég er alinn upp á fordómalausum heimili á Kirkjubæjarklaustri, þar sem pabbi minn var skólastjóri og mamma var kennari. Uppeldisbróðir mómmu var hommi og það var ekki tabú á mínu heimili. Ég man að hann dvaldi einu sinni hjá okkur um jól þegar ég var lítill polli ásamt kærastanum sínum. Ég var auðvitað ekki með það á hreinu þá hvað það þýddi að vera hommi og trúlega aldrei heyrta það hugtak þá. Og þó. Þegar mér óx vit skynjaði ég að þessi vinátta var sérstök og engu öðru lík. Ég hef alltaf laðast að strákum en rak mig fljótlega á það að ég var eini homminn í klaustrinu. Þegar ég fór í Menntaskólann á Akureyri tók ekki betra við.“

„Ég hafði alltaf meiri áhuga á strákum og horfðist í augu við það. En ég var þó með stelpum í menntaskóla. Aðallega til að sýnast. Kannski til að prufa mig eitthvað áfram. Það var ekki í boði að

koma út úr skápnunum í menntaskóla á árunum 1988 til 1992. Þar var samkynhneigð einfaldlega ekki til. Ég einsetti mér að klára skólann, flytja svo til Reykjavíkur og stíga skrefið til fulls.“

## //Frelsi með ábyrgð

En það grúfði skuggi yfir tilveru homma á þessum tíma. Alnæmisumræðan var í algleymi.

„Það hafði vissulega áhrif. Það krafðist hugrekks að vera samkynhneigður og alnæmi ógnaði í raun allri tilverunni. Það má þó ekki að gleymast að á þessum tíma þegar samfélag samkynhneigðra er að glíma við þessa miklu krísu fara að berast sterk skilaboð um hvað fylgi því að vera hommi. Ekki bara frelsið til að njóta annarra karlmanna heldur líka ábyrgðina sem það hefur í för með sér. Þungamiðja þessara skilaboða var að menn áttu að taka ábyrgð á sjálfum sér og lífinu. Ekki að varpa þeirri ábyrgð yfir á aðra. Þetta voru mikilvæg skilaboð fyrir homma sem var að stíga sín fyrstu skref út úr skápnunum. Í dag getum við verið stolt af því frumkvæði sem

Samtökin '78 tóku í forvarnarumræðunni og baráttunni við útbreiðslu alnæmis. Það fer sorglega lítið fyrir þessari umræðu nú og ungir hommar gera sér ekki lengur grein fyrir hversu alvarleg alnæmisógnin raunverulega er.“

### //Ekki klisjuhommi

Frosti segir að foreldrar sínir hafi ekki tekið því illa þegar hann sagði þeim að hann væri hommi þótt þau hafi örugglega þurft tíma til að ná áttum. Síður en svo. Og eftir að systir hans tilkynnti þeim að hún væri lesbía segir hann að hlutfall gagnkynhneigðra í fjölskyldunni hafi verið orðið fremur lágt. Foreldrum þeirra komi fátt á óvart úr því sem komið er. „Þegar systir mín var að koma út úr skápnum var landslagið breytt. Hún bjó á Akureyri í nokkur ár og til marks um þær breytingar sem þar höfðu orðið frá því ég var þar þá starfar þar öflugur Norðurlandshópur Samtakanna '78 og hommar og lesbíur eru sýnilegur hluti af bæjarlífinu.“ Megnið af frítíma Frosta fer í að sinna formennskunni fyrir Samtökin '78. Hann á þó annað tímafrekt áhugamál sem er íshokki. „Ég er sjálfsagt ekki dæmigerður hommi, svona eins og klisjan segir að við eigum að vera. Ég er frekar venjulegur og leiðinlegur. Mér líður best úti í náttúrunni, bæði vegna fegurðarinnar en líka af hagnýtum ástæðum þar sem ég er stang- og skotveiðimaður. Ég hef ekki mikinn áhuga á tísku eða skemmtanalífi en æfi íshokki hvenær sem færi gefst með Skautafélagi Reykjavíkur. Mig dreymir reyndar um að stofna íshokkilið fyrir homma. Þannig gæti ég sameinað þessi tvö áhugamál.“

### //Bætt löggjöf kallar á aukna fræðslu

Undanfarin tvö ár hafa Samtökin '78 lagt mesta áherslu á að móta fræðslustarfið og til að fylgja þeirri vinnu höfum við ráðið fræðslustjóra í fullt starf. Katrín Jónsdóttir mannfræðingur og hjúkrunarfræðingur var ráðin í þessu stöðu en hún mun ásamt stjórn og framkvæmdastjóra móta stefnu félagsins í fræðslumálum og hrinda henni í framkvæmd. Við höfum kallað ríki og sveitarfélög til samstarfs og gerðum til að mynda þriggja ára samstarfssamning við Menntasvið Reykjavíkur sem lítur að fræðslu til starfsfólks í grunnskólum borgarinnar. Reynslan annars staðar frá sýnir okkur að bætt löggjöf er ekki nægjanleg ein og sér til að tryggja réttindi samkynhneigðra. Reynsla annarra þjóða sem hafa innleitt framsækna löggjöf kennir okkur að sé fræðslu ábótavant aukist hætta á ofbeldi og hatursglæpum. Þetta tvennt verður alltaf að haldast í hendur. Þá hafa aðstæður á Íslandi gerbreyst og hér býr fjöldi fólks af erlendum uppruna sem margt kemur frá löndum þar sem réttarstaða og félagsleg staða samkynhneigðra er afar óljós. Það á ekki að venjast því umburðarlyndi sem er gagnvart samkynhneigðum á Íslandi í dag og til þessa fólks þurfum við að ná. Breyttar aðstæður kalla á breyttar áherslur og því reynum að beina fræðslunni að ólíkum hópum.

### //Landfræðileg miðja

Frosti starfar hjá Birtingarhúsinu en hann lagði stund á háskólanám bæði í sálfræði og hagvísindum. Hann er í sambúð og búsettur í Sólheimum 30. Það er steinsnar frá blokkinni þar sem Samtökin '78 voru stofnuð fyrir þrjátíu árum. „Það má segja að þetta sé einskona landfræðileg miðja Reykjavíkur og mér skilst að útreikningar skipulagsyfirvalda staðfesti það,“ segir hann og hlær. „Það er í raun ótrúlegt hvað mikið hefur áunnist á þrjátíu árum en við megum heldur ekki gleyma því hvað þetta er í raun stuttur tími. Við þurfum að þekkja sögu okkar til að fagna því hvað við höfum áorkað miklu en líka til að sjá hvað mikið getur breyst á stuttum tíma, til góðs eða ills. Sagan er og verður mikilvægur partur af okkur sjálfum og okkar samtökum. Menn geta reynt að skora hana á hólmen þá er ekki hægt að skilja hana eftir.“





# ÞRJÁTÍU ÁRA STRÍÐIÐ.

Eftir Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur  
Myndir: Bára Kristinsdóttir og fleiri.

Kynvillingur, öfuguggi, kúluvarpari, skuttogari, drottning, aftaníossi, sóðómisti, trukkalessa og píkusleikja. Þetta eru nokkur nöfn sem hin ástkæra ylhýra þjóðtunga hafði valið þeim börnum sínum sem ákváðu að stofna með sér félag um vorið árið 1978. Samtökin 78 voru stofnuð þriðjudaginn níunda maí, af nokkrum karlmönnum fyrir þrjátíu árum. Þau fengu inni í kjallaraherbergi í Garðastræti. Lesbíurnar komu síðar á vettvang, ein og ein týndust þær inni í félagið og saman lögðu karlar og konur hönd á plóginn við að gerbreyta afstöðunni til samkynhneigðar á einungis þrjátíu árum.



Sex manns létu sjá sig í fyrstu skipuð lögðu fjöldamótmælum Samtakanna 78.






fyrir

Hörður Torfason í fyrstu gleðigöngu árið 1993 en 66 tóku þátt.

Lesbiur  
og  
Homma



Herði Torfasyni leiddist að vera eini hominn á Íslandi eftir viðtalið í Samúel árið 1975.



Hörður Torfasyni er óumdeilanlega hvatamaður þess að stofnuð voru samtök lesbía og homma á Íslandi. Í leiklistarnámi hjá Þjóðleikhúsinu um 1970 kynntist hann fyrst samfélagi homma í Reykjavík. Það kom honum þá fyrir sjónir sem neðanjarðarveröld

þar sem giftir eða einhleypir karlmenn sem lifðu kynlífi með öðrum karlmönnum voru í aðalhlutverki. „Það var kallað að vera á línunni, að vera hluti af þessum heimi,“ segir Hörður. „Skírskotun sem bæði mátti rekja til tvíærðni og Landsímans því meðlimirnir voru þekktir fyrir að liggja á línunni og masa hverjir um aðra milli þess sem þeir sleptu sér lausum í einkasamkvæmum eða á Hótel Borg og Háabæ sem voru aðal-skemmtistaðirnir þar sem hommar komu saman. Félagslíf þeirra snerist um brennivín og kynlíf milli þess sem þeir lágu í símanum og gortuðu af afrekum sínum hverjir við annan. Afrekalistarnir flugu á milli og metnaður manna var mikill þegar fréttist af einhverjum nýjum á „línunni.“

Það var mikil áhætta því samfara að þiggja matarboð hjá einhverjum eða sjást með öðrum opinberlega því sannleikurinn var ekki hátt

skrifaður. Allt miðaðist við að hella strákana nógu fulla svo hægt væri að ná þeim í rúmið.“

### //Virðulegir kynvillingar

„Þessir menn voru skemmtilegir, litríkir og meðal þeirra var menning sem ég sakna enn þann dag í dag,“ segir Hörður. „Samræðulist sem einkenndist af tvíærðni og hálfkveðnum vísam. Alltaf voru menn beggja blands í samræðum, allt var gefið í skyn en ekki hægt að hanka menn á neinu. Þetta var mikið leynilíf en þrátt fyrir að þeir væru „Camp“ og „Cockery“ svo maður sletti þá var sjálfsvitundin ekki meiri en svo að ef það hefði verið sagt „hommi“ við þá í dagsbirtu hefðu þeir fólnað og sjálfsgagt liðið yfir þá. Þetta voru virðulegir menn sem stunduðu sína vinnu og áttu sínar rætur í smáborgarlífinu. Þetta var þeirra hliðarspor og þeir töldu sér trú um að enginn vissi um þessa tilveru, því þannig gátu þeir gengið uppréttir. Að sjálfsögðu vissi svo allur bærinn hvernig í pottinn var bóúð. Mig langaði ekki að vera eins og þessir karlar þótt mér þætti þeir stundum skemmtilegir. Þetta voru menn sem kölluðu sig kynvillinga og þeim fannst orðið mjög passandi. Það væri bara gott á þá.“

### //68 hommarinn

„Um og uppúr 1970 fjölgar strákum á mínum aldri sem eru að þreifa fyrir sér sem hommar,“ segir Hörður. „Þeir voru annarrar gerðar. Nýjum tímum fylgdi aukid frjálslyndi og kynlíf var ekki jafn mikið feimnismál. Sjálfur var ég á þessum tíma að útskrifast úr leiklistarskóla, tók mín fyrstu spor á sviði, gaf út plötu og naut athyglinnar sem sætur strákur og þjóðþekkt persóna. Ég fór út til Danmerkur á þessum tíma til að skoða öðruvísi leikhús, pólitísk leikhús en ferðin reyndist þó örlagaríkar á annan hátt. Ég kynntist dönsku samtökunum fyrir lesbíur og homma sem höfðu verið stofnuð árið 1948. Þetta voru engan veginn öflug samtök en mikil

opinberun fyrir ungan mann frá landi þar sem samstaða samkynhneigðra var óhugsandi. Á einu balli sem samtökin héldu dansaði ég við strák. Ég hafði oft dansað við stráka áður. Til að ögra, til að fíflast. En ég hafði aldrei áður meint það. Þarna voru strákar, ekki dúkkulísur - alvöru menn, ekki aumingjar og barnaníðingar eins og almenningssálitíð á Íslandi stimplaði homma.“

### //Óskabarn þjóðarinnar flýr land

Og þrátt fyrir þetta segir Hörður að danskt þjóðfélag hafi ekki verið svo ýkja langt



Viðtalið fræga í Samúel þegar fyrsti íslenski hominn talaði opinberlega um samkynhneigð.



# Mánudagsbladið

Blað fyrir alla

29. árgangur - Mánudagur 1. ágúst 1977 - 10. útgáfa

Hættulegt „frelsi“ — Hryggilegar afleiðingar:

## KYNVILLUFÉLAG LEYFT Á ÍSLANDI

Á árin milli 1920 og 1930 einokk er eftir. Það fram í Þýskalandi fæst flekkar þ.á m. Flokkur fjóræðingja kynvillinga. Jafnvel þá þátt þetta háð- ung. Í dag, þegar að vitnesja veður uppi með yfirráði fjóræðinga þýkur þvillur fjóræðingja ekki sé bóta heldur skjálgaður ávátur þess fjóræðis eins og t.d. „Fjóræðis“ í Afríka, komm- unistarkjunnar o.s.frv. Í yfir „Ástandi“ og fjóru af- litum stöðlu þetta hegtak þessum fjóræðis þar og hefur þegar svo til stöðlegrá samur lögreglar eða gæti þær að einokkverðum útdrá, sem

á veg komið hvað varðaði viðhorf til samkyn- hneigðra. „Langt fram á sjöunda áratuginn voru enn til opinberir starfs- menn í Danmörku sem höfðu það að aðalstarfi að veiða karla á almenningsklósettum sem voru grunaðir um að

fjandsamlegt viðmót fólks við Hörð en þarna var ár liðið frá viðtalinu. Fólk var oft kuldalegt eða hreytti í hann ókvæðisorðum úti á götu, og honum var oft sýndur dónaskapur. Hann tók þessu öllu af miklu hugrekki en ég varð hræddur, enda var ég ungur, ekki nema sautján ára. Ég hef oft hugsað um það síðan, hvað hann var brattur og í raun sér á báti í heimi hommana. Hann ruddi óneitanlega brautina fyrir okkur hina.“

### //Háseta vantar á línu...

Guðni Baldursson, fyrsti formaður Samtakanna '78, segist hafa verið sér meðvitaður um hver hann væri strax á unglingsárunum en hann hafi lítið vitað af neðan- jarðarveröld homma hér. Þegar hann stóð á tvítugu hringdi hann þó í mann sem var þekktur fyrir að vera hommi og spurði hvort hann vildi hitta sig og kynna sig fyrir öðrum hommum. En þótt

hann væri kynntur fyrir hommunum „á línunni“ hafði hann lítil samskipti við þá. Hann sagði foreldrum sínum frá því hver hann væri árið 1974 og segir það hafa tekið þau nokkur ár að sætta sig við það. „Ég var alltof vel lesinn um líf homma til þess að sætta mig við að lifa eins og þessir karlar sem voru flestir giftir, kölluðu hvern annan

vera á höttunum eftir kynlífi.“

Og hann kynntist íslenskum mönnum í Kaupmannahöfn en í þeirra hópi átti hugmyndin um samstöðu homma ekki djúpar rætur. „Menn vildu frekar drekka sig fulla eða reykja sig skakka. Þetta var stimplað sem röfl og átti engan hljómgrunn.“ En þetta markaði upphafið að frægu viðtali í Samúel í ágúst 1975 þar sem fyrsti homminn steig út úr skápnum og ræddi um tilfinningar sínar. Hörður Torfason, óskabarn þjóðarinnar, dægurlagasöngvari og kyntákn, varð svo úthrópaður á eftir að hann neyddist til að flýja land, í kjölfar hótana og hreinna og klárna ofsókna. „Ég var ekki hræddur við að mæta þjóðinni á eftir. Ég var hræddur við þennan eina. Manninn sem hugsanlega kæmi út úr myrkrinu og gerði

Sunnudagur 17. Júlí 1977  
ÞJÓÐVILJENN — SÍDA 9

## VISIR SPYR

í Reykjavík

Hver er afstafa þín til nýstofnaðra samtaka kynvillinga?



Guðrún Gunnarsdóttir, skrifstofustálka: — Hún er nú frekar meðvát. Eg er ekki fylgjandi stofnun þessara samtaka. Múa vegna megra þeir svo sem vel vera að þessu en ég sé enga ástæðu til að láta mikil þess á því. Þú gæt bara endað með því að kynvillu komast í lísku, rétt eins og bílar gallabúur.



Karólína Jónsdóttir, heimilshjálpi: — Áð mínu máli á fólk að vera frjálst að því að stofna með sér slík samtök. Það er ekkert við þessu að gera og engin ástæða til að hlyna því.

TRÉJARANNI... Reykjavík 24 apríl 1970.

Skýrsla undirbúningsfundar, haldinn þriðjudaginn 18 apríl 1970.

Fundarinn var settur kl. 20.30 þó veður seinnaþar þeirra sem höfðu verið þar heima fundarstjórn og ritari af þessu lítið minna sem mátt vera. Þó þóðari dagstíð fyrir.

Fyrsti liðurinn fundarinnar stórf og varðar um það.

Skjalafélagið er stöðugt að minnka þessu sem átt hafa sér á sér með því að líta og að einokk hafi undanfarna störf áliðri þessu þessu fundarinnar vegna skortar á skjalafélagi. Skjalafélagið var þessu störf á skjalafélagi, skjalafélagi, skjalafélagi og löngum.

Áttari liðurinn fundarinnar stórf og varðar um það.

a) Eign „kynvillinga“ úr lílku stöðugt skalafélagi í baráttunni. Þetta er kynni?

b) Hverjir eru visir okkar og hverjir óvinir?

c) Hvernig eru „kynvillingar“ undirbúningsfundarinnar?

d) Hvaða skjalafélagið er störf við að nota í baráttunni?

e) Til hversu að þessu?

Höfundurinn er stöðugt að minnka þessu sem átt hafa sér á sér með því að líta og að einokk hafi undanfarna störf áliðri þessu þessu fundarinnar vegna skortar á skjalafélagi. Skjalafélagið var þessu störf á skjalafélagi, skjalafélagi, skjalafélagi og löngum.

Höfundurinn er stöðugt að minnka þessu sem átt hafa sér á sér með því að líta og að einokk hafi undanfarna störf áliðri þessu þessu fundarinnar vegna skortar á skjalafélagi. Skjalafélagið var þessu störf á skjalafélagi, skjalafélagi, skjalafélagi og löngum.

Höfundurinn er stöðugt að minnka þessu sem átt hafa sér á sér með því að líta og að einokk hafi undanfarna störf áliðri þessu þessu fundarinnar vegna skortar á skjalafélagi. Skjalafélagið var þessu störf á skjalafélagi, skjalafélagi, skjalafélagi og löngum.

kvenmannsnöfnum og lifðu í allavega óreglu. En þegar ég fékk mér íbúð árið 1977 og flutti frá foreldrum mínum, sagði mamma mín þegar ég greindi henni frá símanúmerinu á nýja staðnum, „Já, þú ert náttúrulega með síma og ég veit svo sem til hvers.“ „Eftir viðtalið í Samúel átti ég ekki afturkvæmt til Íslands en hér varð ég þó að lifa og starfa ef ég ætti að geta verið listamaður,“ segir Hörður Torfason. Ég fór aftur að tala við íslenska homma um nauðsyn þess að við sýndum samstöðu. „Ég vildi ekki vera eini homminn. Það var hreinlega ógerlegt. Félagi minn Guðmundur Sveinbjörnsson, tók mig á orðinu og stofnaði ásamt öðrum einhverskonar bréfaflúbb sem mér virtist aðallega snúast um að útlendir hommar sem kæmu til landsins fengu öruggan drátt.“

Félagið Iceland Hospitality sem er fyrirrennari Samtakanna '78, starfaði um tíma við mikinn fögnuð meðlimanna sem slógust um lykilinn að pósthólfínu.

En Herði þótti ekki nóg að gert heldur sneri til landsins gagngert til að stofna Samtök homma og lesbía, samtök sem voru að hans tillögu kennd við stofnárið 1978, en þá leið höfðu hin Norðurlöndin líka valið. Nafnið felur óhjákvæmlega í sér þá staðreynd að við vorum þrjátíu árum á eftir Norðurlöndum.



Hörður segir að þetta hafi verið í september 1977. „Þeir voru mjög ákveðnir í því að loknum fundinum að við ættum að stofna samtök. Ég fól þeim ákveðin verkefni en þegar ég hringdi og rak á eftir þeim voru þeir ævinlega uppteknir í samkvæmislífinu.“

Hörður segist hafa farið að gruna þessa félagana sína um græsku. Ég samdi við kommúnistasellu í Tryggvagötu um að ljósrita dreifibréf sem ég sendi til allra sem ég vissi að höfðu á sér orð fyrir að vera hommar. Þetta olli mikilli reiði og uppnámi í hópnum, þar sem bréfið hefði getað komið upp um þá og eflaust var það réttmæt gagnrýni. Mér var bara svo mikið niðri fyrir.“

Guðni Baldursson fékk slíkt bréf og varð þannig upplýstur um fundinn. Hann segir að sér hafi ekki verið brugðið. „Hinsvegar voru öll bréf upp frá þessu merkt með stórum tölustaf þvert yfir síðuna þannig að það væri hægt að rekja það ef einhver léti fjölmiðla hafa eintak.“

Undirbúningsfundurinn var haldinn á heimili Harðar Torfasonar í Sólheimum 25. Þangað mættu tuttugu manns, þar af tvær konur sem töldu sig þegar á hólminn var komið ekki eiga samleið með slíku félagi.

### //Ritarinn kunnir skrautskrift


Tólf karlmenn mættu á stofnfund Samtakanna auk Harðar Torfasonar, þann níunda maí árið 1978, en helmingur þeirra er látinn í dag og þrír eru búsettir erlendis. Þeir voru Guðni Baldursson, Haraldur Tómasson, (látinn), John Crapper (erlendis), John McGowan (erlendis), Þórir Björnsson, Þórhallur Tryggvason (látinn), Guðmundur Sveinbjörnsson (látinn),



Guðni Baldursson varð fyrsti formaður Samtakanna '78 en hann hætti 1986. Myndin er tekin 1980.

### //Víst pólitískar drottningar


Hörður Torfason segist hafa beðið um fund með Iceland Hospitality en hann hafi verið haldinn á sunnudagskvöldi sem óhjákvæmlega hafi orðið til þess að upplitið á sumum félaganna var heldur grátt. „Þeir höfðu á orði hvort ég vildi frekar uppers eða downers, svona til að komast í gegnum kvöldið.“ Ég man að ég sakaði þá um að vera ekki nógu pólitískir. „Hvað meinarðu,“ sögðu drottningarnar og ranghvolfdi í sér augunum. Við erum víst pólitískar.“



Boða átti til stofnfundar annan maí en honum var síðan frestað til níunda. Hér er uppkast af fundarboði.



Hér er endanlegt fundarboð merkt trúnaðarmál. Einn þeirra sem var boðaður sagði en það leiddi til þess að hann var rekinn úr félaginu og sérstakar reglur voru teknar upp varðandi merkingar á slíkum pósti.



Rolv Larsen (erlendis), Ólafur Daði Ólafsson (látinn), Ármann Guðmundsson (látinn) og Heimir Guðmundsson. Niundi maí telst því hinn rétti afmælisdagur Samtakanna 78. Guðni Baldursson var kosinn formaður. „Hann var eini maðurinn sem gat tekið að sér formennsku í svona félagi. Hann hafði einhverja reynslu af félagsmálum og mótaðar hugmyndir um hvað hann vildi með svona félag,“ segir Hörður Torfason. Heimir Guðmundsson, einn yngsti meðlimurinn var kosinn ritari en það taldist honum sérstaklega til tekna að vera auglýsinga-teiknari og kunna skrautskrift. Haraldur Tómasson varð gjaldkeri.

//Stakk af í Köben

Samtökin '78 fengu leigða aðstöðu í Garðastræti, litla og næstum gluggalausa kjallaraherbergisboru. Nokkrir óreglumenn leigðu líka í kjallaranum en fínri íbúðir voru á hæðunum fyrir ofan. Þarna var ráðist í að halda opin hús tvisvar í viku þar sem selt var kók og prins póló upp í leiguna sem eigandi hússins rukkadi mánaðarlega upp á punkt og prik og hækkaði samkvæmt vísitölunni hverju sinni, vopnaður blýanti og rúðustrikaðri bók. En eitthvað stóð kók og prins póló gróðinn á sér og eftir að formaðurinn hafði greitt leiguna úr eigin vasa um skeið var herberginu sagt upp eftir rúmlega ár og eftir stóðu Samtökin '78 uppi á götunni. „Tíðarandinn var með þeim hætti að það mátti ekkert skrifa niður og ekki taka myndir,“ segir Guðni Baldursson. „Það er því afar fátæklegt sem er til af gögnum frá þessum tíma.“ Mjög fáar konur gerðu sér ferð niður í Garðastræti. Fyrsta konan sem heimsótti strákana í Garðastrætinu var Sjöfn Helgadóttir sem er í viðtali hér í blaðinu. Hún kom hins vegar aðeins einu sinni á vettvang. Karólína Sveinsdóttir, kona sem þá var um fertugt, tók hinsvegar virkan þátt um skeið. „Hún ákvað síðan að taka þátt ásamt

fleirum í alþjóðlegum viðburði í Barcelona um páskaeytið 1980. Hún ætlaði að koma tveimur dögum seinna en hinir og ég ætlaði að taka á móti henni í Kaupmannahöfn. Þegar flugvélin kom var hún ekki meðal farþega. Engar skýringar fengust. Hún hafði lagt af stað frá Íslandi en guggnað þegar hún millilenti í Kaupmannahöfn. Þar er hún enn þann dag í dag.

//Manhattan ballið

Aðrar konur sem komu í Samtökin á þessum fyrstu tveimur árum og tóku þátt í starfinu á frumbýlisárum samtakanna voru hins vegar Ragnhildur Sverrisdóttir og Arndís Björg Sigurgeirsdóttir. Þá bættist Bára Kristinsdóttir fljótlega í hópinn sem og Lára Marteinsdóttir og Lilja Steingrímsdóttir. Þá kom Hrafnhildur Gunnarsdóttir sem þá var einungis sextán ára einnig við sögu en hún átti síðar eftir að verða formaður félagsins.

Í desember árið 1981 héldu Samtökin '78 ball á Manhattan í Kópavogi sem varð hið fyrsta af mörgum, enda þótti ýmsum félögum sem

Tímaritið Samúel fjallaði um ballið á Manhattan sem haldið var í desember 1981.



Hér er hægt að þekkja Árna Kristjáns, Reyni Má, Binna og Stebba en þeir þrír síðastnefndu eru látnir.



félagslífið væri orðið full mikið bundið við fjölrítunarárvélina. Ballið var gríðarlega vel sótt en því miður þá lokaði lögreglan staðnum klukkan eitt um nóttina þar sem skipuleggjendum hafði láðst að sækja um framlengingaleyfi, en slíkt leyfi var nauðsynlegt á þessum árum ef það átti

að vera hægt að hafa opið lengur en til eitt. Þá höfðu einhverjir samið við tímaritið Samúel um að láta því í té myndir frá samkomunni sem birtust snemma árs 1982. Einhverjir tóku þetta óstíntt upp og skemmtistaðurinn fékk að ósekju á sig nafnið Sveiattan. Deilur vegna myndbirtingarinnar rötuðu í fjölmiðla og urðu til þess að tveimur félagsmönnum var vikið úr Samtökunum '78.

En þetta kom þó ekki í veg fyrir að þeir sem mættu skemmtu sér bærilega þar til löggan kom og skellti í lás. Ballið var einsdæmi, vakti feykilega athygli og þangað kom fólk á öllum aldri. „Meðal annars brá einn félagi sem var fæddur árið 1909, undir sig dansfætinum, skellti sér gömlu samkvæmisfötin sín sem voru sjálfsgagt frá millistríðsárunum og flutti revíusöngva sem hann hafði sjálfur samið,“ segir Guðni Baldursson.

### //Verndarhönd útvarpsstjóra

Í um það bil ár héldu Samtökin '78 fundi og stundum opin hús heima hjá Guðna Baldurssyni og Helga Viðari Magnússyni, þar til nýtt félagsheimili kom til skjalanna. Á þessum árum ráðast Samtökin '78 í blaðaútgáfu með tímaritinu Úr felum. Farið er að halda reglulega fræðslufundi í skólum og fjallað er um félagið í fjölmiðlum ekki síst vegna deilu félagsins við Andrés Björnsson, útvarpsstjóra sem bannaði orðin hommi

og lesbía á öldum ljósvakans. Nokkrir tugir einstaklinga eru orðnir viðloðandi Samtökin þegar þarna er komið sögu, þar á meðal margar konur. „Á Borgarskjalasafninu er að finna bréf sem segir meira en mörg orð um deiluna við útvarpsstjóra,“ segir Guðni Baldursson. „Ég fór með auglýsingu frá Samtökunum í Útvarphúsið um opin fund í safnaðarheimili Langholtskirkju. Auglýsingin átti að hefjast á orðunum Hommar og lesbíur. Konan á auglýsinga deildinni tók við auglýsingunni, las fyrstu orðin, fölnaði upp og sagðist því næst þurfa að ráðfæra sig við útvarpsstjóra. Hún kom ábúðamikil fram aftur, tók penna og strikaði út fyrstu orðin og byrjaði að skrifa: Kynvill....Ég sá hvaða stefnu málið var að taka, tók auglýsinguna og hélt í burtu.“ Ríkisútvarpið bar jöfnum höndum fyrir sig almennt velsæmi og málræktarstefnu. Þegar Guðni Baldursson og Böðvar Björnsson fóru síðar á fund Andrésar Björnssonar útvarpsstjóra vegna málsins sat hann fastur við

sinn keip og bar fyrir sig góðmennsku. „Hann sagðist vera að vernda okkur og það stoðaði ekki að biðjast undan þessari vernd, segir Guðni Baldursson. Útvarpsstjóri „verndaði“ homma og lesbíur þar til hann lét af störfum. Einokun Ríkisútvarpsins var aflétt um miðjan níunda áratuginn, þá tóku aðrar stöðvar til starfa sem ekki höfðu sömu stefnu gagnvart samkynhneigðum. Það leiddi að lokum til þess að hin stírnáða verndarhönd varð að láta undan síga.

### //Óánægður með feluleikinn

Þorvaldur Kristinsson var búsettur í Kaupmannahöfn þegar Samtökin '78 voru stofnuð. Hann var þá kvæntur maður en skildi við konu sína árið 1980, þegar hann horfðist í augu við tilfinningar sínar til karla. Hann aflaði sér talsverðrar reynslu af félagsmálum samkynhneigðra í borginni, til að mynda starfaði hann með stjórnleysingjasamtökunum Bössernes Befrielsesfront í Kristjáníu, skömmu áður en það félag leystist upp og líka dönsku samtökunum frá 1948. Milli þessara félaga voru þó engir kærleikar. „Ég hafði trú á aðferðum beggja og gerði ekki upp á milli borgaralegra aðferða og uppreisnar, frekar en síðar á ævinni. Ég hafði þó vit á að þegja um þessa tvöfeldni mína til að styggja engan. Ég kynntist hommunum í Kristjáníu fyrst en rakst svo inn á skrifstofu dönsku samtakanna eitt kvöldið og bauð fram krafta mína í skólahóp. Því var vel tekið. Þannig endaði ég sem aktivisti í Kaupmannahöfn bara



Árni og Binna búa sig undir kemmtiatriðin á ballinu.



vegna þess að ég var einmana og langaði að tala við aðra homma og lesbíur í dagsbirtu,“ segir Þorvaldur sem sneri tímabundið heim til Íslands árið 1981. „Ég leit við í Samtökunum sem höfðu þá misst húsnæði sitt og voru varla meira en pósthólf og fundirnir voru haldnir í stofunni hjá Guðna Baldurssyni formanni og Helga manninum hans. Þangað var gott að koma.“ Þorvaldur sneri svo alkominn heim til Íslands árið 1982 og hefur síðan þá verið einn ötulasti talsmaður Samtakanna '78 eins og allir vita.

„Ég stundaði Óðal og Klúbbinn eins og flestir hommar á þessum tíma og kynntist skemmtilegum mönnum. Samfélagið var þó lokað og feluleikurinn mikill. Menn slepptu fram af sér beislinu við og við en heilsuðust síðan ekki daginn eftir. Ég varð fljótlega sýnilegur í samtökunum hér heima. Ekki þó vegna þess að ég hefði einhverja sérstaka þörf fyrir að vera sýnilegur baráttumaður heldur var ég frekar að svara kalli samfélagsins. Ég var einfaldlega óánægður með feluleikinn sem einkenndi allt lífið hérna heima.“

### //Veit hvernig leikara líður

Þorvaldur Kristinnsson byrjaði sitt starf í samtökunum á því að taka þátt í skólafundum og skipuleggja fræðslustarfið en þar nýttist vel reynsla hans frá Kaupmannahöfn þar sem hann hafði verið einn brautrydjenda í slíku starfi.

„Ég sendi bréf í alla skólana og bauð fram krafta okkar. Við fengum yfirleitt mjög góðar viðtökur. Ég lagði áherslu á persónulega nálgun. Það var árangursríkast að segja söguna út frá eigin reynslu með einlægnina að leiðarljósi en það er erfiðara en margan grunar. Ég náði þó talsverðri leikni í þessu. Sumir fundirnir urðu gríðarlega stórir, allt upp í fimmhundrað manns þegar mest var. Ég dáðist líka að félögum mínum, hvað þau voru flott og sannfærandi. Það var mikilvægt að þessi litli hópur gæti sent svona glæsilega fulltrúa. Þarna á fyrstu metrunum man ég eftir Guðna Baldurssyni, Böðvari Björnssyni, Katli heitum Guðmundssyni, Lilju Steingrímsdóttur, Ragnhildi Sverrisdóttur, Láru Marteinsdóttur og fleirum. Það má segja sem svo að ég viti hvernig leikara líður að aflokinni góðri sýningu þegar hann heyrir lófatakið. Mér fannst ég tilheyra heiminum og rödd mín heyrðist. En þetta tók stærri toll af lífinu en æskilegt var. Þessu fylgdu líka mjög persónuleg og nærgöngul viðtöl í blöðum og einu sinni sem oftar sátum við Guðni Baldursson fyrir svörum í útvarpinu. Við voru kynntir með fullu nafni en af tillitssemi við þá sem hringdu inn gátu þeir talað í skjóli nafnleysis. Og þegar ég hugsa um allt það níð og sóðaskap sem dembt var yfir okkur velti ég því fyrir mér hvernig okkur tókst að halda fullu viti.“

Skólafundir að ósk nemendafélaga hafa alla tíð verið margir og fjölsóttir en í byrjun var mikil andstaða meðal skólafyrivalda og dæmi um að þeir væru hreinlega bannaðir. „Ég hugsa að skólafundirnir hafi ekki síst átt þátt í þeirri hugarfarsbreytingu sem varð hjá íslensku þjóðinni,“ segir Eysteinn Traustason sem gekk til liðs við Samtökin árið 1987.“ Páll Óskar Hjálmtýsson tónlistarmaður er einn þeirra sem notaði skólafund til að koma fram og tala um tilfinningar sínar. Hann greindi frá samkynhneigð sinni á skólafund þegar Samtökin '78 heimsóttu Menntaskólann við Hamrahlíð. Páll var þá einungis sextán ára en hann varð mörgum ungum hommum og lesbíum fyrirmynd í ungliðastarfi Samtakanna '78, þá og enn þann dag í dag.



Þorvaldur Kristinnsson (lengst til hægri) ásamt Katli Guðmundssyni og ónefndri vinkonu þeirra.

### //Af róttæklingum

Þorvaldur lét einnig mjög til sín taka í útgáfumálum.

Tímariðið Úr felum sem kom fyrst út árið 1981 var selt í öllum helstu bókaverslunum landsins, auk þess sem félagsmenn seldu það í lausasölu fyrir utan útsölu ÁTVR, og blönduðu sér þar í hóp róttæklinga sem seldu blaðið Neista og fleiri vinstrisinnuð rit, happdrættis og merkjásölu. Það má reyndar geta þess að Þorvaldur og Böðvar Björnsson brutu um blaðið á skrifstofu Neista og nutu þar sérstakrar velvildar byltingarmannsins Ragnars Stefánssonar jarðskjálftafræðings eða bara Ragga skjálfta eins og hann var kallaður. Þetta samstarf varði þar til Tómas Hjálmarsson tók við umbrotinu. Þrátt fyrir að félagsmenn hittu þarna fyrir róttækka vinstri menn gerðist ekki það sama hér og hjá norsku systursamtökunum árið 1977. „Þá fjölgaði mjög skyndilega í Samtökunum og þau nær tvöfölduðu félagatal sitt,“ segir Guðni Baldursson. „Félagar okkar í Noregi urðu mjög hissa og glaðir þegar málin tóku þessa óvæntu stefnu. Þeir ákváðu að kalla strax til aðalfundar svo hægt yrði að kjósa nýja stjórn í þessu stóra og öflugum félagi. Það var gert. Þegar kosningu var lokið tók fulltrúi hinna nýju félagsmanna til máls og tilkynnti að hér eftir yrði starfsemi samtakanna helguð kínversku menningarbyltingunni og lestri á verkum Maós.“ Það mátti heyra saumnál detta í salnum eftir þessa tilkynningu. Þótt Maóistar hefðu þannig hertekið samtökin tókst að snúa þeirri óheillaþróun við og endurheimta félagið. Norsku félagarnir þerruðu svitann af enninu og voru reynslunni ríkari.



Skemmtistaðurinn Óðal var vinsæll meðal homma og lesbía snemma á níunda áratugnum.



Elsti félagsmaður Samtakanna '78 frá upphafi, Magnús Kristjánsson, fæddur 1909, afhendir Eilu Guðnasyni dreifibréf í fyrstu mótmælastöðu Samtakanna í desember 1982. Ljósmyndari er Gunnar V. Arnórsson.

## //Fjölsótt Fjólukaffi

Rithöfundasamband Íslands leigði félaginu stórt og bjart herbergi haustið 1982, við Skólavörðustíg 12. Skömmu síðar fékk félagið leigt annað herbergi við hliðina og var þar með kominn með eiginlegt félagsheimili. Selt var kaffi og hvítvín á opnum húsum og í daglegu tali gekk staðurinn undir nafninu Fjólukaffi og var við lýði fram til ársins 1984. „Þetta var oft og tíðum fjölsótt kaffihús og talsvert vinsælt ekki síst hjá ungu fólki og margar konur fóru þegar þarna var komið sögu að koma reglulega við og taka þátt í starfinu,“ segir Þorvaldur Kristinsson.

Það varð fljótlega fremur útbreiddur misskilningur að Samtökin '78 rækju einhvers konar kynlífsþjónustu, lánuðu heim fólk eða kæmu skikki á einkalíf þess. Slíkar símhringingar voru mjög algengar.

Á Fjólukaffi komu fjölmargir kynlegir kvistir og sumir komu bara einu sinni.

„Ég man eftir fjörgömlum karli sem vann í Ölgerð Egils Skallagrímssonar,“ segir Guðni Baldursson. „Hann studdist við staf vegna aldurs en lét sig hafa ferðalagið. Eða eins og hann sagði sjálfur: „Ég bara varð að koma. Ég var orðinn svo þreyttur á að gera allt sjálfur.““

„Þótt mikið af ungu og glöðu fólki legði leið sína á Fjólukaffi var líka mikið um sjúkt fólk, bæði langt gengna alkóhólista og geðsjúka,“ segir Þorvaldur. „Samkynhneigðir lifðu undir gríðarlegri pressu og minnstu veikleikar sem hefðu kannski ekki látið á sér kræla í venjulegu samfélagi

hittu fólk fyrir af margföldu afli í þeim sjúka feluleik sem hafði viðgengist gagnvart samkynhneigðum. Þetta gerði mig talsvert dapran og eftir á að hyggja þá held ég að þetta hafi slitið mér meira út en ég gerði mér grein fyrir. En þarna var líka mikið af kraftmiklu fólki sem vissi hvað það vildi í lífinu og lagði áherslu á að afla sér góðrar menntunar.“ Hinum megin við götuna var Hegningarhúsið og gestir Fjólukaffis horfðust í augu við lögreglumennina sem áttu leið inn og út úr fangelsinu. „Um frekari samskipti var ekki að ræða og þótt veitt væri hvítvín á kaffihúsinu var það látið afskiptalaust,“ segir Þorvaldur.

## //Hjartaknúsari af Vellinum

Guðni Baldursson kann að segja frá föngulegum yfirmanni á Keflavíkurlflugvelli sem fór að venja komur sínar á Skólavörðustíginn.

„Hann var afar fríður enda ættaður frá einhverri Kyrrahafseyjinni, hávaxinn og geðþekkur. Hann var búinn að koma nokkrum sinnum þegar hann trúði okkur fyrir því að hann var í raun kaþólski presturinn á flugvellinum. Eflaust hefur hann átt mikinn sjens í hernum, og leiðin frá skrifastólnum í rúmið verið greið. Hann hélt sér einnig í formi, lyfti lóðum í íþróttahúsi Vallarins og kynntist ófáum strákum þannig.“

En einn daginn kom hann heim til sín á flugvellinum og hitti fyrir sér til skelfingar herlögreglumenn sem höfðu þá þegar gert upptæk öll





Einungis sex manns tóku þátt í þessari fyrstu mótmælastöðu, allt karlmenn. Hér má þekja þá Þorvald Kristinsson sem er í forgrunni myndarinnar, bak við hann er Ólafur Guðbrandsson. Lengst til hægri er Guðni Baldursson.

hommaklámbliðin í prestbústaðnum. Honum var varpað í fangaklefa á Vellinum og ekki sleppt þaðan aftur fyrr en hann hafði nafngreint tug hermanna sem hann hafði átt vingott við meðan hann dvaldi á Keflavíkurlflugvelli. Þeim var öllum vísað úr hernum með skömm. Þetta sagði hann mér og sambýlismanni mínum í bréfi sem hann skrifaði okkur og tók þá sérstaklega fram að hans örlög hefðu þó verið betri. Hann var fluttur í nýja sókn á Havaí þar sem hann hélt áfram að þjóna sinni kirkju og þá væntanlega einnig með sínu lagi.“

#### //Guðni og Helgi í kröfugöngu

Árið 1982 var viðburðaríkt hjá hinu unga félagi. Áformað var að taka þátt í kröfugöngunni 1. maí en tiltækinu var ekki vel tekið af skipuleggjendum göngunnar. Ekki var þó amast við því að félagar Samtakanna '78 væru með þótt þeir fengju ekki formlega aðild að hátíðarhöldunum þennan dag. Þegar til átti að taka mættu þó aðeins tveir til að taka þátt. Það voru þeir Guðni Baldursson og Helgi Viðar Magnússon eiginmaður hans. Þeir gengu fyrir framan lúðrasveitina Svan með tæplega þriggja metra langan borða, hvítan með tveimur bleikum þríhyrningum, sem á var lettrað Atvinnuöryggi fyrir homma og lesbíur. Eftir á að hyggja segir Guðni Baldursson að þessi tveggja manna kröfuganga hafi verið, „skemmtilegasta aðgerð sem hann hafi tekið þátt í.“

Þá var þetta sama ár haldið í fyrsta sinn upp á frelsisdag homma og lesbía 27. júní með því að dreifa flugriti á Ingólfstorgi. Einungis sex félagar tóku þátt í þeirri aðgerð, þar af tveir Svíar sem voru hér gestkomandi. Það vildi þó félaginu til happs að þennan sama dag var útisankoma á torginu í tilefni af því að nokkrir hjólreiðagarpar voru að leggja af stað í hringferð um landið og var því talsverður fjöldi fólks þar samankominn.

Á fullveldisdaginn, fyrsta desember, árið 1982 stilltu sjö félagar í Samtökunum sér upp á Austurvelli gegnt Alþingi og mótmæltu banni Ríkisútvarpsins á auglýsingum sem var beint til lesbía og homma og sinnuleysi stjórnvalda um það misrétti sem hommar og lesbíur þyrftu að búa við. Þótt aðgerðin væri ekki fjölmenn var mikill hugur í þátttakendum. Einn haldi andlit sitt framan af en eftir að leið á mótmælaaðgerðina féll gríman. Atburðurinn vakti mikla fjölmiðlaathygli og kom málstað samkyn-hneigðra á kortið. Þá sýndi sjónvarpið frá þessum mótmælum en það hafði ekki gerst áður nema þegar Jón Ragnarsson, Nonni, fór í viðtal haustið 1975. Þá rak fréttakona sjónvarpsins upp í hann hljóðnema og spurði ábúðarmikil: „Eruð þér kynvilltur Jón.“



Hið harðsnúna róðralið Gasellunar, skipað konum úr Samtökunum '78, vakti oft en einu sinni ósvikna athygli á sjómannadaginn. Hér er verið að fagna sætum sigri í garði félagsmiðstöðvarinnar við Lindargötu.



Bikarinn tæmdur í botn.

## //Taugatíringur í kvannahreyfingunni

Árið 1983 birtist viðtal við tvær lesbíur, þær Lilju Steingrímisdóttur og Láru Marteinsdóttur í Helgarpóstinum, en þar með var þögnin um íslenskar lesbíur rofin. Viðtalið vakti gríðarlega athygli. Pabbi Lilju, þekktur athafnamaður í borginni og tólf barna faðir, varð hinsvegar æfur yfir viðtalinu og keyrði milli verslana og söluturna og reyndi að kaupa upplagið. Tvær aðrar lesbíur komu fram í sama blaði en af þeim birtust einungis skuggamyndir og viðtalið var nafnlaust.

Þegar líða tók á áratuginn kváðu fleiri lesbíur sér hljóðs í fjölmiðlum um kynhneigð sína, meðal annars höfundur þessarar greinar í sjónvarpsþættinum Geisla árið 1986. Þá birtist stór grein í tímaritinu Mannlífi árið 1987, þar sem rætt var við Elísabetu Þorgeirsdóttur, Stellu Hauksdóttur, Snædísí Þorleifsdóttur, Katrínu Jónsdóttur og undirritaða. Margar þeirra höfðu verið virkar í starfi Samtakanna 78.

Ein þeirra kvenna sem rætt var við í Mannlífsgreininni var Margrét Pála Ólafsdóttir en hún óskaði nafnleyndar en segir það í eina skiptið á ævinni. Fyrstu kynni hennar af Samtökunum '78 var árið 1985 en Samtökin voru þá til húsa í Brautarholti.

„Ég og þáverandi sambýliskona mín fréttum af kvennakvöldi á vegum samtakanna snemma á árinu 1985 og ákváðum að fara og hitta aðrar lesbíur,“ segir Margrét Pála.

„Við fundum húsið í myrkrinu sem var þá staðsett í dimmu og drungalegu iðnaðarhverfi. Það var ekki hlaupið að því að komast upp á fjórðu hæð því að það var rafmagnsloaust í stigaganginum. Eftir að hafa klöngrast upp stigana í myrkrinu fór að berast til okkar niður af lágrí tónlist og kvenmannsröddum. Við voru þá komnar í Samtökin '78.“

Löngun kvenna til að stofna sitt eigið félag var til staðar en margar þeirra söknuðu þess að vera ekki sýnilegar undir merkjum kvannahreyfingarinnar en fyrir því var hefð í mörgum nágrenna löndum. Þekkt er sagan af bandarísku konunni sem kom á skrifstofu Rauðsokkahreyfingarinnar og spurði eftir íslenskum lesbíum. Konan sem varð fyrir svörum brá nokkuð við og svaraði án umhugsunar. „Hér eru engar lesbíur.“

Hún hafði ekki fyrr sleppt orðinu en hún áttaði sig á því hvað þetta væri óviðeigandi og þar sem hún vildi heldur ekki að Bandaríkjakonan héldi að hún væri á móti lesbíum, bætti hún óðamála við. „Þær eru báðar í Kaupmannahöfn núna.“



Íslensk lesbíska, starfaði um hríð með öðrum kvennasamtökum á Hótel Vík þar sem Þóra Kristín og Lára Marteins ísjómánn.



### //Tylft af rauðvíns og hvítvínsglösnum

Árið 1986 var félagið Íslensk/Lesbíska stofnað á Hótel Vík þar sem Kvennalistinn hafði bækistöðvar sínar ásamt öðrum róttækum kvennasamtökum og kvenfrelsisritinu Veru. Á stofnfundinum voru í fararbroddi konur sem voru orðnar virkar í starfi Samtakanna og störfuðu einnig



innan Kvennalistans eða annarra kvennahreyfinga í húsinu. Ekki var einhugur um þetta samstarf meðal félagskvenna Kvennalistans og annarra samtaka hússins og olli það miklum taugatitringi. Hússtjórnin

var lengi að afgreiða umsóknina en sumar konurnar töldu sér ógnað af nábylinu við lesbíur. Fundarherbergi Íslensk/Lesbíska var stundum notað undir fundi stjórnmalasamtakanna og einhverjar óprúttnar lesbíur gerðu sér það að leik að láta liggja frammi lesbísk klámblið sem höfðu borist félaginu frá Bandaríkjunum meira í gamni en alvöru. „Það voru einhverjar kvennalistakonur ósáttar við þetta en ég svaraði bara sem svo að þær



Elísabet Þorgeirsdóttir sem var ábyrgðin í starfi samtakanna í níunda áratugnum er hér á opnu húsi í Hótel Vík árið 1993.

hefðu innst inni bara gaman af því að fletta þessum blöðum,“ segir Stella Hauksdóttir einn stofnenda Íslensk/Lesbíska. Snemma í starfi félagsins fór að bera á sömu brestum og í starfi Samtakanna '78. Meirihluti kvennanna hafði áhuga á sameiginlegum partíum en mun minni á eiginlegu félagsstarfi. Félagið hélt þó allmarga fundi, lét útbúa dreifibréf og stóð fyrir skemmtikvöldum. Tekin var ákvörðun um að leggja félagið niður og skömmu seinna fóru konur að gera sig meira gildandi í Samtökunum '78.

„Það eina sem félagið lét eftir sig af veraldlegum eigum, var tylft af rauðvíns og hvítvínsglösnum, hvorki sérlega dýr né heldur voru glösin samstæð, en þessar eigur runnu óskiptar til Samtakanna '78,“ segir Margrét Pála Ólafsdóttir. Hún segist telja að Íslensk/Lesbíska hafi orðið þess valdandi að karlar urðu fúsari til að víkja úr vegi fyrir konum innan Samtakanna '78 og hleypta þeim til meiri áhrifa. Félagsskapurinn KMK eða konur með konum tók síðan til starfa árið 1993 og hefur haldið úti öflugum blakliði, séð um vefsíðu fyrir lesbíur auk þess að standa fyrir margvíslegum uppákomum, þar á meðal árlegri Góugleði. Þá hafa konur á öllum aldri hist reglulega á sumrin á Miklatúni til að leika knattspyrnu um áratuga skeið.

### //Niðurlæging Norðurlandaráðs

Mök samkynhneigðra voru refsiverð samkvæmt íslenskum lögum frá 1869 til ársins 1940. Lagagreinin sem um er að ræða var að danski fyrirmynd og tók jafnt til kynmaka einstaklinga af sama kyni og kynmaka við dýr.

Á tuttugustu öldinni var einn Íslendingur dæmdur fyrir mök við aðra karlmenn en það var Guðmundur Hofdal, landskunnur íþróttamaður og glímukappi sem var dæmdur til átta mánaða betrunarhúsvinnu árið 1924. Guðmundur fékk uppreisn æru með konungsbréfi árið 1935, fimm árum eftir að hliðstæð ákvæði voru afnumin úr dönskum hegningarlögum. Íslenska lagaákvæðið var þó ekki afnumið fyrr en árið 1940. Sambærileg lagaákvæði var að finna á öðrum Norðurlöndum en Ísland var annað Norðurlandanna til að nema það burt.

Þóra Kristín horfir hugsi í kringum sig á kvennakvöldi. Til vinstri er Stella Hauksdóttir.





Og menn voru þakklátir fyrir nokkurar bækur og blöð árið 1985. Bótaskapurinn er allur annar í dag.

Eftir það urðu engar réttarbætur fyrir samkynhneigða í fimmtíu og tvö ár. Þegar Norðurlandaráð homma og lesbía átti fund í Reykjavík í júní 1983 hafði það mikla þýðingu fyrir stöðu homma og lesbía hér. Sjónir umheimsins beindust þá að bágru stöðu samkynhneigðra samanborið við hin Norðurlöndin þar sem samtök homma og lesbía áttu sér mun lengri sögu. „Svarthöfði Vísis tæraðist þó yfir innflutningi á útlendri spillingu,“ segir Þorvaldur Kristinsson. „Hann taldi þetta dæmigert fyrir niðurlægingu Norðurlandaráðs. Lægra gæti samstarf Norðurlandanna ekki komist.“ Norðurlandaráð homma og lesbía krafðist þess í ályktun eftir fundinn 1983 að unnið yrði að jafnréttis- og verndarlöggjöf fyrir samkynhneigða og mannréttindasamþykktir Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna um afnám misréttis gagnvart minnihlutahópum yrðu virtar. Þögn löggjafans um samkynhneigð var svo rofin árið 1985 þegar Kristín Kvaran

þingmaður Bandalags jafnaðarmanna lagði fram þingsályktunartillögu um að skipuð yrði nefnd til að kanna lagalega, menningarlega og félagslega



Guðni Baldursson og Helgi Viðar Magnússon eiginmaður hans fyrir utan heimili þeirra í Vesturbænum í júlí 1982.

stöðu samkynhneigðra. Menn og konur úr öllum flokkum nema Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur stóðu að tillögunni. Tillagan dagaði seinna uppi í Allsherjarnefnd þingsins og kom aldrei til afgreiðslu í þinginu.

### //Sorglegasti tíminn

Árið 1985 setja læknar frá Landlæknisembættinu sig í samband við Samtökin '78, til að ræða við félagsmenn um sjúkdóminn AIDS. Þeirri plágu sem átti eftir að varpa löngum skugga yfir líf og starf samkynhneigðra eru gerð ítarleg skil annars staðar hér í blaðinu, af þeim manni sem einna gerst þekkir til. Sjúkdómurinn átti eftir að höggva stórt

skarð í raðir homma og skilja eftir óbætanleg sár. Þá fylgdi honum erfið og oft og tíðum hatursfull umfjöllun og hræðsla við samkynhneigð sem hvorki fyrr né síðar var jafn stæk og á síðari hluta níunda áratugarins. Fordómarnir áttu sínar spaugilegu hliðar. Fréttakona af útvarpinu gerði boð á undan sér og vildi ræða við félagsmenn um sjúkdóminn. Hún mætti glaðbeitt í viðtal við Guðna Baldursson sem spurði hvort hún vildi ekki setjast niður með kaffibolla og heyrja almennt um starfið áður en viðtalið hæfist. Fréttakonan hélt nú ekki. „Fyrir yður hef ég aðeins tvær spurningar,“ sagði hún og kveikti á upptökutækini. „Númer eitt. Hafði þér mök við karlmenn af Keflavíkurflugvelli? Og númer tvö. Eruð þér reiðubúinn til að láta af kynlífi yðar þar til lækning er komin við sjúkdómnum?“ Það var ekki oft sem félagar áttu þess kost að sjá Guðna Baldursson, þann vígreifa baráttujaxl kjaftstopp en þetta var í eitt slíkt skipti. Þótt fordómarnir væru títt miklir frá samfélaginu, bæði gagnvart félaginu og félagsmönnum og þeim væri gert lífið leitt bæði í einkalífi og á húsnæðis- og vinnumarkaði á stundum, voru fordómarnir frá hommum og lesbíum sjálfum oft og tíðum sárastir. Mikill ótti gerði oft vart við sig á fyrstu árum samtakanna og reiði út í þá sem vildu „auglýsa sjálfan sig og félagið.“ Þetta skapaði mikið álag á það fólk sem valdist í forystu fyrir samtökin og var það þó



Hommar koma saman á fundi um almennispláguna í Brautarholti þann 3. desember árið 1985.



ærið fyrir. „Það stóð félaginu fyrir þrifum hversu margir voru tilbúnir að standa á bremsunni hvað varðaði ýmis framfaramál,“ segir Guðni. „Fólk var einfaldlega hrætt við að missa það litla sem það hafði. Og auðvitað var þessi ótti mjög skiljanlegur. Ég hafði það fram yfir marga aðra að eiga eigin íbúð og starfa hjá hinu opinbera. Það gerði að verkum að það var ekki jafn auðvelt að troða mér um tær og mörgum öðrum.“

## //Deilur valda uppgjöri

Frá byrjun voru uppi deilur innan Samtakanna '78.

Ágreiningurinn var oft persónulegur enda skilin milli einkalífs og félagslífs óljósari en í öðru félagsmálastússi. En hann snerist líka að hluta til um hvaða stefnu ætti að taka.

Einn armur félagsins vildi að það einbetti sér meira að skemmtana- og félagslífi en annar armur hafði fyrst og fremst áhuga á pólitík.

Einhverjir félagar þóttu hafa gengið of langt, til að mynda hafði verið reynt að nota pósthólf Samtakanna til að smygla hassi til landsins, og voru sakaðir um að spilla fyrir málstaðnum.

Það sauð svo endanlega upp úr á fyrstu menningarviku samtakanna í desember árið 1985 þar kom til uppgjörs sem að leiddi til þess að Guðni Baldursson lét af störfum sem formaður og sneri baki við Samtökunum '78. „Ég varð fyrir árásum þarna eitt kvöldið þar sem hver og einn viðstaddur var dreginn fram til að gagnrýna mig sérstaklega og þetta var kornið sem fyllti mælinn,“ segir Guðni. „Það var gríðarlega mikið álag sem fylgdi þessu starfi þótt það væri líka gefandi og skemmtilegt. Ég fékk einfaldlega nóg af þessu stöðuga vanþakklæti. Ég var meðal annars gagnrýndur fyrir að standa



Svona gátu menn haft það huggulegt í Brautarholti þótt húsakynnin þar hefðu á sér slæmt oröspor.

í vegi fyrir skemmtanahaldi en að mínu mati var það óréttmætt þótt mitt áhugasvið væri annað. Þeir sem vildu halda skemmtanir gátu vel gert það og gerðu það þótt mín nyti ekki við. Niðurrifsöfl verða þreytandi til lengdar og það kemur að því að maður á ekki meira að gefa.“

Guðni Baldursson var þó ekki horfinn af sjónar-sviðinu. Hann hefur tekið



Sveinn M. Jónasson, Gísli Hafsteinsson og Veturlíði Guðnason bua sig undir að troða upp á balli í desember 1985.



Úr skemmtiatriði á balli í Risinu við Hverfisgötu árið 1986.

virkan þátt í starfi Alnæmissamtakanna frá stofnun þeirra. Hann kom einnig að undirbúningsvinnu þeirra lagabreytinga sem samkynhneigðir njóta góðs af í dag.

## //Þekkest á peysufötunum

„Margt af því fólki sem starfaði í félaginu vildi að samtökin væru heilagri en páfinn og töldu að þannig myndu þau á endanum fá viðurkenningu samfélagsins,“ segir Þorvaldur Kristinsson. „Þetta lýsti sér í afar litlu umburðarlyndi og tilhneigingu til að loka augunum fyrir blæbrigðum mannlegs eðlis. Stundum gaus upp andúð hjá dagfarsprúðum hommum ef ungir strákar mættu skrautlega klæddir og málaðir í Óðal. Ég vildi vera með báðum þessum hópum. Ég talaði mig hásan á fundum og tók þátt í starfinu af lífi og sál. En ég gerðist líka sérfræðingur í að skipu-leggja böll og æfði kabarett af miklum móð. Þessi böll nutu mikilla vinsælda en þau



Samtökin fengu nýtt húsnæði við Lindargötu til afnota árið 1987. Það var ekki síst að þakka milligöngu Ólafs Ólafssonar landlæknis.

voru fyrst í stað haldin í gamla Silfurtunglinu sem var á efri hæðinni í Austurbæjarbíói. Mér fannst þetta hvort tveggja jafn mikilvægt. Sumir frá þessum árum þekkja mig ekki nema í peysufötum. Samtökin hafa alla tíð sveiflast á milli uppreisnar og íhaldssamra bæráttuaðferða. Sú viðurkenning og sátt sem síðasti áratugur hefur fært homnum

og lesbium hefur þó eðlilega gert það að verkum að uppreisnareldurinn brennur ekki jafn glatt og áður. Kannski helst þess vegna hafa samtökin orðið borgaralegri og settlegri.“



Hér er Böðvar Björnsson sem starfaði um skeið að forvarnarmálum innan Samtakanna að byrja að mála húsið.

### //Alnæmisplágan eina verkefnið

Það fór svo að Þorvaldur Kristinsson varð formaður Samtakanna árið 1986 og gegndi því starfi til ársins 1989. Það má segja að alnæmisplágan hafi verið eina verkefnið á dagskrá samtakanna þennan tíma. En þegar neyðin er stærst er hjálpin næst. Sjúkdómurinn kom á tengslum milli talsmanna Samtakanna og ýmissa embættismanna. Til að mynda gekk Ólafur Ólafsson landlæknir í það verk að greiða fyrir húsnæðismálum Samtakanna '78. Því lyktaði þannig að Davíð Oddsson borgarstjóri lét félagið hafa Lindargötu 49, sextíu fermetra bárujárnshús, til afnota árið 1987. Samtökin höfðu þá flutt af Skólavörðustíg 12 í fremur niðurdrepandi leiguhúsnæði í Brautarholti 18, uppi á fjórðu hæð. Þá fékkst styrkur til að halda úti starfsmanni til að sinna fræðslumálum vegna sjúkdómsins í stuttan tíma.“

Lindargatan varð annað heimili margra á þessum árum og fólk kom þar alla daga vikunnar í einhverjum erindagjörðum eða bara til að spjalla saman yfir kaffi eða bjór. Eitt árið var meira segja haldið heilagt aðfangadagskvöld í félagsheimilinu fyrir þá sem vildu.

„Allt það sem áður var á dagskrá í mannréttindabaráttunni svo sem baráttan fyrir réttlátari löggjöf þurfti í raun að þoka fyrir þeirri baráttu sem alnæmi kallaði yfir okkur þar sem þetta voru svo erfiðir og krefjandi

tímar,“ segir Þorvaldur Kristinsson. „Við verðum að hafa það í huga að það komu ekki fram lyf sem lengdu líf þeirra sem höfðu smitast fyrr en um miðjan tíunda áratuginn. Á þessum árum hitti ég félagi mína oftast við jarðarfarið en á barnum.“

Húsið við Lindargötu var heimili Samtakanna '78 í þrettán ár og skipar því sérstakan sess í sögunni. Það stóð á horni Frakkastígs og Lindargötu, gegnt opnu hafi. Það hefur nú verið rífið.

### //Sexúalpólitískir flóttamenn

Útþrá félagsmanna háði Samtökunum '78 frá upphafi. Flestir vildu búa í útlöndum á níunda áratugnum. Það var ekki nóg með að fordómar og mismunum gegn homnum og lesbium væri illþolandi til lengdar. Landið var einfaldlega stundum óþolandi með sína eilífu verðbólgu, tepruskap, hræsni og rýsjótt veður. Svo vildi fólk líka sækja sér menntun sem og margir gerðu. Samtökin '78 þurftu þannig að horfa á eftir mörgum góðum liðsmönnum til lengri eða skemmri tíma. Á móti kom að fólk kom oft og tíðum aftur til starfa í Samtökunum eftir að það sneri heim og þar þá með sér ferska strauma að utan og hafði jafnvel sótt sér reynslu af starfi samkynhneigðra í öðrum löndum. Þegar horft er yfir hópinn sem var ansi fjölbreytilegur þarf engan að undra að það væri stundum rifist hressilega. Þarna voru fótboltastelpur og leðurhómar, stríðsmálaðir stelpustrákar, alvarlega þenkjandi félagsmálatróll og uppstrílaðir æringjar, hárgreiðslumenn, skáld, læknar, barnakennarar, bankastjórar, fóstrur, trésmiðir, öryrkjar, sprenglærðir menntamenn og droppát úr barna- og menntaskólum landsins. Þarna var líka njósnari Þjóðverja í seinni heimsstyrjöldinni, leikarar, söngvarar og síðast en ekki síst nemendur af öllum stærðum og gerðum. Sumir voru fanatískir á áfengi, aðrir notuðu það ótæpilega. Einhverjum fannst jafn sjálfsagt að fá sér hasspípu og seríósið á morgnana. Öðrum fannst það óhugsandi. Allt þetta fólk kom einhverveginn nálægt Samtökunum '78, hvort sem það var í gegnum pólitíska baráttu, eða það notaði félagsmiðstöðina, sótti böll eða bókasafnið. Félagarnir sem höfðu ýmist tekið út þroska

á Melrakkasléttu, í Kaupmannahöfn, við Ísafjarðardjúp, í Berlín, miðborg Reykjavíkur, San Fransískó eða Breiðholti jafnvel Akureyri, voru stundum ósammála um eiginlega allt. Nema kannski það takmark, að hommar og lesbíur ættu að njóta sambærilegra mannréttinda og aðrir. Hópurinn myndaði stóra, ósamstæða fjölskyldu samkynhneigðra á Íslandi sem fyrst í dag er orðin það stór að það er hægt að koma á samkomur á þessum vettvangi og segja með góðri samvisku: „Ég

Húsið var svo málað í glaðlegum björtum litum snemma á tíunda áratugnum og flestir muna eftir því svona.







Menntu voru misvel eða illa klæddir á samtakaböllum á níunda áratugnum.

þekki bara ekki helminginn af þessu fólki.“

### //Veistu hver ég er

Samtökin '78 fengu í fyrsta sinn opinberan styrk til útgáfumála árið 1987 en hann var nýttur til útgáfu bókarinnar *Veistu hver ég er*, sem kom út árið 1989. Bókin var þýdd úr ensku og löguð að íslenskum veruleika. Bókin er fræðsla fyrir foreldra og aðstandendur um hvernig það er að koma úr felum og lífa sem hommi eða lesbía. Um þetta leyti eða árið 1988 var stofnaður ungliðahópur innan samtakanna, en þar fékk yngsta fólkið kærkominn vettvang innan samtakanna en starfsemi hópsins hefur jafnan verið með líflegasta móti.

Frá fyrstu tíð buðu Samtökin upp á ráðgjöf í síma fyrir samkynhneigða, fyrst var slík símaþjónusta veitt í heimasíma Guðna Baldurssonar en Helgi Viðar Magnússon eiginmaður hans varð yfirleitt fyrir svörum og veitti umbeðna ráðgjöf. Seinna fékk félagið sinn eigin síma. Um aldamótin síðustu var farið að bjóða upp á faglega félagsráðgjöf fyrir fólk í húsakynnum Samtakanna en Anni Haugen og Guðbjörg Ottósdóttir hafa hana með höndum. Undir lok níunda áratugarins voru Samtökin '78 með í Útvarpi Rót sem var athyglisverð tilraun með grasrótartúvarp á Íslandi.

Þar var fjallað um samkynhneigð, lesið úr bókum um samkynhneigða, talað við homma og lesbíur og leikin tónlist. Meðal umsjónarmanna þáttarins á útvarpi Rót voru Eysteinn Traustason, undirrituð Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir sem síðar varð fyrsti framkvæmdastjóri Samtakanna '78 og Lana Kolbrún Eddudóttir.

„Það var alveg magnað að upplífa viðbrögðin við þessum þætti, en það var einsdæmi að við fengjum að tala svona algerlega á okkar eigin forsendum,“ segir Eysteinn

um útvarpsþáttinn.

„Stundum fannst mér á viðbrögðunum að við værum BBC

World að senda út fréttir í seinni heimsstyrjöldinni.“

En Samtökin fóru einnig að huga að mál gagni en Úr

felum hafði þá ekki komið út síðan árið 1985. Blaðið, Sjónmál var metnaðarfullt en það kom út til ársins 1994, síðustu eintökin reyndar undir nafninu Sjónarhorn. Útgáfunni var þá hætt bæði af fjárhagsástandum og eins var ritstjórinn Þorvaldur Kristinsson þrotinn af kröftum enda hafði hann þurft að skrifa mestmegnis af efninu sjálfur. Farið var að gefa út fréttabréfið, Samtakafréttir í staðinn.



Sóðósystur, Þorvaldur Kristinsson og Ingi Rafn Hauksson, sungu sig inn í hjörtu allra sannra homma og lesbía. Sérstaklega þóttu þær taka ömmubæni með stakri þryði.



Hólmfríður Gísladóttir og Anna Sigríður Sigurjónsdóttir myndlistarmaður á dansgólfinu. (Ljósmynd Bára Kristinsdóttir)

### //Aftur barist fyrir lagabreytingum

Fyrsta konan til að verða formaður Samtakanna '78 var Lana Kolbrún Eddudóttir en hún varð jafnframt þriðji formaður félagsins árið 1989. Hún gegndi því embætti einungis í eitt ár þegar hún vék fyrir Guðrúnu Gísladóttur, sem var fyrrverandi formaður Samtaka lesbía og homma í



Eysteinn Traustason þjónar á barnum á Lindargötu.

Lundi í Svíþjóð.

Þorvaldur Kristinsson tók aftur við embættinu árið 1991 og var formaður til ársins 1993. Þá vék hann aftur fyrir Lönu Kolbrúnu sem sat í eitt ár. Baráttan fyrir bættri löggjöf fór á þessum tíma aftur á skrið fyrir alvöru. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir þingmaður Kvinnalista hélt fund með samkynhneigðum á skemmtistaðnum Moulin Rouge til að kanna viðhorf þeirra til réttarbóta. Hún flutti í kjölfarið nýja þingsályktunartillögu, ásamt fulltrúum allra flokka sem fól í sér skipan nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðra. Sú tillaga var samþykkt vorið 1992. Sama dag var samþykkt mikilvæg réttarbót fyrir samkynhneigða sem var lækkan samræðisaldurs sem er nú fjórtán ár án tillits til kynhneigðar. Áður höfðu mök við einstaklinga undir átján ára aldri verið óheimil samkvæmt lögum þegar um var að ræða samkynhneigða einstaklinga. Í nefndinni sátu auk fulltrúa frá ráðuneytum, þau Guðni Baldursson og Guðrún Gísladóttir sem byrjuðu í nefndinni fyrir hönd Samtakanna '78. Lana Kolbrún Eddadóttir tók skömmu síðar sæti Guðrúnar.

### //Bókavörður kveður

Á svipuðum tíma koma upp deilur innan Samtakanna, þegar tvíkynhneigðir kröfðust þess að verða sýnilegur hluti af félaginu. Gerð var tillaga um að breyta nafni félagsins í Samtök lesbía, homma og tvíkynhneigðra og að baráttu fyrir réttindum tvíkynhneigðra færi að sama skapi inn í markmið félagsins. Sú baráttu bar ekki árangur og olli deilum og andstöðu bæði innan stjórna og á aðalfundi en leiddi til þess að lítill hópur

klauf sig frá félaginu vorið 1994 og stofnaði annað sem bar heitið Félagið. Þar var pláss fyrir tvíkynhneigða og samkynhneigða og starfaði af krafti um árabil eða þar til það lognaðist út af. Félagið stóð fyrir mörgum áhrifaríkum atburðum og fór aðrar leiðir. Til að mynda fóru mörg þör á einum degi í Kringluna og vöktu athygli með því að leiðast án þess að þar væru höfð á lofti nein kröfuspjöld.

Nýja félagið fékk sér skrifstofu nánast við hlið Samtakanna '78 og starfrækti þar fjórar útlagabúðir en mikið af ungliðum fylgdi Félaginu að málum. Þetta var ekki síst blóðtaka fyrir Samtökin '78 meðan á þessu stóð vegna þess að Eysteinn

Traustason kröftugur liðsmaður sem hafði unnið að því hörðum höndum að byggja upp bókasafn félagsins, var meðal þeirra sem gekk út. Margir voru

Frá opnun félagsmiðstöðvarinnar við Lindargötu árið 1987. Katrín Jónsdóttir núverandi fræðslufulltrúi í forgrunni. Kristín Þorsteinsdóttir lengst til hægri og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir lyftir glasi að vörum.



Þróstur Guðbjartsson leikari á opnun við Lindargötu. Bak við hann á hægri hönd er Þorvaldur Kristinsson.



Guðrún Gísladóttir sem var formaður Samtakanna á árunum 1990 til 1991 í glerdögungunni 1993.





Borvaldur Kristinsson og Margrét Pála Ólafsdóttir fyrrum formenn Samtakanna ræðast við í göngunni 1993 á myndinni er einnig Sveinn Jónasson og Lilja Sigurðardóttir.

félagsmenn í báðum félögum og höfðu gaman af. Meðal annars félagsmaður númer eitt í Samtökunum '78, sem þarna var kominn um áttætt. Eysteinn var gagnrýninn á Samtökin þegar þarna var komið sögu fyrir marga aðra hluti. „Sum umræðuefni voru einfaldlega tabú og einstaklingar innan Samtakanna vildu hreinlega stjórna því hvernig fólk hugsaði,“ segir Eysteinn. „Mér fannst þetta aðeins of langt gengið.“ Eysteinn sagði að það væri ekki gott að banna fólk að taka þátt í félagsstarfi Samtakanna þegar þau hefðu að markmiði að berjast fyrir jafnrétti. Menn ættu að fá að skilgreina sig sjálfir án þess að félagið vildi ráða því. „Ég fór ekki aftur til starfa í Samtökunum 78, aðallega af því að mér fannst ég orðinn nátttröll í þessum félagsskap, hálfgerður atvinnuhommi.“

Árið 1993 gaf Hörður Torfason kost á sér sem formaður félagsins en gegn honum fóru bæði Lana Kolbrún Eddudóttir og Sigurður Einarsson. Lana Kolbrún fór með sigur að hólmi og sat í eitt ár. Hörður Torfason segir að samúð hans með málstað tvíkynhneigðra hafi ráðið mestu um það að hann féll í kjörinu.

### //Skemmtiklúbbur í útjaðrinum

Margrét Pála Ólafsdóttir verður formaður Samtakanna '78 árið 1994. „Þá voru breyttir tímar í samfélaginu og loksins kominn grundvöllur fyrir því að ná fullum mannréttindum,“ segir hún. „Samtökin '78 fengu hlutverk í baráttunni gegn alnæmi en það krafðist þess jafnframt að þau gengust undir naflaskoðun og tækju breytingum. Samtökin höfðu á skömmum tíma breyst frá því að vera hálfgerð huldusamtök í að takast á við mjög erfitt hlutverk og rækja það stórkostlega vel. Þau unnu



eiginlega kraftaverk í forvarnarstarfi vegna sjúkdómsins og það aflaði þeim virðingar. Það var ekki í boði fyrir samtökin að vera áfram fámennur skemmtiklúbbur, í útjaðri samfélagsins.

### „Margrét Pála segist hafa lagt á það mesta

áherslu í upphafi að ná að halda algerlega um stjórnartaumana sjálf en það hefði reynt konum erfitt. Þá hafi hún óskað þess fyrir sjálfan sig að geta síðar meir gengið ósköðduð frá formannsembættinu en ekki bitur og sár. „Ég setti mér það takmark að gera Samtökin '78 að faglegum félagasamtökum, en ég hafði mikla reynslu af félagsmálum þótt ég þekkti ekki innviði Samtakanna mjög vel. Þá var ég upptekin af ímynd og sýnileika en ég vildi festa þau í sessi sem mannréttindasamtök. Í þriðja lagi stefndi ég að því að Samtökin 78 fengju nýtt og betra húsnæði, helst í hjarta borgarinnar.“



Sandra Rúðólfsdóttir, lengst til vinstri, Dagný Hjörvarsdóttir og Anna Sigríður Sigurjónsdóttir.



Gangan á Laugavegi. Fremst fara Guðmundur Karl Friðjónsson, Dagný Hjörvarsdóttir og Björgvin.

Alnæmi hafði nú vikið fyrir öðrum áherslum. Þótt baráttan gegn sjúkdómnum væri hluti af starfsemi félagsins höfðu Alnæmissamtökin tekið yfir mikið af því forvarnar- og fræðslustarfi sem áður var unnið innan Samtakanna '78.

### //Út með klámið

Og Margrét Pála hóf ímyndarstarfið meðal annars með því að hreinsa út allt klám af bókasafni Samtakanna en leyfa í staðinn sérstakan skiptimarkað með klám. Þá bjó hún til skrifstofu úr herbergi í kjallara hússins við Lindargötu sem hafði áður hafði haft það hlutverk að vera myrkraherbergi á herrakvöldum. Húsið var svo málað gult og gláðlegt og miðhæðin fékk á sig yfirbragð venjulegrar félagsmiðstöðvar. „Þessu fylgdi auðvitað ágreiningur og ég get út af fyrir sig skilið það. En við vorum komin í samræður við stofnanir,

embættismenn og stjórnálamenn út af kröfu okkar um mannréttindi og við þurftum líka að taka til í eigin ranni til að hraða því ferli. Það má kalla þetta einskonar normaliseringu en þetta var aðeins hluti af heildaraðgerð. Við stækkuðum líka bókasafnið og réðum framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur og þjónustu fyrir gesti og gangandi í félagsmiðstöðinni alla daga. Allra stærsta atriðið í hinni breyttu ímynd var þó stóraukinn sýnileiki; pólitísk fjölmiðlaumfjöllun undir gunnfána mannréttinda svo og mjög áberandi og opinber stóratburður á hverju ári þar sem leitað var eftir stuðningi allra þeirra sem vildu virða mannréttindi. Þetta taldi ég nauðsynlegt til að ná víðtækri samstöðu meðal þjóðarinnar sem þurfti til að ná fram réttindum og viðurkenningu.“ Margrét Pála



Hinsegin bíódagur voru haldnir í fyrsta sinn í júní árið 1993 um leið og gleðigangan. Hvorttveggja var liður í að auka sýnileikann.



Lana Kolbrún Eddudóttir, fyrsta konan til að gegna förmennsku í Samtökunum '78, kynnr á Hótel Borg skýrslu um réttarstöðu samkynhneigðra sem varð grundvöllur að lagabreytingum árið 1996.

segist hafa talið að það væri komin tími til að skemmtistaðir borgarinnar tækju að mestu við skemmtihlutverki Samtakanna. Hún segir að félagsmenn hafi í raun aldrei verið sammála um hvernig húsið ætti að líta út. Í formannstíð Þorvaldar Kristinssonar hefði verið kvartað yfir því að félagsmiðstöðin væri eins og „biðstofa hjá geðlækni.“ Félagsmenn hefðu þó alltaf verið beittir gagnrýnendur.“ Og Margrét Pála segist sannfærð um að þetta hafi verið réttar ákvarðanir. Hún hafi einungis verið að hlýða kalli tímans. „Ég bretti upp ermarnar og hreinsaði til og tel í dag að öðruvísi hefði ekki verið hægt að taka á móti öðrum tíma og nýjum kynslóðum.“

voru sæmdir frelsisverðlaunum Samtakanna að þessu tilefni, þeir Guðni Baldursson og Hörður Torfason. Þá var í fyrsta sinn haldin kvikmyndahátíð homma og lesbía hér á landi, Hinsegin bíódagur en sú hátíð hefur verið haldin í þriggja, þar af tvisvar í samstarfi við Félag samkynhneigðra og tvíkynhneigðra stúdenta. Í bígerð er slík kvikmyndahátíð í fjórða sinn og þá í samstarfi við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík. En sumum þótti nóg um sýnileikann. Aðalhátíð Hinsegin bíódagur var í Háskólabíó en veitingahúsið Café Reykjavík lánaði húsakynni sín undir stuttmyndahátíð sem átti að standa yfir tvö kvöld. „Fyrri kvöldið urðum við vör við að allir þjónarnir hurfu úr salnum og furðuðum okkur

dálítið á því. Um það leyti sem kvöldinu er að ljúka tekur framkvæmdastjórinn mig út undir vegg og biðst undan því að við komum aftur síðara kvöldið. Hann gaf þá skýringu að þjónustufólkið hefði þurft áfallahljálpu vegna atriða í myndunum sem hefðu ekki verið neitt nema viðurstygilegt klám.“

### //Tvöhundruð manns í staðfestri samvist

Nefndin, sem þingið samþykkti að yrði skipuð, var eitt og hálf ár að störfum en árangurinn að nefndarstarfinu varð gríðarmikil skýrsla um stöðu samkynhneigðra í þjóðfélaginu, sem kynnt var á opnum borgarafundi Samtakanna '78 á Hótel Borg. Á grundvelli vinnu nefndarinnar var lagt fram lagafrumvarp um staðfesta samvist samkynhneigðra og verndarákvæði fyrir homma og lesbíur í refsilöggjöfni. Frumvarpið um staðfesta samvist varð að lögum á alþjóðlegum frelsisdegi homma og lesbía árið 1996 og þetta var mikilvægasta viðurkenningin sem samkynhneigðir höfðu fengið. „Ég fékk dagsetningunni hnikað til lögin áttu upphaflega að taka gildi fyrsta júlí. Það ríkti hátíðarstemning í Borgarleikhúsinu sem er ógleymanleg þeim sem áttu þess kost að vera með. Þátttaka Vigdísar Finnbogadóttur í hátíðarhöldunum vakti verðskuldaða athygli.“



Fjöldi fólks mætti á Hótel Borg.

### //Lögreglukórinn sló í gegn

Þann áttunda desember árið 1995 birtu Samtökin '78 heilsíðuauglýsingu í Morgunblaðinu þar sem fjöldi þjóðkunnra einstaklinga lýsti yfir stuðningi við mannréttindabaráttu homma og lesbía. Auglýsingin birtist í tilefni af Mannréttindahátíð Samtakanna '78 sem var haldin í Íslensku óperunni í tilefni af afmæli Sameinuðu þjóðanna. Fjölmargin listamenn lögðu hátíðinni lið og af öðrum ólöstuðum vakti þátttaka Lögreglukórsins einna mesta athygli. Tveir lykilmenn í baráttu samkynhneigðra á Íslandi



Guðrún Elísabet Jónsdóttir og Valgerður Marteinsdóttir voru fyrsta parið sem lét gefa sig saman samkvæmt nýjum hjúskaparlögum fyrir samkynhneigða.





Percy B. Stefánsson og Sigurður og Sólveig Jónsdóttir og Anna Sigríður Sigurjónsdóttir létu líka pússa sig saman.

Mary Robison forseti Írlands, hafði tekið formlega á móti forsvarsmönnum samkynhneigðra en þetta var í fyrsta sinn sem þjóðhöfðingi mætti til samkomu af þessu tagi,“ segir Margrét Pála. „Ég bar þetta undir Vigdísi en hún sagði að það væri frekar um að kenna skynsemiskorti annarra en framsýni hennar.“

#### //Fyrsta hjónabandið

Fyrstu pörin til að láta staðfesta samvist sína voru Guðrún Elísabet Jónsdóttir og Valgerður Marteinsdóttir. Alls hafa tvö hundruð manns látið

1997. Ég hafði séð flest markmið mín verða að veruleika og fór verulega sátt frá Samtökunum '78,“ segir Margrét Pála. Það vildi hinsvegar svo til að árið sem Percy varð formaður risu enn á ný upp deilur innan félagsins og þeim lyktaði þannig að hann sagði af sér formennsku. Við blasti stjórnarkreppa hjá Samtökunum og Margrét Pála var fengin til að fara í framboð. Ekki voru allir sáttir við endurkomu hennar og fylking innan samtakanna tefldi fram Guðrúnu Kristínu Guðfinnsdóttur sem formannsefni. Kosið var milli tveggja á þessum aðalfundi í fyrsta sinn í sögu Samtakanna. Örlögin höguðu því þannig að Margrét Pála sigraði með yfir-

burðum og hún var því á formannsstóli þegar úr húsnæðismálum Samtakanna '78 rættist fyrir alvöru. „Ég hafði einsett mér að skilja við Samtökin áður en ég yrði kalin á hjarta en því miður var ágreiningurinn svo harður, og svo þung og ljót orð féllu að mér tókst ekki að ná því markmiði mínu.“

#### //Fullum lagalegum réttindum náð

Samtökin '78 festu kaup á glæsilegu húsnæði á fjórðu hæð við Laugaveg 3 árið 1998 og fluttu þangað alla starfsemi sína árið 1999, þegar ljóst varð að rífa ætti félagsheimilið við Lindargötu. Borgaryfirvöld reiddu fram rúmlega helming kaupverðsins. Í hjarta miðbæjarins er nú félagsheimili, skrifstofur og bókasafn Samtakanna í dag en það margbreytilega starf sem unnið var innan vébanda félagsins hafði fyrir löngu sprengt utan af sér gamla bárujárnshúsið. Árið 2000 fengu samkynhneigðir rétt til að stjúptættleiða börn maka sinna væri þess óskað. Stjúptættleiðingar höfðu reyndar staðið all-

staðfesta samvist sína frá því að lögin tóku gildi. Konur sem láta staðfesta samvist sína eru ívið fleiri. En margir hlupu strax til í hita leiksins en að sama skapi var mikið um skilnaði. Þeir sem hafa gift sig síðustu árin hafa hlutfallslega verið lengur í samböndum. Margrét Pála vék fyrir Percy Benedikt Stefánssyni sem varð formaður árið

verulega í þingheimi en frumvarpi þess efnis sem fyrst var flutt af Ólafi Erni Haraldssyni þingmanni Framsóknarflokks hafði í tvígang verið hafnað, fyrst árið 1996 og aftur ári síðar. Guðrún Ögmundsdóttir þingmaður Samfylkingarinnar mælti ásamt fleiri þingmönnum úr öllum flokkum fyrir þingsályktunartillögu árið 2003 um skipan nefndar til að

Vigdís Finnbogadóttir mætti á hátíðarhöldin í Borgarleikhúsinu til að fagna nýjum lögum. Hún var fyrsti þjóðhöfðinginn í heiminum til að mæta á slíka samkomu.



Húsið á Lindargötu var rífið á endanum.

kanna réttarstöðu samkynhneigðra og gera tillögur til úrbóta.

Fulltrúi Samtakanna '78 í þeirri nefnd var Þorvaldur Kristinsson en Anni Haugen, einn reyndasti félagi Samtakanna '78, var fulltrúi Félagsmálaráðuneytisins. Nefndin var sammála um að banna ætti að mismuna samkynhneigðum á vinnumarkaði, þeir gætu skráð sig í sambúð líkt og gagnkynhneigðir og hún var sammála um að hvetja þjóðkirkjuna til að breyta afstöðu sinni hvað varðaði kirkjulega vígslu. Hún klofnaði hinsvegar þegar kom að því hvort lesbíur ættu að öðlast rétt til tæknifrjövngana og hvort samkynhneigðir mættu ættleiða börn frá útlöndum. Fulltrúar Samtakanna skiluðu ásamt fulltrúa Menntamálaráðuneytisins öflugum álitum og lögðu til að þetta yrði leyft. Hinn helmingur nefndarinnar var því mótfallinn. Í stað þess að ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar færi þá leið að semja frumvarp sem tæki mið af því sem allir urðu sammála um var lagt fram frumvarp árið 2006 sem var nánast samhljóða álitum Þorvaldar, Annar og fulltrúa Menntamálaráðuneytisins.

Lokasigrinum var fagnað þegar löggin tóku gildi á frelsisdegi homma og lesbía árið 2006. Samkynhneigðir geta nú skráð sig í sambúð án þess að staðfesta samvist sína og hafa um eitthundrað þör notfært sér það. Lesbíur fengu ennfremur heimild til að fara í tæknifrjövngun á opinberum sjúkrahöfnum og samkynhneigð þör fengu að ættleiða börn. Kirkjan stóð sem fyrr í vegi fyrir því að hægt væri að lögfesta kirkjulega vígslu svo löggin tóku eingöngu til borgaralegra athafna. Á síðasta Kirkjubingji var ákveðið að prestar mættu vígja sambönd samkynhneigðra ef þeir svo kysu en þeim bæri ekki skylda til þess. Bent hefur verið á að slík afstaða kirkjunnar sé tvíbent í meira lagi og gæti verið skref afturábak þar sem einstakir prestar hafi nú fengið grænt ljós á að mismuna sóknarbörnum sínum eftir geðþótta. Guðni Baldursson segir að fullum réttindum sé nú náð og kirkjan geti bara átt sig. „Það er í raun tíma-skekkja að kirkjan sé að blanda sér í veraldlegar athafnir af þessum toga og umsvif hennar fara minnkandi á því sviði sem betur fer.“

#### //Kirkjan hjálpaði til

Hrafnhildur Gunnarsdóttir var formaður á tímabilinu og fékk það verkefni í arf að passa uppá að ekki færi allt í háaloft í samfélaginu meðan löggin færu í gegn. Hún þakkar kirkjunni að löggin um tæknifrjövngun og ættleiðingar gengu jafn greiðlega fyrir sig á Alþingi og raun bar vitni. „Kirkjan þyrfaði upp moldviðri þegar fjölmiðlar gengu á presta vegna þessara vígslumála. Það varð til þess að andstaða við önnur og mikilvægari mál fyrir okkur, svo sem tæknifrjövngun og ættleiðingar kafnaði í fæðingu.



NÚ MÁ ÉG VERA GUNNAR Í KROSSINUM  
VONDA, VONDA STELPA....



Margrét Pála aðstoðaði við vinnuna.



**Formenn  
samtaka '78  
frá upphafi.**

Guðni  
Baldursson:  
1978 - 1986

Þorvaldur  
Kristinsson:  
1986 - 1989

Lana  
Kolbrún  
Eddudóttir:  
1989 - 1990

Guðrún  
Gísladóttir:  
1990 - 1991

Þorvaldur  
Kristinsson:  
1991 - 1993

Lana  
Kolbrún  
Eddudóttir:  
1993 - 1994

Margrét  
Pála  
Ólafsdóttir:  
1994 - 1997

Percy B.  
Stefánsson:  
1997

Margrét Pála  
Ólafsdóttir:  
1997 - 1999

Matthías  
Matthíasson:  
1999 - 2000

Þorvaldur  
Kristinsson:  
2000 - 2005

Hrafnhildur  
Gunnarsdóttir:  
2005 - 2007

Frosti Jónsson:  
2007 - ?





Við vorum guðslifandi fegin að rífast við svartstakka Þjóðkirkjunnar um kirkjulegar athafnir meðan þetta sigldi allt áreynslulaust í gegn.“  
En Hrafnhildur fékk einnig annað veigamikla hlutverk sem formaður. Hún kom því til leiðar að transgender fólk fékk formlega inni í félaginu með því að baráttu fyrir réttindum þeirra er nú hluti af markmiði félagsins. Að sama skapi fengu tvíkyrhneigðir líka sitt pláss, þrettán árum eftir lætin árið 1994. Hrafnhildur segir að Susan Stryker sem flutti fyrirlestur um reynslu sína sem transgender einstaklingur á Hinsegin bióðögum árið 2006, hafi opnað augu margra sem áður höfðu átt erfitt með að skilja sameiginlegan reynsluheim homma, lesbía og transgender fólks. „Ég var alveg ákveðin í að breyta þessu þegar ég tók við sem formaður en ég vildi fara þá leið að fræða fólk til að forðast sársaukafullar deilur. Það hafa alltaf verið margir innan Samtakanna sem hafa verið uppteknir af þessu „streit lúkki.““

### //Fjölbreytt þjónustustofnun í dag

Um fimmhundrað manns eru félagar í Samtökunum '78 en fjöldinn hefur fimmfaldast frá árinu 1990 en þá þótti það mikill áfangi að hafa náð eitthundrað félagsmönnum. Þeir viðburðir sem félagið stendur fyrir eru einn helsti félagslegi vettvangur hinsegin fólks. Enn þarf að standa skýran vörð um réttindi samkyrhneigðra, tvíkyrhneigðra og transgender fólks og hafa hugfast að fordómar eru enn til staðar í samfélaginu og nýir geta hæglega skotið rötum. Samtökin hafa tekið breytingum frá sínum sokkabandsárum og hafa nú borgaralegra yfirbragð en áður. „Samtökin hafa hægt og bitandi verið að breytast úr grasrótarsamtökum í þjónustustofnun en slík breyting var óhjákvæmileg,“ segir Hrafnhildur Gunnarsdóttir. „Það er fjöldi verkefna sem bíður Samtakanna '78, ekki síst hvað varðar þjónustu við homma og lesbíur,“ segir Þorvaldur Kristinsson. „Við eigum að þjónusta fólk frá vöggu til grafar. Svona samtök þurfa jafnt að eiga kistufána í regnbogalitum og geta leiðbeint lesbíum sem vilja fara í tækniþjóvngun. Það er heldur ekki óhugsandi að menn vilji til að mynda reisa elliheimili fyrir þennan hóp í framtíðinni. Við þekkjum dæmi um það frá öðrum löndum að það er full þörf á.“

„Samtökin verða að halda áfram að afla málstaðnum fylgis,“ segir Guðni Baldursson. „Það er margt ógert. Til dæmis þarf að skrifa söguna. Og fyrir hvern og einn er það mikilvægt að hafa stökkpall út í lífið þótt ekki sé nema í stuttan tíma. Þetta hefði allt verið auðveldara í gamla daga ef það hefði verið til svona félag.“  
Hinn gamli arfur baráttunnar lifir hinsvegar áfram í Hinsegin dögum sem hafa allt frá árinu 2000 verið fjöldasamkoma og á allra síðustu árum hefur aðsóknin nær slegið sjálfum sautjanda júní við enda fáir sem standast hommum og lesbíum snúning þegar kemur að því að skipuleggja íslenskt Karnival. Sextíu og sex manns tóku þátt í fyrstu gleðigöngunni árið 1993 sem Samtökin '78 stóðu fyrir og Sandra Björk Rúdólfsdóttir skipulagði með glæsibrag. Árið 1994 var afturgengið og mættu þá litlu fleiri. Það var árið 1999 sem fyrst voru haldnir útitónleikar undir merkjum Gay Pride hreyfingarinnar. Þá mættu fimmtán hundruð. Árið eftir fór aðsóknin fram úr öllum vonum en fimmtán þúsund voru við hátíðarhöldin í miðborginni. Í fyrra er talið að um sjötíu til átattíu þúsund manns hafi verið í miðborginni vegna Gay Pride hátíðarhaldanna. Það er ólíklegt að þátttakendur í fyrstu gleðigöngunum hafi órað fyrir því að þessi fyrsti vísir af gleðigöngu samkyrhneigðra á Íslandi yrði sú sigurganga sem á hverju ári liðast stolt og óbuguð niður Laugavegin.



Samtökin 78 fluttu inn í glæsilegt húsnæði árið 2000 í hjarta borgarinnar við Laugaveg.



# ALNÆMISFARALDURINN

Þröngi vegurinn til sigurs.

Eftir Böðvar Björnsson.



## **Við vissum ekki hvað beið okkar.**

Árið var 1983 og það var mikill baráttuhugur og lífsgleði innanborðs hjá Samtökunum '78. Við börðum ítrekað á dyr samfélagsins en enginn kom til dyra. Oft var okkur kurteislega bent á að hætta þessu vonlausa brambolti en oft var kurteisin víðsfjarri og hótanir lágu í loftinu. „Það fer best á því og er ykkur fyrir bestu að þið hafið hægt um ykkur.“ En það er alltaf smá glufa í öllum múrum og þar sem við lömdum samfélagið utan voru alltaf einhverjir sem komu úti glugga að skoða viðundrin (lesist „mannskapinn“) og sumir voru forvitnir og opnuðu gluggann og beindu til okkar einni og einni spurningu og fyrir kom að einn og einn hvílaði að okkur stuðningsyfirlýsingu og vinalegum orðum. En stofnanir samfélagsins voru harðlæstar og fjölmiðlar okkur mjög andsnúnir. Staðan var ekki góð.

Svo fór að berast ein og ein ljósmynd af grindhoruðum mönnum með beinaber andlit og sokkin augu.



En þrátt fyrir að illa gengi með baráttumálin gekk betur inn á við: okkur tókst að fá sífellt fleiri til að verða sýnileg, koma úr skápnum einsog það var kallað, þó það væri ekki nema í þröngum hópi eða á Samtakaböllum. Æ fleiri gengu til liðs við Samtökin '78. Hér gegndi skemmtanalífið innan Samtakanna aðalhlutverki. Það lokkaði marga út úr skápnum og hjálpaði þeim að kynna öðrum samkynhneigðum og öðlast jákvæðari sjálfsmynd. Og auðvitað var vonin um ástina og kynlífið sem skemmtanalífið lofaði öllum í ríkum mæli... aðalhvatin. Þótt hægt gengi var allt á uppleið og menn bjartsýnir og lífsglaðir.

### //Fyrstu fréttirnar

En þá fór að berast ein og ein frétt að utan um sjúkdóm sem virtist herja mest á homma. Sjúkdómurinn var í fyrstu illa skilgreindur og nafnlaus en svo virtist sem hann birtist í sortuæxlum og alvarlegri lungnabólgu og veikti ónæmiskerfið. Svo fór að berast ein og ein ljósmynd af grindhoruðum mikið veikum ungum mönnum, hommum, með beinaber andlit og sokkin augu. Sjúkdómurinn leiddi til dauða og engin lækning til og engin lækning í sjónmáli. Hvað var að gerast? Hvernig smitaðist sjúkdómurinn?



Upplýsingarnar komu hægt og bítandi. Uppúr 1980 veittu bandarískir læknar því athygli að samkynhneigðir menn voru að veikjast af sama sjúkdómi að því er virtist. Næstu árin jókst fjöldi veikra til muna. Fljótlega kom í ljós að hér var á ferðinni smitsjúkdómur sem eyðilagði ónæmiskerfið og leiddi til dauða. Áhættuhóparnir voru fyrst og fremst hommar og svo sprautufíklar en auðvitað gátu allir smitast. Smitleiðirnar voru kynlíf og blóðgjafir.

Þessar upplýsingar byrjuðu að streyma inn 1983 og þá oftast en ekki pakkaðar inn í fordóma- og hatursfullar hryllingsumbúðir. Maður þurfti oft að grafa eftir staðreyndunum í sorpblaðamenskunni. Fyrirsagnir eins og „Telur svínasótt orsök kynvillingaplágunnar í Bandaríkjunum“ (Mbl. 28.4.83) voru algengar. Hér eru tvö dæmi til viðbótar: „Vilja rannsaka alla kynvillinga í landinu“ (Sænsk heilbrigðisyfirvöld) (Mbl 18.8.93), „AIDS – Kynvillingaplágan“ (Dagbl 15.8.83) Þegar hér var komið sögu var komið nafn á sjúkdóminn, AIDS (Acquired Immune Deficiency Syndrome), sem á íslensku var nefnt eyðni og síðar alnæmi. Sjúkdómurinn var samt enn fjarri veruleika okkar hér á landi og við upplifðum hann aðallega í gegnum dagblöð og sjónvarp en ekki úr nánasta umhverfi. Næstu tvö árin gerðist lítið en sjúkdómurinn tikkaði inn í okkar hóp ósæður, einsog moldvarpa.

### //Viðurkenndu ekki samkynhneigð

Það var ekki fyrr en haustið 1986 sem alvaran blasti við. Þá var í Morgunblaðinu birt grein um útbreiðslu alnæmis hér á landi og tölurnar voru ógnvænlegar. Í ljós kom að 29 manns höfðu verið greindir með veiruna og 70% þeirra eða 20 manns voru hommar. Alls höfðu 116 hommar farið í mótefnaþælingu þannig að 17,2 % þeirra voru smitaðir. Þetta var stór hópur í litlu samfélagi og við vöknunum upp við vandan draum og skildum allt í einu að samfélagið var ekkert að sinna okkur - fyrr enn sem dauðvona sjúklingum á spítölum. En við vildum að samfélagið axlaði ábyrgð gagnvart samkynhneigðum og tæki á mjög slæmri félagslegri stöðu þessa hóps vegna þess að það væri besta forvörnin gegn alnæmi. Og við vildum öflugt forvarnarstarf sem beindist að samkynhneigðum. En hér stóð hnífurinn í kúnni.

Samfélagið hafði aldrei viðurkennt tilvist samkynhneigðra hvað þá réttindi til handa samkynhneigðum eða skyldur gagnvart þeim. En nú var sú staða komin upp að stofnanir samfélagsins neyddust til að byrja samræðu við samkynhneigða og það var í fyrsta skipti sem það átti sér stað.

Læknarnir Helgi Valdemarsson prófessor í ónæmisfræði og Kristján Erlendsson, nýtskrifaður læknir í ónæmisfræðum, riðu á vaðið og mynduðu tengsl og umræðugrundvöll við nokkra meðlimi Samtakanna '78. Þessi viðleitni þeirra til að mynda tengsl við stærsta áhættuhópinn og reyna að skilja sjónarmið samkynhneigðra í víðara samhengi var ekki alltaf vel séð af ráðamönnum. Yfirvöld vildu taka á sjúkdómnum







Samtökin '78 tóku forystuna í forvarnaráððri vegan alnæmis en sitt sýndist hverjum um það. Hér eru Þorvaldur Kristinnsson sem þá var formaður Samtakanna '78 og Böðvar Björnsson höfundur þessarar greinar.

án samvinnu við stærsta áhættuhópinn og án þess að nefna homma á nafn. Sumir vildu takast á við útbreiðslu sjúkdómsins með lögum, þ.e. með tilskipunum og þvingunaraðgerðum. Niðurstaðan var samt óumflýjanleg og það var samvinna við samkynhneigða. En það var bara eitt hænuskref í einu og samfélagið gaf ekkert eftir baráttulaust.

### //Margir veikir og deyjandi

Þegar hér var komið við sögu veturinn 1986 til 1987 var alnæmi í algleymingi. Staða samkynhneigðra hafði versnað til muna. Nú vorum við svo sannarlega sjúkir, sekir og syndugir eins og svo oft hafði verið bent á í gegnum tíðina. Það var eins og álagamyrkur legðist yfir gayheiminn. Það voru margir veikir og deyjandi í vinahópnum. Hvert sem við horfðum blasti við ósigur og hörmungar. Fjölmíðlar veltu okkur uppúr sorpblaðamennsku af verstu sort og almenningur var okkur mjög andsnúinn. Við bættist að fólk umgekkst okkur nú með varúð sökum smíthættu. Sorpblaðamennskan fór á flug með órókstuddar smitleiðir og sáði ótta, og það gekk svo langt að á tímabili kom upp umræða meðal vagnstjóra SVR að neita að taka við skiptimiðum sökum ótta við smíthættu. Geðheilsa okkar var ekki uppá sitt besta, menn urðu þunglyndir og kvíðnir og áfallastreita sagði til sín. Þá komu kristnir söfnuðir á mikilli ferð til að strá salti í sárin og deyða alla von. Það varð okkur mjög þungbært, þ.e. allur sá hatursfulli málflutningur sem forsvarsmenn kristinna trúfélaga dældu yfir samfélagið árum saman.

### //Kristinn hatursáróður

Þessi skipulagði kristni hatursáróður átti uppruna sinn í Bandaríkjunum. Ameríkumenn hafa aldrei kunnað að fara með trúarbrögð, eins og sumt fólk kann ekki að fara með áfengi. Þessir kristnu hópar höfðu mikil áhrif í þá átt að afvegaleiða umræðuna um alnæmi og samkynhneigð, og það hve litlu fé var varið til alnæmisrannsókna í Bandaríkjunum og kyntu þannig undir lífshættulegu hatri í garð samkynhneigðra. Hér á landi fóru mörg kristin trúfélög líka á flug með „refsingu guðs“ skilaboðin. Það var eins og það væri ekki nóg að veikjast og

lífa skelfilegar stundir og deyjá ungur úr illskæðum sjúkdómi. Kristin trúfélög þurftu líka að hella úr skálum reiði sinnar yfir þá deyjandi og formæla þeim og láta þá formlega vita að sjúkdómurinn væri refsing guðs fyrir illt líf. Að því kom að þjóðkirkjan lét málið til sín taka og á prestastefnu í Borgarnesi sumarið 1987 var eftirfarandi ályktað: „...að skora á alla kristna menn, gagnkynhneigða sem samkynhneigða, að sýna ábyrgð í kynlífi sínu, að fordæma engan og sýna fórnarlömbum eyðni og aðstandendum þeirra sannan náungakærleika.“ Þetta þótti mörgum djart og stórt skref hjá þjóðkirkjunni og spunnust deilur um þessa yfirlýsingu og sýnir það best stöðu samkynhneigðra á þessum árum. Þrátt fyrir að við fyndum lítið fyrir náungakærleik kirkjunnar verður að nefna að einstaka prestar skrifuðu framúrskarandi greinar í blöð okkur til stuðnings og má þar nefna Ólaf Odd Jónsson sóknarprest í Keflavík og Baldur Kristjánsson sóknarprest á Höfn í Hornafirði, svo einhverjir séu nefndir.

### //Sjúkdómur einmanaleikans

Ég ætla ekki að þykjast vita hvernig ungum deyjandi manni líður, en á þessum árum sagði eitt sinn rúmlega tvítugur smitaður vinur minn við mig: „Veistu, ég hef viðbjóð á sjálfum mér. Ég er sýktur og enginn vill snerta mig. Það sér mig enginn lengur.“ Alnæmi var sjúkdómur einmanaleikans og aðskilnaðarkenndarinnar. Hvernig er að vera ungur maður og ekki ástar verður? Upplifun þeirra sem fyrstir voru lagðir inn á sjúkrahús var skelfileg. Umgengni við þá var svo undirlögð af smitvörnum að þeir upplifðu sig sem lífshættulega og óhreina. Það var þó ekki við starfsfólkið á sjúkrahúsdunum að sakast, það reyndi eftir megni að láta mönnum líða

vel, en alnæmisóttinn hafði yfirhöndina.

Í desemberhefti tímaritsins Heimsmýndar 1987 kom í fyrsta sinn fram opinberlega íslenskur smitaður maður og ræddi líf sitt og veikindi. Það var Sævar Guðnason 38 ára gamall og bjó í Kaupmannahöfn. Fleiri komu svo á eftir honum og ræddu stöðu smitaðra og má þar nefna Einar Þór Jónsson sem gekk fram fyrir skjöldu og gaf alnæmissmituðum andlit hér á landi. Og það gat verið erfitt að vera smitaður í hommasamfélaginu. Þar var líka hægt að vera útskúfaður. Og það var þrautin þyngri að koma úr felum innan hommasamfélagsins sem smitaður einstaklingur.

Nú kom í ljós stór hópur íslenskra homma, töluvert stærri en við höfum gert okkur grein fyrir, sem flutt hafði utan áratuginna á undan og sest að bæði vestan hafs og austan.

Við heyrðum af andláti margra og sumir komu heim til að deyja. Það var ótrúlegt en einstaka fjölskyldur þessara manna afneituðu þeim líka í dauðastríðinu. Grimmindin í fordómunum lætur sjaldnast bíða eftir sér.

### //Vildu ekki bækling um hættulaust kynlíf

Það var haustið 1986 og við hjá Samtökunum '78 vorum komin í samræður við samfélagið og í fyrsta sinn fengum við lítilsháttar styrk frá opinberum aðila, þ.e. landlæknisembættinu til að sinna forvarnarstarfi. Við gerðum bækling um hættulaust kynlíf og reyndum eftir megni að ná til homma með árdóður fyrir hættulausu kynlífi og almennri upplýsingu um samkynhneigð. En það sýnir vel stöðu samkynhneigðra á þessu tímabili að fáir leyfðu okkur að láta bæklinginn um hættulaust kynlíf liggja frammi á opinberum stöðum. Flest apótek neituðu að láta bæklinginn liggja frammi og jafnvel Húð og Kyn neitaði að taka við bæklingnum og sagði að við gætum bara dreift þessu meðal okkar félagsmanna. Umræðan um alnæmi var komin á fullt í íslensku samfélagi og var séríslensk að innihaldi, því til að byrja með var alvarlegasta og mesta umræðan um hvað AIDS ætti að nefnast á íslensku. Um þetta spunnust hatrammar og langvarandi deilur uns niðurstaðan varð alnæmi. Þá kom botnlaus umræðan um kristna trú og samkynhneigð. Í þriðja lagi spratt upp umræða um að nálgast sjúkdóminn með lögum, þ.e. tilskipunum og þvingunaraðgerðum og herða lög um kynferðisbrot samkynhneigðra þar sem líkur væru á að samkynhneigðir kynferðisafbrotamenn



Þeir læknar sem líta við af-  
fönduráttinn eru á vanda-  
kallari AIDS hefur í orðsendingu  
af þjóðfélagslegri löngun þess að  
þjóðfélagið myndi taka tillit til all-  
staklinga og ekki aðeins alnæmi, en  
þessi tvö hafa verið áberandi þar  
þetta nýrta sem komið hefur  
fram um eyðni.  
Rök læknanna eru þau að  
eyðni-maður geti „samtíðis“  
einkennandi flestra til kynna að  
hefur sjúkdómurinn sé van-  
læmur“ og segja læknarnir fyrir  
að það sé enga þyngri orng að  
hafa lífshættulegan sjúkdóm.  
Þetta áberandi er þetta ekki  
að kringla í eyðni þess sjúka í  
lífi hans sem sjúkdómurinn er  
nefndur á orði. Alnæmi er af til  
vill ekki stíflaga jafnvægi orði, en  
þó hjartans yfir því en eyðni.  
Því því sjúkdómurinn væri  
kannur heilbrigði hefur verið heilt  
eða heilt af öllum löndum þess  
lífi, enda tilskipunum um eyðni,  
þjóðlega ástandi áberandi, og  
er alnæmi sjúkdómurinn, alnæmi  
og eyðni. Eyðni er yngri þessara  
orða, heilt til af Pál Bergþórsson  
og hefur samlega að mestu til-  
væðingu. Eyðni hefur alltaf  
sinnuð verið um alnæmi í fjö-  
söfnum. Samkynurinn um á-  
stunda hafa með því eyðni-  
hefinga, meðal annars Hlengi  
Halldórsson og Guð Jónsson.  
Páll Bergþórsson sagði þjóð-  
félaginu í gær að honum þyrfti  
eik lækningu ekki hlýðingandi.  
Eyðni væri af sér byggja sem  
að sjúkdómurinn í heilt, frá  
frumstigi til lokastigi, orðið af-  
mætt því hinvegar aðeins var-  
na stjarna, og væri af sökkur  
lækningaþinga. Þar þetta ekki  
stíflaga þetta þá því orði, - hin-  
vegar þetta orðið eyðni ekki af  
sérá sérá stíflaga. Meira manna  
ekki rugga því samum við-ryng.  
- eyðni heit fyrir og heitit við-  
læta sjúkdómurinn til eyðinga.  
Þar að sökkur manna hafa í  
laga að Grænland væri ekki  
mjög hlýlegt, þetta orðið heit  
það til kynna, sagði Páll.  
Halldór Halldórsson sagði með-  
lingur og stjarnaþingur (þjóð-  
stjórn, stjórnir o.á.) tók í sama  
stærð og Páll. Eyðni væri ekkert  
meðan af heilaga löngunum,  
„eyðni“, sem það sem eyðni-  
stjarna, í þessu lífi sjúkdómurinn  
er líkama. Eyðni heit þetta  
heilt af vera ekki orðið um sökkur  
af þessum sjúkdóm, alnæmi væri  
hinvegar stjarnaþinga stíflaga. Þetta  
heit heit af öllum löndum orði,  
samkynurinn heitit orði sökkur,  
af það væri heit sjúkdómurinn  
sem stjarnaþinga heitit orði, heitit  
sjúkdómurinn stjarna. Þetta  
heit heit alnæmiþinga af sökkur,  
af sökkur alnæmiþinga af sökkur,  
af sökkur alnæmiþinga af sökkur.  
Halldór Jónsson heit heitit  
meðan sagði að stjarna þetta  
heilt væri heit til þessara orði  
á þessum heit. Almennur, al-  
næmi og eyðni sama til veri  
meðan og við sökkur, af stjarna-  
til af stjarna manna heitit af stjarna  
stjarna orði. Hinvegar þetta  
ekki til þetta orði sökkur til af  
þessum sjúkdóm, samkynurinn heitit  
meðan af heilaga löngunum og sökkur.  
Í stjarna þjóðfélagi við þetta  
meðan kom fram af af sökkur  
væri á þessum stjarnaþinga af  
eyðni þetta heitit heit, alnæmi,  
hinvegar sökkur, - og kynurinn  
lækningu af vera af af sökkur  
eyðni sem stjarnaþinga heitit up-  
heilt, en alnæmi stjarnaþinga af heitit  
stjarna þetta. -

væru smitaðir. Loks kom hin opinbera faraldursfræðilega töluumræða, þ.e. nokkrum sinnum á ári voru birtar tölur um fjölda smitaðra og fjölda með alnæmi á lokastigi og fjölda látinna. Þetta var svo borið saman við tölur erlendis frá og var þetta inntakið í opinberum afskiptum af sjúkdómnum.

### //Réttindabaráttan brunarústir

Síðast kom svo það sem hefði átt að byrja á – og það strax árið 1983 –þ.e. samvinna við samkynhneigða og forvarnir sem beint væri að hommum og samræða um tengsl smithættu og skelfilegrar stöðu samkynhneigðra. Samtök áhugafólks um alnæmisvandann, Alnæmissamtökin, voru stofnuð 5. desember 1988 með það að markmiði að stýðja smitaða og sjúka og aðstendur þeirra og var Auður Matthíasdóttir félagsráðgjafi fyrsti formaður samtakanna. Þegar félagið ýtti úr vör fékk það styrk frá landsnefnd um alnæmisvarnir og Rauða krossi Íslands og allur ágóði af tönleikum Bubba, Megasar og Harðar Torfa í Háskólabíói rann til félagsins. Þetta var nýlunda og stórt skref framávið, að opinberar stofnanir, félagasamtök og listamenn legðu samkynhneigðum og alnæmissmituðum lið. Enginn sem ekki lifði þessa tíma getur gert sér grein fyrir örvæntingunni og vonleysinu sem ríkti í hommasamfélaginu á þessum upphafsárum alnæmis. Við vorum að upplifa plágu sem var að stráfella okkur og réttindabaráttan var brunarústir einar.

### //Lesbiurnar stíga fram

Lesbiurnar höfðu frá stofnun Samtakanna '78 tekið virkan þátt í störfum félagsins og nokkrar verið mjög áberandi og drífandi. En lesbiurnar voru oftast meira í baklandinu og faliðaðri en hommarnir. Á þessu átti þó eftir að verða breyting. Þegar framvarðsveit hommanna var á stundum orðin faliðuð og bitlaus uppúr 1998 og alnæmisfaraldurinn og andúðin á okkur virtist ætla að hafa betur, þá komu lesbiurnar úr baklandinu og fylltu skörðin. Og þær gerðu gott betur, því þær voru frískar og fullar af eldmóði. Í desemberhefti





tímaritsins Mannlífs 1987 var viðamikil grein sem bar yfirskriftina: Íslenskar lesbíur – á leið úr felum. Þessi grein var lýsandi fyrir framsókn lesbía á þessum árum og í kjölfarið létu íslenskar lesbíur æ meira til sín taka í Samtökunum og umræðunni almennt í samfélaginu. Upp úr þessum breytingum tóku konur æ oftar við formennsku í Samtökunum '78.

### //Kynslóðaskipti í Samtökunum

Alnæmisfaraldurinn – þröngi vegurinn til sigurs. Á margan hátt óviðeigandi fyrirsögn, því sigur er aldrei innifalinn í þeim ómældu þjáningum og mannlífum sem alnæmisfaraldurinn hefur kostað. En þrátt fyrir allt var það alnæmisfaraldurinn sem kom okkur á kortið og gerði okkur sýnileg og neyddi samfélagið til að viðurkenna tilvist okkar og eiga við okkur rökræður og tengjast okkur á víðtækan hátt. Það byrjaði smátt, með samtölum við nokkra lækna og fjölbreyttri alnæmisumræðu í samfélaginu sem þróaðist undirfljótt í varanleg tengsl við stofnanir samfélagsins. Þetta opnaði svo augu sumra stjórnmalamanna fyrir bágrí stöðu samkynhneigðra hér á landi. Strax árið 1990 var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir alþingismaður byrjuð að vinna að réttarbótum fyrir samkynhneigða. Og árið 1991 lagði hún fram sitt fyrsta þingmál, þá þingmaður Kvinnalista, um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðum. Ekki hlaut það brautargengi það ár en veturinn eftir flutti hún það aftur ásamt þingmönnum úr öðrum flokkum og samþykkti

þá félagsmálanefnd að kanna stöðu samkynhneigðra á Íslandi. Í framhaldi af vinnu þessarar nefndar voru síðan samþykkt á Alþingi lög um staðfesta samvist sem gengu í gildi í júlí 1996.

Samtökin '78 höfðu alla tíð að meginhluta verið grasrótarhreyfing, harðskeytt baráttusamtök. En alnæmið breytti öllu og líka Samtökunum '78. Í kjölfar alnæmisfaraldursins og vaxandi tengsla Samtakanna við stofnanir samfélagsins, þróuðust baráttu- og vinnuaðferðir Samtakanna eðlilega í átt til lobbyisma, því það er tungumálið sem stofnanir samfélagsins ræða saman á.

Það urðu einnig mannabreytingar um borð í Samtakaskútunni. Frá upphafi hafði baráttan verið drifin áfram af ógrandi skemmtanasjúkum drottningum, droppátum og uppreisnarfólki af öllu tagi ásamt einstaka

menntamönnum. En nú þegar storminn fór að lægja og það var orðið tiltölulega óhætt að koma út, barst okkur stór liðsauki af lífsglöðu, drífandi og hæfileikaríku sérmenntuðu fólki – og gamla liðið hvarf smátt og smátt inn í baklandið. Það urðu kynslóðaskipti í mörgum skilningi.

### //Alnæmi er enn á meðal okkar

Eins og áður sagði voru löginn um staðfesta samvist samþykkt 1996. Það var stór stund og loksins hafði sambúð samkynhneigðra verið viðurkennd af löggjafanum. En önnur stund þetta sama ár var ekki síður mikilvæg. Það var í febrúar 1996 þegar alnæmislyfin komu. Ekki að endanleg lækning væri komin, heldur var nú hægt að tefja framrás sjúkdómsins. Þeir sem voru við dauðans dyr í byrjun febrúar 1996 voru klæddir og komnir á ról í maí og ekki að sjá að þeir hefðu nokkurn tíma verið veikir. Álagamykrinu létti smátt

og smátt og það kom aftur glampi í mörg augun.

Það skýtur kannski

skökku við, en við sem lifðum þessa tíma teljum – eins og margir þeir sem á eftir okkur komu – að alnæmisfaraldurinn hafi verið 1986 til 1996. Alnæmið er nefnilega enn á meðal okkar og engin lækning enn til. Bara lyf sem hefta sjúkdóminn. Það var því vont að heyra að nýlega sátu nokkrir strákar á gaybar í Reykjavík og blésu upp smokka sem Samtökin höfðu borgað og dreift ókeypis meðal homma.

Þessum marglitu blöðrum var svo kastað á milli. Þegar ung lesbía gerði athugasemd við þetta sögðu þeir. „Í hvað annað ættum við svo sem að nota þessa smokka?!“ Ég segi að lokum: Bara að þessir smokkar springi nú ekki í andlitnið á þeim.

**ADGÁT Í KYNLÍFI**  
**KARLMENN SEM HAFNA KYNMÖK**  
**VIÐ ADRA KARLMENN**

Enn sem komið er þekkjum við aðeins eina leið til að smitast ekki af HIV, veirunni sem veður alnæmi: HÆTTULAUST KYNLÍF. Lykil-æðin eru: HVER OG EINN BER ÁBYRGÐ Á SJÁLFI SÉR.

**HÆTTULAUST KYNLÍF**

- að fróa sér með öðrum
- líkamnuð, átíot og laðmiög
- kossar á búðina og þurrir kossar
- hjálpartaki ástarlífsins – sé þeim ekki deilt með öðrum

**SENNILEGA HÆTTULAUST KYNLÍF**

- samfarir með verjum. Notið svokölluð vatnsleysanleg krem en ekki fitarík krem eins og vaselín. Þau geta skemmt gömmi og því komið gótt á verjuna
- votir kossar

**HÆTTULEGT KYNLÍF**

- að hafa samfarir án þess að nota verjur
- að sleikja eða stjuga lím án þess að notaðar séu verjur
- að gleypa sæði
- að sleikja endafarm

**GERDU RÁÐ FYRIR AD ALLIR SEM ÞU HEFUR KYNMÖK VIÐ GETI VERIÐ SMITADIR**

SETTU ÞÉR ÖRUGGAR REGLUR Í KYNLÍFI SEM ÞU VEKUR EKKI FRÁ. MUNDU AD NOTKUN VIMMEFNA SLÆVIR DÖMGREINDINA OG BYÐUR HÆTTUNNI HEIM

**LEITADU ÞÉR NÁNARI UPPLÝSINGA**  
Samtökin 78. Sími 28539  
Ráðgjafarþjónusta mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga kl. 20-23.  
Samstarfsnefnd Landspítala og Bogaerspítala um alnæmi. Sími 622280  
Ráðgjafarþjónusta miðvikudaga kl. 18-19.  
Gefið af Samtökunum 78 með styttri heilbrigðisráðgjafunni

### Eyðni

# Hættulaust kynlíf

Upplýsingar og fræðsla þau vopn sem duga gegn eyðni

Kynlíf homma getur verið hættulaust ef rétt er að því staðið sögðu talsmenn samtakanna 78 þeir Böðvar Björnsson og Þorvaldur Kristinsson þegar þeir kynntu nýjan bækling, sem samtökin hafa nýverið gefið út í samvinnu við Landlækni.

Böðvar Björnsson starfsmaður á skrifstofu samtakanna sagði að nú væri verið að dreifa bæklingnum og ætti hann að liggja frami á heilsugæslustöðvum og apótekum, skólum og skemmtistöðum og sem víðast yfirhöfuð.

Markmiðið með útgáfu hans væri að ná til sem flestra með upplýsingar og ráðgjöf en það væru þau vopn sem helst dygðu til að hefta útbreiðslu eyðnisjúkdómsins illræmda.

### Samtökin 78:

# Baráttu gegn útbreiðslu eyðni

SAMTÖKIN 78 hafa ráðið starfsmann til fræðslu og ráðgjafar. Báðir þessi þættir miða að því að fræða fólk um sjúkdóminn eyðni, hvernig hann berst milli fólks og hvernig helzt sé hægt að komast hjá smitun. Jafnframt hafa samtökin gefið út bækling um þessi atriði í samvinnu við embætti landlæknis. Embætti hans og borgarlæknis annast dreifingu hans að hluta til.





Eftir Hilmar Magnússon

# DROTTNINGAR Á DJAMMINU

Molar úr skemmtanalífi hinsegin fólks á Íslandi



DROTTNING Í RÍKI SÍNU  
Páll Óskar Hjalmtýsson kann lagið á þegnum sínum og  
tryllir lýðinn á hátíðarballi Hinsegin daga á NÖSU við  
Austurvöll 11. ágúst 2007.

Mynd: Morgunblaðið





## Í UPPHAFI FERÐAR

### //Athafnarými fyrir annars konar fólk

Hinsegin skemmtanamening, eða hin svokallaða sena, sprettur ekki af sjálfu sér hvar og hvenær sem er. Hún er flókið borgarfyrirbæri sem fær hvorki lífað né dafnað nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi skilyrði verða fyrst til hér á landi þegar nokkuð er liðið á 20. öldina, en þá hefur íbúum hinnar ungu Reykjavíkur fjölgað til muna. Einnig þeim sem upplifa annars konar ást og kynhneigðir. Hinu vaxandi borgarsamfélagi fylgja líka fleiri byggingar, fjölbreyttari göturými og þar af leiðandi æ fleiri skúmasket. Sviðið hefur víkkað og dýpkað og tækifærunum fjölgað. Það hefur verið skapað rými til athafna.

### //Hreyfanleikinn í huliðsheimum

Þessi nýskapaða menning er í fyrstu hulin sjónum almennings. Hjarta hennar fer vissulega að slá örur, en takturinn er ávallt rígbundinn þeim neikvæða tíðaranda sem neyðir hina forboðnu með kenndir sínar niður undir yfirborð jarðar. Óttinn er slíkur og þögnin svo löng að hraðari og háværi taktur er illmögulegur að sinni. Ekki má heldur gleyma því að, fyrir utan næturbjart sumarið, liggur það í eðli næturlífsins að lífa í skjóli myrkurs. Og það er margt sem myrkrið veit og margt sem aldrei ratar fram í skerandi dagsljósið.

Íbúar þessara huliðsheima flytja sig líka ört á milli öldurhúsa bæjarins næstu áratugi. Sumir eru í leit að saklausri skemmtan og upplýtingu. Aðrir á flótta undan sjálfum sér og lífnu og enn aðrir í leit að leikfélaga eða lífsförunauti. Líkt og gagnkynhneigðir samborgarar þeirra eru þeir á einn eða annan hátt að uppfylla þörf mannskepnunnar fyrir lífshamingju. Bara á forsendum annarra.

Hér, eins og annars staðar, lýtur hinsegin fólk nefnilega hinu gagnkynhneigða forræði í einu og öllu. Hér beygir það sig undir ægivald duttlungafullra skemmtistaðaeigenda sem oft meina því aðgang og hrekja á milli staða. Og þótt óréttlætina sé stundum mótmælt er það ekki fyrr en með léttara andrúmslofti undir lok 20. aldar að fólk fer að skemmta sér á eigin forsendum.

### //Tískan og tíu mínúturnar

En það er ekki mótlætið eitt sem veldur hreyfanleikanum. Þar sem tískan er gráðugur húsbóndi líður ekki á löngu áður en staðurinn í dag verður óhjákvæmilega staðurinn í gær og jafnvel gömlu fastagestirnir fara þangað sem vinsælast er að vera. Nýr, heitari og troðfullur staður tekur við. En tískan snýst í hringi og nýja staðarins bíða brátt sömu örlög og þess gamla, sem þá skýtur hugsanlega upp á yfirborðið á ný.

Og þar sem Íslendingar eru neysluglatt áhlaupafólk með athyglisbrest snýst hjól tískunnar afar hratt á skerinu. Kappið ber oft líka forsjána ofurlíði og stundum er því lagt upp í ferðina með bjartsýnina sem hina einu rekstrarlegu forsendu. Er þá nokkuð skrítið að margir upplifi íslenska skemmtistaði sem einnota vöru með 10 mínútna líftíma? Eða að oft reynist örðugt að staðsetja kynviltar klubbaverur í tíma og rúmi?

### //Óminnisþokan er fullkomin fjarvistarsönnun

Svo er það máttur óminnisþokunnar. Henni má nefnilega aldrei gleyma þegar rifja skal upp hvað gerðist á djamminu. Ólíkt óminni stjórnmálamannsins er þessi þoka líka ekta, sveipar minningarnar sinni óskýru slæðu til frambúðar og veitir þar af leiðandi fullkomna sönnun fyrir fjarvist frá atburðarás gærkvöldsins. Sérstaklega ef glösin voru fleiri en tvö eða þrjú.

En stundum léttir þokunni. Þá skríða minningarnar fram úr fylgsnum sínum og bjóða í gönguferð um hinn gullna veg hinsegin skemmtanalífs. Og fyrst er gengið um skemmtistaðina.

## 1940-1950

### //Borgin vaknar

Það er ekki ofsögum sagt að allt frá árinu 1930 hafi hin aldna dama Hótel Borg borið höfuð og herðar yfir keppinauta sína á þessu hinsegin sviði. Þarna stendur hún enn vaktina við Austurvöll, stundum þreytt, en samt nánast eins og eilíf innan um alla hina staðina sem virðast í samanburðinum lífna og deyjja í senn. Þarna hefst sagan og þangað leitar fólkið aftur og aftur eftir hinsegin skemmtimenningu. Borgarmeningu á Hótel Borg. Þórir Björnsson er hommi á níræðisaldri og man því tímana tvenna: Já, Borgin hefur sko alltaf verið við lýði sem okkar samastaður. Eða, allavega allt frá seinni heimsstyrjöld.



Á stríðsárunum fylla líka þúsundir hermanna bæinn. Þeir koma við á Borginni, halda uppi fjörinu og íslenskar stúlkur „lenda í ástandi.“ Og þar sem hinsegin kenndir loða jafnt við heri sem aðrar samfélagsstofnanir, lenda samkynhneigðir bræður stúlkanna líka í ástandinu. Dátarnir hafa vakið Borgina til þeirrar hinsegin tilveru sem Þórir lýsir: Það voru ógurlega margir íslenskir strákar með hermönnum og upp frá þessu voru menn þarna í kringum aftari barinn og svo á dansgólfinu. Og brátt fyrir þögnina fór það ekkert á milli mála hverjir voru gay. Menn runnu einhvern veginn alltaf á lyktina.

Á stríðsárunum hefur Þórir reyndar enn ekki aldur til að renna á lyktina af amerísku liðsföringjunum inni á Hótel Borg. En þá má alltaf reyna við aðra staði.





**HÓLMUR Á HVOLI**  
Fimmtí áratugur 20. aldar. Fólk á róti eftir bæjarorýggjinni. Eimskipafélagshúsið gnæfir tilkomumikið yfir, en lengst til vinstri má sjá Hafnarstræti 15 þar sem matstofan Hvoll er til húsa. Almenningsalernin húka á hafnargarðinum lengst til hægri.

Mynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur

## //Hafnarkrár og heiðarbullur

Og þeir eru skammt undan. Á þessum árum blómstra nefnilega mat-stofurnar Hvoll í Hafnarstræti 15 og Heitt og kalt í Veltusundi 1. Þetta eru vinsælir viðkomustaðir og mikið stundaðir af hommunum. Hvoll er staðsettur í því sögufræga húsi sem á 3. og 4. áratugnum hósti hinn skuggalega Bar Reykjavík, en við þann stað eru „Bar-rónarnir“ eða bara „rónarnir“ kenndir. Þar er veitingastaðurinn Hornið í dag. Þórir hefur orðið: Hvoll var alveg sérstaklega þægilegur. Þar gátu menn gengið inn frá höfninni, reynt að koma auga á einhvern álitlegan svo lítið bæri á um leið og þeir gengu í gegn, og farið svo út Hafnarstrætismegin. Einir eða við annan mann.

Matstofurnar njóta líka nálægðarinnar við höfnina. Hér er urmull báta, skipa og sjómanna og mikið líf og fjör. Í námunda við Eimskipafélags-húsið eru líka almenningsalernin. Já, þetta „pisssoir“ var dularfullur staður og þar komust ungu einhleypu strákarinn í kynni við útlenda hermenn í skjóli nætur. Og þarna var líka meira en nóg af harðgíftum íslenskum karlmönnum. Ekki síst þeim eldri.

Ef menn eru ekki þeim mun fengsælli við höfnina má bregða sér á Vesturgötu 45, þar sem veitingastofan Westend er til húsa. Þangað venja hermenn líka komur sínar. Og unga fólkid eltir: Sko, þessi staður var ekki beint gay, ekki frekar en Borgin, en þarna var nú



**HÝRIR HERMENN?**  
Þeir virðast að minnsta kosti nokkuð hánir þessi bresku hermenn uppi á Fróni í síðari heimsstyrjöldinni.

Mynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur

samt alltaf eitthvað. Það var nú bara þannig að þar sem hermennirnir voru, þar var alltaf von á einhverju. Þetta var algjör hörmung á tímabili, maður hreinlega óð í karlmönnum.

Og ef ekkert var þar að hafa mátti jafnvel bregða sér í langferð upp í Baldurshaga, sem var steinsnar frá einum braggakampi hermannanna, rétt við Rauðavatn. Þórir lýsir veitingastað í stóru húsi: Þetta var bara búlla. Þarna var hægt að tylla sér við borð, en þó var einnig boðið upp á músik og hægt að dansa. Inn slæddist svo alls konar lýður, þar á meðal amerísku hermennirnir og það sem þeim fylgdi.

## 1950-1960

### //Mótunarár reykvískrar æskumenningar

Heimsstyrjöldinni lýkur og sigurvegararnir skrifa nýja mannkynssögu með köldu stríði og kjarnorkuvá. Og amerískri hersetu. Árið 1951 fer reykvíska ungskáldið

Elías Mar að leita að Könunum og íslenskum lagskonum þeirra, en hann hyggst gera samskiptum þeirra skil í sinni næstu bók. Í þessum tilgangi fer hann á kaffihúsið við Laugaveg 11, þar sem í dag er veitingahúsið Ítalía. Þar finnur hann hvorki Kanana né stelpurnar, en í þeirra stað fær hann ódýrt kaffi með ábót, og brátt aukast vinsældir staðarins til muna. Hommi og fyrrum tíður gestur á kaffihúsinu lýsir stemmingunni: Þetta var mjög góður staður og þótt einungis væri selt kaffi man ég nú eftir gestum að púkrast með áfengi undir borðum. Þarna komu margir mætir andans menn og mikið skrafað um listir og bókmenntir. Elías Mar, Dagur Sigurðarson skáld og félagar voru paulsetnir þarna. Enda máttu menn sitja eins lengi og þeir vildu. Og það eru ekki einungis ungskáldin og listamenirnir sem sitja á kaffihúsinu dagana langa við sköpun hinnar nýju og hinsegin Reykjavíkursögu:

Gestirnir voru ágætis blanda af hinu og þessu fólki.

Menntskælingarnir úr MR og Verzló voru til dæmis afar áberandi og svo vorum við hommarnir þarna náttúrulega líka. Margir okkar voru í skápnem en það kom nú ekki í veg fyrir að hægt væri að gera sér dælt við aðra stráka þarna.



**RÆTT UM LISTINA OG LÍFIÐ**  
Gestir á Laugavegi 11 á 6. áratug 20. aldar. Frá vinstri má sjá Jón Laxdal Halldórsson, leikara; Elías Mar, skáld; Kristín Gestsson, píanóleikara; Sturlu Tryggvason, víóluleikara og Dag Sigurðarson, skáld.

Mynd: Ljósmyndasafn Reykjavíkur

## 1960-1970

### //Borg í viðreisn og hommar á Háabæ

Laugavegur 11 er sóttur af hommunum meira og minna allan 6. áratuginn, eða allt þangað til aðrir staðir taka við. Samkvæmt lögmálinu. Sjöundi áratugurinn verður svo áratugur Viðreisnarstjórnar í landsmálum og samkvæmt Þóri upplifir Hótel Borg líka sína eigin viðreisn:

Já, vinsældir hennar hafa farið upp og niður, en hádegisbarinn, sem var frá tólf til hálf þrjú á laugardögum, var alltaf sérstaklega öflugur.

Annar hommi kastar frekara ljósi á ástandið:

Við vorum töluvert á Borginni á árunum '62-'64 og sumir gengust jafnvel við samkynhneigðinni væru þeir spurðir. Málið var bara að það spurði enginn. Fólk hélt, vissi og hvíslaði en enginn talaði um þetta. Enda voru menn kannski ekkert komnir þarna eingöngu til að kjafta.

Mönnum ber saman um að á þessum árum hafi barinn á Naustinu einnig verið töluvert vinsæll viðkomustaður. Þórir nefnir líka Glaumbæ:

Já, hann var alltaf dálítið gay. Þar var alltaf eitthvað að gerast, eða allt til að hann brann 1971.

Í apríl 1962 opnar svo veitingastaðurinn Háabær efst á Skólavörðuholtinu, þar sem nú er Hótel Leifur Eiríksson. Staðurinn er lítill og

dálítið úr leið og veitir kærkomið skjól frá skarkala miðbæjarins. Á neðri hæðinni er bar og matstofa



sem selur kínverskan mat. Á þeirri efri er annar bar og setustofa og þangað fara hommar og listamenn að venja komur sínar upp úr 1964. Einn gestanna lýsir staðnum: Þetta var góður veitingastaður, en heldur dýr. Þarna var mikið um að vera, sérstaklega á föstudagskvöldum og geysimikið um homma. Stundum upp undir 20-30 manns á barnum, sem líklega rúmaði um 40 manns. Andrúmsloftið var virkilega notalegt og bauð upp á mikið sull, sukk og kjaftagang. Starfsfólkið vissi allt um okkur hommana og það var bara hið besta mál.

Þórir bætir við:

Dagurinn hófst oft á Borginni í hádeginu, svo var heimapartý og að lokum farið á Háabæ um kvöldið.

Seinna er garðurinn við húsið opnaður og kallaður „Garður hins himneska friðar“. Borðum og bekkjum er slegið upp, boðið upp á tónlist og vinsældirnar aukast. Gestum af öðru sauðahúsi fer fjölgandi, en eftir því sem stemmingin breytist tínast hommar hljóðlega á brott, einn af öðrum.

## 1970-1980

### //Bömpað á Sesari og troðið upp í Stúdentakjallaranum

Þegar síðustu hommarir yfirgefa Háabæ um miðjan 8. áratuginn hefur enn á ný færst fjör í Borgina. Haukur Morthens, Óli Gaukur og Svan-hildur halda uppi stuðinu og hommarir stíga jafnvel nokkur varfærnisleg spor saman. Mest þó í gríni. Á þessum árum fer líka að verða ákveðin gerjun í skemmtanálifinu. Diskóið fer að ryðja sér til rúms og upp spretta nýstárlegir skemmtistaðir. Veturlíði Guðnason lýsir Sesari sem opnar í Ármúlanum 1975: Sesar var svona upplýstur diskóstaður með ljósum í gólfinu og veggjunum og allir að dansa bömp og voða skrítið. Þangað fjölmenntu hommarir og voru bara við dansgólfið. Það var ekkert sem heitir!

Og sama ár og hommarir fara að bömpa á Sesari opnar Stúdentakjallarin. Hann er af allt öðrum meiði og verður á næstu árum gríðastaður margra lesbía. Lára Marteinsdóttir er ein þeirra: Það var alltaf gott að sækja kjallaran heim. Þarna var sambland af stúdentum, listamönnum og leikurum og mikið um tónleika og uppákomur. Jafnvel kom fyrir að lesbíur tróðu upp. Gestirnir voru líka það opnir og frjálslýndir að þeir tóku okkur afar vel og við urðum hluti af hópnum.



## 1980-1990

### //Óðal varðanna, kynvilltur Klúbbur og séreignarréttur á Safarí

Þegar nær dregur árinu 1980 verður sviptivindasamt. Sesar leggur til dæmis upp laupana og er leystur af hólmi af stjórnun prýddri Hollywood. Borgin er enn á ný í góðri sveiflu og samkvæmt Lára ríkir þar nú dálítið vinstrisinnað andrúmsloft: Já, þarna blönduðum við geði við hugsjónafolk úr pólitík og listum. Stemmingin var því oft mjög róttæk og umræður lífligar. Diskórottningarnar fóru hins vegar bara í Hollywood.

Og ekki má gleyma Óðali. Sá staður opnar 1971, öðlast vinsældir meðal hinsegin fólks í lok áratugarins og er farinn að skáka Borginni árið 1982. Fimmfundagskvöldin verða vinsæl og hefjast þá oft með viðkomu í Samtökunum '78 á Skólavörðustíg áður en haldið er á Óðal.

En það er ekki bara fjör á Óðali. Hommarir lenda í endurteknum



# Um geðsjúklinga, kynvillinga og séreignarrétt

árekstrum við útkastarana og í hugum margra verður staðurinn að sannkölluðu Óðali varðanna. Oft láta þeir misréttið yfir sig ganga, en í eitt skiptið fá þeir þó nóg. Guðni Baldursson, fyrsti formaður Samtakanna, lemur í borðið og kærir misréttið til lögreglu. Ingi Rafn Hauksson segir lesbiurnar líka hafa fengið að kenna á ofbeldinu:



Hannes H. Gissurarson

Ég man sérstaklega eftir tveimur sem var hent út fyrir að kyssast. Þær máttu sko dansa saman, bara ekki kyssast. Í mótmælaskyni strunsaði gayliðið út af staðnum og upp hófust mikil hróp, köll og læti á Austurvelli.

Á svipuðum tíma er líka ýmislegt í gangi fjarri skarkala Austurvallarins, því allt frá árinu 1959 hefur Klúbburinn verið starfræktur á þremur hæðum við Borgartúnið. Um 1980 aukast vinsældir hans meðal hinsegin fólks og samkvæmt Veturliða er hann orðinn mjög „inn“ þremur árum síðar:

Það voru margir barir þarna en þetta var allt miðað inn á smá punkt á barnum hennar Siggu á 1. hæðinni. Þarna stóðu menn og fylgdust með hinum ganga framhjá. Ef þeir hins vegar stöldruðu við og gengu inn

fyrir ákveðna ósýnilega línu, ja þá ráku menn upp stór augu. Þá var alveg ljóst að þeir voru ætlaðir sumum!

Snemma sama ár opnar Safarí á Skúlagötunni, í húsakynnum skemmtistaðarins Villta tryllta Villa. Safarí býður upp á plötusnúða og lifandi

ENGA HOMMA OG LESBÍUR TAKK  
Auglýsing frá Safarí í Morgunblaðinu 10.júlí 1983.



tónlist og verður fljótt vinsæll meðal hinsegin fólks. Eftir eigendaskipti um sumarið kemur þó babb í bátinn sem Veturliði lýsir svo: Dyraverðirnir voru hræðilegir og staðurinn alltaf að skipta um nöfn og eigendur og í algjöru rugli. Nú fréttist að nýr eigandi væri hommunum hliðhollur og öll senan mætir náttúrulega. Þá vill ekki betur til en svo að starfsmenn og eigendur fara á taugum og grípa til aðgerða gegn okkur.

Safarí auglýsir að framvegis verði „næstum því allir velkomnir“. Hommunum og lesbíum er meinaður aðgangur og upp spinnast

Þegar hommar og lesbíur fara út að „skemmta sér“

Fyrirsögn greinar Bóðvars Björnssonar í DV 26.júlí 1983 þar sem hann skýtur föstum skotum að Jóhannesi Lárussyni eiganda Safarís.

miklar deilur og blaðaskrif þar sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson tekur til dæmis að sér að verja „séreignarrétt“ skemmtistaðaeigandans. Í mars 1984 slær DV því svo upp á forsiðu að pilti hafi verið nauðgað inni á staðnum, en málið virðist hins vegar tilbúningur frá upphafi til enda. Skrykkjóttri tilveru Safarís lýkur svo á vordögum 1985.

FYRIR STORMVIÐRIÐ

Myndir frá opnunarkvöldinu 4. febrúar 1983 birtust í Morgunblaðinu viku síðar. Aðli hér sé hýrt á hjalla.



Byggir hafa verið þallar við danegötú þar sem fólk getur tyllt sér niður.

## Nýr skemmtistaður, Safari

### // Gestur á Laugavegi og Brabra á Hlemmi

Það sama ár þykjast sumir hins vegar skynja breytingar sem vita á eitthvað öðruvísi og betra. Uptakt að byltingu jafnvel. Café Gestur tekur til starfa á Laugavegi 28a og hann er gerólíkur stóru dansstöðunum. Gestirnir eru frumlegir og fríþenkjandi og andrúmsloftið þykir minna á Laugaveg 11 forðum daga. Andrea Jónsdóttir lýsir staðnum: Það var eitthvað heimsborgaralegt við Gest og þarna sprettur fram þessi sérstaka stemming sem síðar má finna á 22. Og auðvitað var mikið um að vera. Ég man til dæmis eftir mjög skemmtilegum lesbiúkvöldum þar sem Stella Hauks og fleiri tróðu upp.

Lára tekur í sama streng og bætir við:

Cafe Gestur braut blað í sögunni og það var eitthvað uppörvandi og lofandi við hann. Allir

voru velkomnir og inn sótti fullt af fólki sem var að gera það gott í blaðamennsku og skáldskap, myndlist, tónlist og leikhúsi. Fyrir vikið upplifðum við okkur sem hluta af þjóðfélaginu og að við værum ekki lengur á hnjúnum að biðja um að fá að vera með. Við vorum með.

Gestirnir verða fljótt þaulsetnir og staðurinn fær viðurnefnið



MANNLÍF Á GESTI  
Jóhanna Sveinsdóttir gerði hinum nýja og hinsegin stað góð skil í Mannlífsgrein í maí 1986.

Gestur opnar um miðjan mars 1985. Úr Mogganum 16. apríl sama ár.



Úr salakynnum Café Gesta.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

# Café Gestur, nýtt veitingahús

Sestur. Eða allt þangað til að þeir síðustu standa upp árið 1986. Og þótt skammvinnri og skrautlega tilveru sé nú lokið hefur Gestur markað djúp spor í vitund þeirra sem halda nú á braut.

Árið 1985 opnar skemmtistaðurinn Uppi og niðri við Hlemmtorg. Líkt og með Gest gerir hinsegin fólk staðinn fljótlega að sínum og samkvæmt Láru á hann eftir að koma töluvert við sögu næstu árin. Í ýmsum myndum:

Já, þarna var fínt að vera plötusnúður. Stemmingin gat orðið alveg ótrúlega góð, gestirnir yfirleitt skemmtilegir. Stundum rákust líka inn kunnugleg andlit á borð við Björk Guðmundsdóttur og félagi. Fljótlega nær reksturinn þó botninum og staðurinn lognast út af. Í júní 1987 skríður hins vegar lítill fugl upp úr rústunum og í þetta sinn er enginn Fönix á ferð, heldur veitingastaðurinn

BRABRA HEFUR FLUGIÐ  
Auglýsing um nýjan stað í Morgunblaðinu 24. júní 1987.



Abracadabra, eða bara Brabra. Staðurinn býður alla velkomna, lofar góðri stemmingu og áminnir gesti um snyrtilegan klæðnað. Hinsegin fólk mætir í stórum stíl og þar á meðal er Ingi Rafn: Abracadabra varð bara aðalstaðurinn. Gestahópurinn var fjölbreyttur og þarna vorum við vel liðin. Við sóttum í músíkina, dönsuðum bara og drukkum vatn og vorum því ekkert sérstaklega vinsælir á barnum. Ég man líka eftir mörgum ungum stelpum þarna sem dýrkuðu okkur. Þeim fannst svo gaman að dansa við okkur.

En svo fatast Brabra flugið. Árið 1989 hefur stemmingin súrnað í sigarettureyk og áfengisbrælu og snyrtilegum klæðnaði verið skipt út fyrir grófari leðurlíkur. Hommar og lesbíur eru enn á stangli, en hafa að mestu vikið fyrir smákrimum og smápíum, sem ásamt svampþyrstum örlagabyttunum kneypa ölið stíft í skúmaskotum undirheimanna.

//Byltingin í  
rauða húsinu

Á meðan síðustu andvörp Brabra berast upp úr undirdjúpum Hlemmtorgs er eitthvað á seyði í rauða húsinu við Laugaveg 22. Fréttabréf Samtakanna '78 lýsir því sem byltingu og segir hinsegin fólk ekki lengur þurfa að flýja land til að upplifa alvöru hýran skemmtistað. Ingi Rafn stýrir staðnum: 22 ævintýrið var bara geggjað. Gay liðið fer strax að sækja staðinn þegar hann opnar á einni hæð vorið 1988, en haustið 1989 er efri hæðin keypt og þá opnum við staðinn undir nafninu Gayklúbburinn Vefur.

Ýmis nýmæli fylgja staðnum. Þar á meðal eru lítill VIP plastkort með íslenska fánanum, bleikum prírhyrningi og áletruninni Gay 22 sem er ætlað að veita hinsegin viðskiptavinum forgang. Hundrað kort eru gefin út og seljast nær öll. Og það er fleira nýtt: Já, rúsínan var svo sett í pylsuendann með skiltinu „Gay 22“ fyrir ofan innganginn. Það var algjört breiðþrú.



DÝFURNAR RÚLLA UPP LEIKSIGRUNUM  
Hér má sjá þá Inga Rafn Hauksson og Árna „Glóbó“ Kristjánsson á senunni á 22 um 1990.





Gestirnir fylgjast af ákafa með einu af atriði Dýfanna...



Staðurinn veldur straumhvörfum. Hér eru hinsegin Íslendingar nefnilega í fyrsta skipti að skemmta sér saman á stað sem er sérstaklega merktur þeim. Lára verður fljótlega plötusnúður á 22:

...á meðan barþjónarnir standa vaktina á barnum...



22 stendur algjörlega upp úr. Þetta var besti dansstaðurinn, kúnnahópurinn einstaklega skemmtilegur og fjölbreyttur og fyrir vikið fylgdi honum einhver borgarflingur. Þarna fundu líka drottningar og leðurhómmar stað til að dansa við lesbíur. Meira að segja við þær róttækustu.

...og vona að húsið rifni nú ekki algerlega á saumunum í kvöld.



Í persónulegu andrúmsloftinu verður samband kúnnanna við starfsfólkið líka mjög náið og getur meðal annars af sér draghóppinn Dýfurnar. Ingi Rafn lýsir hópnum: Já, já, við tróðum upp um hverja helgi, vorum með pró undirleikara, móralskan boðskap í textunum og sungum allt sjálfir.

Og gleðin sem ríkir á staðnum gerir hann brátt svo eftirsóttan af gagnkynhneigðum gestum að um hverja helgi er hann við það að rifna á saumunum. Eins og Lára bendir á birtast vinsældirnar þó í ýmsum myndum: Það sló stundum í brýnu með streitliðinu sem skildi ekki af hverju við „kynvillingarnir“ værum að fá einhvern forgang að staðnum. Þjóðfélagið var kannski hreint ekkert orðið svo líbó þarna þrátt fyrir allt.



Eigendur veitingahúsa 22 við Laugaveg og N1 við Klappargötu eiga í stríði við embætti Lögreglustjórans í Reykjavík. A efi haldins á 22 hefur verið hómmandur og er hann merktur með ljósskilti, „Gay Bar“. Um daginn lokaði löggætan staðnum vegna lélegra ekkharna. „Það hlaf ótrúlegir hlutir verið að gerast“, sagði Sveinur Valsson, einn eigenda 22. „Sigrý Sen lýð lögreglustjóra-embættinu flaggði einhverri skýrðu um að hómmandur og lesbíur væru stöðluðir og sennu.“



Á 22 tilkast skammtatrúli að hertli hómmandu, s.s. „drag-show“ sína og sést á myndinni til vinstri. Á hinni myndinni, sem er úr Lögreglustjórn, mætur Sigrý Sen deildarlögfræðingur skotvopn.

HINSEGIN BRENNUVARGAR Í KLÓM SIGNÝJAR 22 lentu í klónum á embætti lögreglustjórans í Reykjavík með Signýju Sen deildarlögfræðing í fararbroddi. Embættið fór í stríð við staðinn og krafðist nánast endalaust aukinna brunavarna, veifandi skýrslum sem áttu að sýna að undir áhfrifum ætti hinsegin fólk í vandræðum með ástríðu sínar og væri þess vegna líklegra en aðrir til að kveikja í. Fordómar? Tja...

Greinin er úr Pressunni 4. október 1990

Og það má líklega með sanni segja, því þegar stuðið er mest er endirinn næstur. Ingi segir frá eigendaskiptum og hvernig staðurinn hættir skyndilega að vera gay: Já, nýju eigendurnir héldu sig ekki græða nóg á gay-liðinu og vildu „fá annað públíkúm,“ eins og það var orðað. Og skiltið var rífið niður.





**STUND MILLI STRÍÐA**  
 Dívurnar á Myllunni stilla sér upp fyrir ljósmyndara árið 1991. Hér má sjá Dionne Warwick (Páll Óskar) ásamt einni af bakróddum sínum (Maríusi Sverrissyni).



**Á HNJÁNUM Á HÁDRAMATÍSKU AUGNABLIKI**  
 Maríus Sverrison kremur hjörtu gesta Moulin Rouge í maí 1991. Í baksýn frá vinstri: Reynir Þór Eggertsson, Gísli Hafsteinsson og Páll Óskar Hjálmtýsson.




**DÍVURNARHYLLTAR Í LOKIN**  
 Frá vinstri: Maríus Sverrison, Reynir Þór Eggertsson, Gísli Hafsteinsson og Páll Óskar Hjálmtýsson.



## 1990-2000

### //Út á gaddinn, inn á Gull og upp á Myllu

Veturinn 1990-91 er hinsegin fólk því enn og aftur sett út á gaddinn með skemmtanalíf sitt. Þegar komið er fram í febrúar og hýrir orðnir



RAUÐA MYLLAN OPNAR DÝRNAR  
Boðskort á opnunarkvöld Myllunnar 2. mars 1991

leiðir á því að þreya þorrann úti í skafli, virðist samkvæmisdrunganum þó eitthvað léttu. The Golden Gay opnar. Ingi Rafn er einn af aðstandendum og lýsir staðnum svo: Já, nú stöðum við uppi án nokkurs gay staðar, sem var alveg ferlegt. Í þessu millibilsástandi fengum við þó afnot af efstu hæðinni á Gullinu, þar sem Óðal er nú. Þessi rekstur stóð nú ekki lengi, kannski í tvo, þrjá mánuði og reyndar bara um helgar. En það var þó reynt.

Já, sannarlega er reynt.


Gullið hefur nefnilega ekki starfað lengi þegar mikil sprenging verður í skemmtanalífinu. Í byrjun mars er dyrunum hrundið upp á Rauðu myllunni og byltingunni fram haldið. Starfsfólkið á Myllunni er ferskt og tekst á við verkefni sitt af miklum metnaði. Boðið er upp á miklar skrautsýningar og oft er salurinn umhverfis dansgólfið þéttsetinn fólk sem komið er til að dást að, og fá jafnvel einn lítinn fingurkoss frá fjöðrum skrýddum dragdrottningunum. Staðsetningin? Gamla Brabra. Ingi mætir sem gestur og fer svo að vinna á staðnum:



BOÐ Í BOÐ  
Myllan fagnaði eins árs afmæli sínu 10.-11. apríl 1992.

Svo opnar Moulin Rouge með miklum látum og Páli Óskari og Maríusi á útopnu. Á staðinn kom alls konar fólk, samkyn-hneigðir, vinir og kunningjar og sjóin voru frábær. Það var mjög þægilegt að fylgjast með þeim og stundum tók maður líka þátt sjálfur.

Myllan verður fljótt fræg að endemum fyrir sýningarnar. Þær þykja óvenjulegar og sumar svo frumlegar að þær snúast jafnvel um fiskflökun. Fagmennska ungu drottninganna spyrst líka hratt út og fjölmiðlarnir mæta jafnvel á staðinn til



Dansmenningin á 22 tók á sig ýmsar myndir. Frá 1994.

að gera herlegheitunum skil. En eins og systirin í París lifir þessi Mylla líka hátt, hratt og með stæl og samkvæmt Inga verða geðsveiflurnar ansi djúpar þegar hún loks kemur niður í hálfótmann kjallarann: Það háði staðnum alltaf mikið hvað hann virkaði sem gríðarlega mikill geymur. Stundum var hann hreinlega eins og rússneskt kaupfélag á krepputímum. Með hillurnar gapandi tómar. Haustið 1992 kemur svo að því að kreppan verður viðvarandi og enn á ný er dyrunum niður í kjallarann við Hlemmtorg skellt í lás.

### //Hlemmur-Lækjartorg

Frá Hlemmi er því haldið niður á Laugaveg 22 sem um þetta leyti réttir aftur úr kútnum. Nýir eigendur hleypa lesbíum og hommum inn á ný og staðurinn fær andlitslyftingu. Þá verða fimmtudagskvöldin aftur



MÁLIN RÆDD  
Maríus Sverrisson t.h. á tali við ungan mann á 22 1994.

mikil stemmingskvöld og um helgar er fullt út úr dyrum. Næstu árin lifir staðurinn svo eins og blómi í eggjum gegnir áfram aðalhlutverki á leik-sviði hinsegin fólks. Eða allt þar til samkeppnin lætur á sér kræla. Snemma árs 1997 eiga sér stað hræringar á horni Bankastrætis og Þingholtsstrætis og í kjölfarið opnar Nellý's Café dyr sínar fyrir gestum. Nellý's býður upp á gamla diskótónlist í bland við nýrri danstónlist og þrífst ágætlega næstu árin sem „gay friendly“ skemmtistaður. Þangað kemur töluvert af hinsegin fólk, drottningar halda dragsjó um helgar, Herbert Guðmundsson gerir „comeback“ og staðurinn verður meira að segja vettvangur hinnar geysivinsælu Dragkeppni Íslands.

Fyrri hluta árs 1998 er ferðinni svo heitið í Lækjargötuna þar sem Nýja bíó og Tunglið voru áður til heimilis. Húsið öðlast nú nýtt líf og Heaven, dansstaður að fyrirmynd erlendra klúbba, opnar með fjólubláu ljósi við barinn. Staðurinn tekur nokkur spor, en gamanið verður stutt og hann andast skömmu síðar. Í lok júlí brennur svo sjálft húsið til kaldra kola og er rífið. Í dag er þar verslunin lða.

### //Kastljósið á Hverfisgötunni

Þetta sama haust verða enn á ný vatnaskil í sögunni. Á horni Hverfisgötu og Ingólfsstrætis, þar sem í dag er 101 Hótel, hefur nýr gaystaður rekstur í kjallara Ingólfscafés sáluga. Og nú er samkeppnin svo öflug að 22 sem í áratug hafa staðið af sér öll áhlaup mega lúta í lægra haldi fyrir hinum unga samkeppnisaðila, Spotlight Club. Ingi Rafn segir frá: Fólkkokkaði dálítið á milli í fyrstu, en svo lenti 22 fljótlega í rekstrar-legum hremmingum, varð mjög sjúkskaður og fékk á sig nafnið Subban. Gayliðið hætti svo að sækja Subbuna og henni blæddi út hægt og rólega.



Mikill eldmóður einkennir hins vegar rekstur Spotlight Club, enda eru rekstraraðilarnir að stórum hluta ungt og kraftmikið hinsegin fólk. Hannes Páll Pálsson er einn þeirra: **Okkur fannst eitthvað vanta þarna í skemmtanalífið og vorum nægilega ung og ævintýragjörn til að taka bara af skarið gera eitthvað í máluum.**

Hópurinn fær til liðs við sig reynt fólk úr bransanum, ákveður strax að bjóða upp á dansvænt umhverfi og vinnur ávallt út frá skýrri hugmyndafræði. Hannes heldur áfram: **Já, það var á hreinu alveg frá byrjun að Spotlight væri gay. Staðurinn var auglýstur sem slíkur og þótt stefnan væri tekin á heitustu danstónlistina vorum við líka óhrædd við að taka klisjuna með Donnu Summer og félögum. Þetta lagðist líka svona rosalega vel í fólk.**

Spotlight á líka velgengni að fagna næstu árin. Staðurinn rúmar nokkur hundruð manns, er bæði sóttur af hommum og lesbíum og verður einnig gríðarlega vinsæll meðal gagnkynhneigðra. Klúbbastemmingin er allsráðandi á stærsta dansgólfi miðbæjarins, mikið um þemakvöld og allskyns uppákomur og kátínan er smitandi. Og á milli dansa má setjast niður og slaka á, nú eða ganga hringinn um reykfyllta og dularfulla ranghala staðarins og vonast til að koma auga á álitlegan mann eða konu.

Með tímanum fer stemmingin þó að breytast. **Tónlistin verður harðari, kúnnahópurinn breytist og nú fer líka að bera á því að bjórdrekkandi og Abbadansandi hommar og lesbíur hitti fyrir fólk í stjórfu fíkniefnastuði. Og þegar þessir ólíku kraftar mætast verða óneitanlega árekstrar, en áfram heldur reksturinn.**

### 2000-2008

#### //Upprisa og dauði í upphafi aldar

Á haustdögum ársins 2000 bætist svo enn í skemmtistaðaflóruna þegar nýr staður

opnar í húsnæðinu sem í dag hýsir Ölstofuna við Vegamótastíg. Staðurinn er allur hinn glæsilegasti, en kúnnahópurinn er heldur þrengri en á öðrum stöðum. Mannsbar einskorðar sig nefnilega við karlmenn. Staðurinn öðlast töluverðar vinsældir meðal homma á öllum aldri, enda andrúmsloftið þægilegt. Og þar sem setið er hringinn í kringum barinn má auðveldlega komast í augnsamband við manninn á móti. Sé vilji til þess. Sníðug útfærslan á barnum virðist þó ekki nægja til að tryggja reksturinn og lokast dyrnar endanlega í upphafi árs 2002. Saga Mannsbars er þar með öll.

Um svipað leyti flytur Spotlight í húsnæði Café Thomsen við Hafnarstræti 17. Boðið er upp á bari og tónlist á 1. hæð og í kjallara og þar sem hinsegin fólk er trútt sínum kæra stað fylgir það honum á nýtt heimilisfang. Jens Fjalar Skaptason er á þessum tíma að stíga sín fyrstu skref í hommaheiminum: **Ég var 17 ára, rétt náði í skottið á staðnum og skemmti mér bara mjög vel. Þótt mér hafi náttúrulega nokkrum sinnum verið vísað út vegna ungs aldurs!**

Brátt fer þó að halla undan fæti. Tónlistin fer í sama harða farið og á Hverfisgötunni, efnin verða á ný áberandi og gleðin hverfur. Og





gayliðið með. Sumarið 2003 er staðurinn orðinn minningin ein.

Í byrjun 21. aldar kann hinsegin fólk orðið nokkuð vel að stíga skemmtistaðaölduna og kippir sér ekki upp við það þótt einn og einn staður falli útbyrðis. Jarðvegurinn virðist líka orðinn svo frjór að nýjir staðir vaxa um leið og þeir gömlu sölna. Þannig heilsar Rainbow fólkinu í Lækjargötunni um leið og Spotlight deyr. Sú kveðja reynist hins vegar örstutt bros og eftir að hafa glatt lýðinn í nokkrar vikur lognast staðurinn út af.

### //Kósý, Nonni og Naust

Í stað þess að gráta ástandið hrúgast lýðurinn nú inn í litlu og vinalegu kytruna í Austurstræti 3, sem strax verður sneisafull af fólki. Og hvernig er líka annað hægt? Café Cozy er jú einungis 35 fermetrar. Kósý öðlast skjótar vinsældir með ódýru öli, kjötsúpu og ítölsku brauði sem fólk snarlar við barinn um miðjar nætur. Smæðin virðist heldur ekki hefta hina ótrúlega margbreytilegu stemmingu sem stundum verður með hreinum ólíkindum. Á meðan alvöruhefið fólk skeggræðir pólitík í þvögunni við barinn skaka sveittar drottningar sér í takt við nýjasta Eurovisionsmellinn uppi á næsta borði. Við gluggann er fólk í faðmlögum. Og í þessari yndislegu mannlegu sardínudós er allt leyfilegt. Eða nánast allt.

Á Kósý stígur einnig margt ungt fólk sín fyrstu skref í hinsegin



heimum. Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir er ein þeirra:

Kósý var fyrsti staðurinn sem ég fór á og ég félaði hann mjög vel. Þó svo að bæði Q-bar og Black séu að gera mjög góða huti í dag þá sakna ég alltaf Kósý. Það besta við hann var að hann var lítill, maður þekkti alla og þangað fór aðallega hinsegin fólk.

Smæðinni fylgja líka gallar. Biðin eftir eina klósetti staðarins reynir á þolrifin og ef einhver dramadrottningin tekur æðiskast og hellir bjór yfir náungann eru menn nánast sjálfkrafa þátttakendur í æsingnum.

Sumum finnst líka nóg um þrengslin og í maí 2004 opnar nýr staður við Aðalstræti 10, í elsta húsi miðbæjarins. Með vísan í sögu hússins

hefur staðurinn um hríð starfað undir nafninu Jón forseti og eftir erfiða innri baráttu stekkur hann nú fullskapaður út úr skápnunum og kallar sig Nonna homma. Kristín Eysteinsdóttir hefur orðið:

Það má eiginlega segja að kaldhæðni örlaganna hafi ráðið því að þarna opnaði gaystaður. Tíu árum áður hafði ég nefnilega orðið vitni að því þegar tveimur lesbíum var hent út af þessum sama stað, sem þá hét Fógetinn, fyrir að kyssast. Auðvitað fauk í okkur. En við vorum töluvert margar, nýttum okkur það og svöruðum árásinni. Með því að fara bara allar að kyssast.

En Nonni er enginn hómófóbiskur Fógeti, heldur fer kröftuglega af stað og býður upp á fjölbreytta danstónlist og mikið stuð. Þá taka nokkrir hommar sig saman, stofna drag- og leikhópinn Hégóma og eftirsókn eftir vindi í seglin og bjóða upp á sýningar að hætti hússins um helgar.

Næstu mánuðir einkennast af góðri stemmingu í húsinu og upp rennur tímabil þar sem valið stendur á milli tveggja hinsegin skemmtistaða. Og flæðið verður líka gott. Fólkið byrjar kvöldið iðulega á Kósý, færir sig svo yfir á Nonna homma og svo aftur á Kósý sem er með lengri opnunartíma.

Adam og Eva eru þó ekki lengi í Paradís. Rekstur Nonna gengur ekki og starfseminni er því sjálfhætt veturinn 2004-5. Í kjölfarið er boðið upp á gaybar í hinu fornfræga Nausti á Vesturgötunni, en sá rekstur endist þó vart lengur en nokkrar vikur.

### //Rokkað með Rokkslæðunni

Í umræðunni um rekstur skemmtistaða má ekki gleyma því að skemmtanameningin snýst líka um annað og meira. Sem betur fer kannski. Öll þessi fyrstu ár aldarinnar er til dæmis starfandi ansi merkileg stofnun í skemmtanalífínu, lesbíubandið Rokkslæðan. Kristín Eysteinsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar segir svo frá: Við hófum ferilinn snemma árs 2001 með giggi á Sirkus. Meiningin var að koma fram einu sinni sem írónísk þjóðfélagsádeila, gera upp við staðlaðar hugmyndir um hvað stelpur mættu og sýna að þær gætu líka tekið sér status sem hrokafullir rokkarar. Við fórum alla leið, lékum frægar gellur með sólgleraugu og lífverði og spiluðum Guns'n'Roses, Bon Jovi, Kiss, AC/DC, Clash og álíka hetjurokk. En svo tókum við líka sykurröpp með kvenhetjum á borð við Britney Spears.

Stemmingin varð svo það mikil að við héldum áfram. Við mönuðum ballgesti til að gera ýmsa hluti og þannig skapaðist oft svo mikill múgæsingur að maður vissi aldrei hvernig kvöldið myndi enda. Ég man eftir einu kvöldi á O'Brien þegar inn rekast tveir karlmenn sem halda sig vera að fara á krá í rólegheitunum en mæta troðfullum stað af konum sem komnar eru úr ofan. Þeir fengu náttúrulega sjokk. Sumar femínistana deildu á okkur og kölluðu okkur ferðastrippstað, sem náttúrulega stenst ekki því við vorum femínísk ádeila.

Rokkslæðan fer víða og tengir saman ýmsa staði í hugum hinsegin fólks sem fylgir henni hvert á land sem er.

Já, því auk þess að spila á O'Brien tróðum við upp á þremur Gay Pride, Dilloni, Jóni forseta og úti um allt land. Við duttum



ROKKAD Í RÁÐHÚSINU  
Rokkslæðan tróð upp í hófi sem Þórólfur Árnason, þáverandi borgarstjóri, hélt 4. apríl 2003 til heiðurs Samtökunum '78 á 25 ára afmæli þeirra.

Mynd: Morgunblaðið

ár og leggur upp laupana.

Qúban stendur hins vegar af sér reykingabann, kvartanir og hótanir um styttað opnunartíma og réttu ári eftir opnun sýna hvorki hún né gestir hennar á sér neitt fararsnið. Í desember 2007 fær hún líka samkeppni frá staðnum Black sem er þar sem Litli ljóti andarunginn var áður til húsa í Lækjargötunni.

bara inn í rokkstjörnuhlutverkið, spiluðum allar helgar og vorum alltaf með seðlabúnt í vasanum. Algjörlega í takt við konseptið. Svo fylgdu okkur náttúrulega líka grúppíur.

Árið 2005 fannst okkur þetta svo komið gott. Konseptið hefur bara ákveðinn líftíma og átti aldrei að standa svona lengi. Við gátum heldur ekkert verið að semja eigin tónlist inn í það, kaldhæðnin sem fylgdi því var einfaldlega of mikil.

### //Frá Kósý á Qúbu

Að Nonna homma og Rokkslæðunni gengnum ákveður fólk að þrauka þrengslin á Kósý næstu árin. Á þessum tíma virðist Kósý líka vera eina skjól hinsegin fólks, en þegar grannt er skoðað má sjá að þrátt fyrir að vera sá eini á almennum markaði merktur gay fólki, er hann alls ekki einn um hitunaa.

MSC hefur til dæmis verið starfræktur allt frá árinu 1985 og þrátt fyrir að vera einkaklúbbur leðurhommanna hafa þeir oftast tekið óbreyttu hommunum opnum örmum þegar harðnað hefur á skemmtanadalnum. Það á líka við í núverandi hallæri.

Lesbíurnar halda annað. Árið 2004 er nefnilega stofnaður tónlistarbar í gömlu timburhúsi við Laugaveg 30 sem fær nafnið Dillon. Andrea Jónsdóttir gerist plötusnúður og upp frá því verður hann einkonar óopinber lesbíustaður Íslands. Lára segir frá: Já, Andrea er þarna í fararbroddi, á sinn tryggja aðdáendahóp og það má segja að þetta verði einkonar Staupasteinn lesbíanna. Þarna koma ákveðnar barflugur sem allar þekkjast, líður vel og eiga þarna sitt örugga skjól.

Í lok febrúar 2007 er svo nýjum stað hleypt af stokkunum við Ingólfsstrætið. Ekki er laust við ákveðna tortryggni í garð staðarins meðal senufólks sem minnst allra staðanna sem í gegnum tíðina hefur verið breytt í hinsegin hálmstrá að grípa í korteri fyrir gjaldþrotið.

Þrátt fyrir fyrirvarana ákveður senan þó að mæta á hinn nýja Q-bar og sannreynir brátt að starfsfólkið hér leggur allan sinn metnað í að halda uppi fjöri og góðri þjónustu. Gestirnir fara því á Qúbuna og kunna að meta það. Vinsældirnar aukast fljótt og nú getur fólk aftur valið um tvo hinsegin staði. Eða allt þar Kósý lendir í húsnæðis-hrakningum um mitt

Þá er spurningin

bara: Eru þessir staðir komnir til að vera og verða 2 staðir samtímis regla fremur en undantekning? Eða munu þeir hljóta sömu örlög og öndin Brabra forðum daga? Nú, eða 22? Eða Spotlight? Eða Moulin Rouge? Eða Gestur? Eða...

Um það getur víst enginn spáð.

## SAMTAKABÖLL OG SKEMMTANIR TENGDRA FÉLAGA

### //Mikilvægi mannamóta

Eftir þessa skemmtistaðayfirreið er ekki úr vegi að víkja að skemmtunum á vegum Samtakanna '78 og skyldra aðila. Að loknu fyrsta balli sínu á Manhattan í Kópavogi 1981, sem gerð eru skil annars staðar í þessu blaði, halda Samtökin mörg eftirminnileg böll. Þau koma víða við og ferðast á 9. áratugnum um staði eins og Hreyfingshúsið við Grensás-veg, Félagsheimilið Drangey í Stakkahlíð og Snorrabæ í Austurbæ. Rísið á Hverfisgötu kemur einnig við sögu en þar treður lesbíubandið Jarþrúður til að mynda upp við góðan orðstír. Tónlistin á böllum er yfirleitt í höndum aðkeypra plötusnúða en stundum er hún heimatilbúin og þá oft í formi sýninga. Ingi Rafn lýsir mikilvægi ballanna: Þau sköpuðu eðlilegan vettvang til að hittast og skemmta sér á og fylltu því alveg gríðarlegt tómarúm. Og þar sem þetta var eini vettvangurinn sem margir hættu sér út á reyndust þau mörgu fólki mjög mikilvæg. Svo voru þau bara líka oft svo ótrúlega skemmtileg.

### Hann rifjar í framhaldinu upp „Þjóhátíð“ í Risinu:

Hún var skipulögð alveg eins og Þjóhátíð. Fyrst var ávarp forsætisráðherra og svo tróð ég upp í skautbúningi, með álimt yfirvaraskegg og hélt ræðu í bundnu máli. Ein lesbían stóð svo heiðursvörð við hlið mér í skatábúningi og hélt yfir mér regnhlíf til að skapa alvöru Þjó(ð)hátíðarstemmningu.

Lára lýsir böllum á eftirfarandi hátt:

Samtakaböllin voru fólki mjög mikilvæg. Að sjálfsögðu. Í byrjun snerust þau oft um ofurdrukkið fólk í leit að einhverri sálrænni spennulosun og útrás og auðvitað að félaga.



Í makavalinu lá líka við að hver tæki við af öðrum þegar upp úr slitnaði. Smæð hópsins styttr náttúrulega endurvinnsluhringrásina, óháð því hvort um er að ræða karla eða konur.

Böllin urðu því einnig vettvangur alls konar persónulegra uppgjöra og drama-tíkur, eins og þau líkast til eru enn í dag. Að ógleymdum laumuhommunum og lesbíunum sem komu auðvitað ekki fyrir en eftir myrkur. Og þá vel drukkin. En svo þróuðust þessar samkomur smátt og smátt.

Þegar líða fer á 10. áratuginn er komið annað hljóð í strokinn varðandi mikilvægi ballanna. Að minnsta kosti af hálfu forystu félagsins. Margrét Pála Ólafsdóttir fyrrum formaður Samtakanna er til frásagnar: Við máttum það einfaldlega svo að tímunum hefði fleygt það mikið fram að þetta væri ekki lengur meginverkefni Samtakanna.

Skemmtanalíf samkynhneigðra væri komið út á hinn almenna vettvang þar sem það ætti heima. Við ákváðum nú samt sem áður að bjóða áfram upp á þessi klassíska fjölskyldumót sem Samtakaböllin óneitanlega eru.

Böllin halda því áfram að flakka um bæinn næstu árin og koma meðal annars við í Iðnó, Iðusölum, Kaffi Reykjavík, Lídó, Þjóðleikhúskjallaranum, Organ og að sjálfsgöngu Hótel Borg. Og eitthvað hafa þau við sig. Við lok fyrsta áratugar nýrrar aldar staðfesta aðsóknartölur nefnilega að böllin þrífast sem aldrei fyrir og ganga sífellt í endurnýjun lífdaganna með góðri aðsókn unga fólksins. Aldís segir frá: Böllin fara líka stækkandi, verða sífellt skemmtilegri og það besta við þau er að þangað kíkja margir sem mæta annars aldrei á djammíð.

Jens tekur jafnvel dýpra í árinna:

Mér hefur fundist langskemmtilegast á böllunum í gegnum tíðina. Þangað koma flestir og þar ríkir almennt meiri stemming en á skemmtistöðunum.

### //Mannfögnuðir í Brautarholti og á Lindargötu

Fyrir utan sjálf böllin hafa Samtökin einnig staðið fyrir uppá-komum í miðstöðvum félagsins í gegnum árin. Í óhrjálegu umhverfi Brautarholtsins eru til dæmis haldin mörg fjórleg kvenna- og karlaskvöld á fyrri hluta 9. áratugarins og eftir flutninga á Lindargötuna árið 1987 er þráðurinn tekinn upp á ný. Félagið Konur með konum heldur kvennakvöld, strákararnir halda herrakvöld og MSC stendur einnig fyrir uppákomum. Veturlíði segir frá: Þarna er loksins hægt að tala um nokkuð frambærilegt samkvæmislíf samkynhneigðra á Íslandi. Kvöldið byrjaði þá í Samtökunum, svo var farið á 22, og að



lokum upp á Hlemm á næturklúbbinn Abracadabra og síðar Moulin Roge. Fólk vill geta skipt um umhverfi eftir því sem líður á kvöldið og stemmingin kallar á annað og þarna skapaðist því þessi eðlilegi rúntur sem finna má í öllum borgum erlendis.

### //Sveitaböll, risaböll og fleiri böll

En með breyttum áherslum í starfi Samtakanna á fyrri hluta 10. áratugarins minnkar vægi félagsmiðstöðvarinnar sem skemmtistaðar. Á þessum tíma er þó einnig fyrst farið að móta Gay Pride hátíðir og göngur hér á landi og reyna Samtökin að bjóða upp á ýmislegt skemmtanahald í tengslum við þær uppákomur. Samkvæmt Möggu Pálu næst þó ekki upp nein stemming í Reykjavík: Að kvöldi Gay Pride 1994 var því bara haldið sveitaball, liðinu smalað upp í rútu og haldið í gamalt félagsheimili í Höfnun. Svo var sungið og drukkið af pela og dansað við gargandi diskó fram á morgun. Þau urðu svo fleiri en eitt, voru hörkuskemmtanir og stundum var opnað út og dansað í íslensku sumarnóttinni.

Um aldamót fer fólk svo að hrökkva í girinn. Samtökin og Hinsegin dagar standa fyrir miklu dansleikjahaldi í kringum Gay Pride helgarnar sem fara vaxandi ár frá ári. Hefð tekur að skapast fyrir stráka- og stelpuböllum að lokinni opunarhátíð á föstudagskveldi og auðvitað eru hátíðardansleikir á sínum stað að lokinni göngu og hátíðardagskrá á sjálfu Gay Pride kvöldinu.

Á því kvöldi er nú fátt sem minnir á sveitastemminguna í Höfnun forðum daga, því nú býður hefðin að haldið sé á risaball á NÖSU við Austurvöll undir styrkri stjórn Páls Óskars Hjálmtýssonar. Kristín Eysteins segir frá: Þetta er náttúrulega hvorki meira né minna en skemmtilegasta ball ársins. Þarna upplifir maður fjöldann, samkenndina og svo þessa svakalega brjáluðu frelsistilfinningu.

Eftir því sem fleiri einkareknir skemmtistaðir koma að málum verður svo úr meiru að velja. Dreifingin batnar og þeim sem ekki hugnast risaböllin geta leitað á annan vettvang. Og ekki veitir af þegar þúsundir skemmtanabyrstra og göðglaðra hátíðargesta streyma um göturnar.

## HEIMASAMKVÆMIN



ÞJÓHÁTÍÐ Í RISINU  
Ingí Rafn Hauksson, í hlutverki „Fjallkarlsins“, fer með ræðu í bundnu máli. Eins og á alvöru þjóðhátíð standa skátarnir heiðursvörð og skýla drottningunum fyrir úrhelli dagsins. Hér er Birna Tómasdóttir í hlutverki hins ávallt viðbuna skáta.

Tangostemning  
á  
Lindargötu  
Laugardaginn 8. apríl



Aðgangseyrir fyrir aðra en félagsmenn  
kr. 200.-

Það sakar ekki að koma í „Tangodressi“

Sjáumst

P.s. Húsið opnar kl. 21.00



## //„Hvar er partý í kvöld?“

Það væru hreinlega svik við söguna að gera grein fyrir skemmtanalífi hinsegin fólks án þess að minnst á heimapartýin. Eins og með svo margt annað á þessum vettvangi er upphaf þeirra þó heldur óljóst. Heimildir vitna um partý á svipuðum tíma og Elías Mar og félagar sitja á Laugavegi 11, en hugsanlega má rekja þau aftur fyrir heimsstyrjöld. Hver veit? Eitt er þó víst. Hlutverk þeirra í sögu hinsegin fólks er veigamiklið.

Á 7. og 8. áratugnum er hinsegin fólk enn í dimmum skápnunum.

Hætti það sér hins vegar út á djammað þarf það að vera mætt fyrir 23.30 til að komast inn. Gildir svo einu hvort föstudagsstemmingin er súr eða sæt, lýðurinn skal heim að sofa klukkan 1. Á laugardagskvöldum eru varðhundar ríkisforsjárinnar örlítið rausnarlegri og leyfa útivist til klukkan tvö.

Séu þessar breytur lagðar saman við áður nefnda fordóma á skemmtistöðunum þarf engan snilling til að sjá hversu mikilvæg heimapartýin eru þeim sem ekki eru hreinlega flúnir af landi brott. Veturlíði hefur orðið: Þetta var raunverulega þannig á þessum árum að síðdegis á föstudegi fóru símarinn að glóa: „Hvar er partý í kvöld og hvað er að gerast um helgina!“ Þá var ekki að spyrja að því að allt kerfið fór í gang, hringt um allar trissur, komist að því hverjir skulduðu heimboð og svo framvegis og innan skamms voru menn þannig komnir með áætlun helgarinnar í hendurnar. Og þessi samkvæmi voru svo mikilvæg að þau urðu hreinlega að stofnunum í skemmtanalífinu.

Lýsingar Inga Rafns eru svipaðar:

Já, og eflaust má segja að þau hafi svarað þessari stöðugu eftirspurn eftir stöðum og tíma til að skemmta sér á. En svo var það líka öryggið sem þau veittu. Þau voru nefnilega alltaf miklu frjálslægri en skemmtistaðirnir og þar gat fólk dansað og kysst án þess að vera rekið út.

Þórir tekur undir þessi sjónarmið, en segir samkvæmin líka jafn misjöfn og þau eru mörg:

Sum voru dannaðri en önnur og við héldum stundum tilkomumikil heimboð með borðskreytingum og tilheyrandi. Fyrir vikið klínðu gárungarnir á okkur nöfnum eins og Postulínsngengið. Þá voru einnig haldin þemapartý, þar sem til dæmis allir mættu í dragi eða grímubúningum.

Og samkvæmt Veturlíða eru partýin haldin bæði fyrir og eftir böll:

Já, og á 22 tímabilinu náði þróunin svo hámarki í þessu séríslenska fyrirbæri „fyrir utan ball“, að standa eða sitja á tröppum og gangstéttum fyrir utan staðina eftir lokun. Þar var svo veitt og valið inn í eftirpartýin. Við félagarnir rannsökuðum þetta og skiptum þessu í fimm þætti: Sá fyrsti var partýið fyrir ball. Annar þáttur gerðist svo á barnum og gólfinu uppi. Sá þriðji fór fram á neðri hæðinni fyrir lokun og sá fjórði í þvögunni fyrir utan. Sá fimmti var svo í eftirpartýinu. Og það var að sjálfsgöðu fyrst í fimmta þætti sem eitthvað fjör fór að færast í leikinn.

Eins og áður hefur komið fram helst partýmenningin í hendur við framboð á skemmtistöðum og opnunartíma. Í júlí 1979 verður bylting í þessum efnunum og fólki leyft að skemmta sér til klukkan 1 á virkum dögum og 3 um helgar. Nítján árum síðar, eða í júlí 1998 tekur

lögreglusamþykkt Reykjavíkur svo breytingum og í mars 1999 er samþykkt ný og endurskoðuð reglugerð um áfengissölu. Breytingarnar gera veitinga-mönnum nánast kleyft að hafa opið allan sólarhringinn um helgar og Ingi Rafn segir heimasamkvæmin líða fyrir það: Ég man eftir mörgum skrautlegum heimapartýum um 1990, þegar einungis var opið til þrjú. Þá kom fyrir að menn djömmuðu alla nóttina og allan daginn og fóru svo ekki úr partýinu fyrr en aftur um kvöldið. Til að fara aftur út á djamma. Það má svo eiginlega segja að partýin hafi dáið með breyttum opnunartíma.

Hið breytta partýlandslag er líka eitthvað sem Aldís og hennar kynslóð upplifa áratug síðar:

Við vinkonurnar höldum partý fyrir flest böll. Það er alltaf gott að hita upp saman og skella sér svo á gott ball eða bara út á djammað. Ég verð hins vegar minna vör við eftirpartý enda tollir maður vanalega niðri í bæ fram eftir morgni.

## ÞRÓUN SKEMMTANAMENNINGAR OG SJÁLFSMYNDAR

//Af streituum, hanastélshommum og viskílesbíum

Þegar svo er komið út á djammað rekst hinsegin fólk oft á tíðum á gagnkynhneigða fólkið, eða hina svokölluðu streitara. Um muninn á skemmtanahegðun þessarra hópa tveggja segir Veturlíði: Það er svo merkilegt að í skemmtanalífi okkar sér maður streitlífið í dálitlum spegli. Auðvitað með svolítið öðrum formerkjum, karlmenn að hitta karlmenn og allt það, en samt eru svo mörg lög málm sem eiga alveg við. Streit skemmtanalífið er náttúrulega miklu stærra og það eru bara fáar borgir sem geta státað af slíkri stærð í gaylífinu. En þegar maður



skoðar þessa smækkuðu mynd, þá skilur maður stundum streit lífið betur. Svona vísindalega. Og hvort sem fólk er gay eða streit heldur það alltaf að þetta snúist um að þjóna einhverjum kynferðislegum tilgangi. Undirliggjandi er það náttúrulega það sem heldur mann lífinu áfram og gangandi, það er auðvitað satt. En ég hef tekið eftir því að gay staðir, sérstaklega þeir sem eru nú svona virkilega vel sóttir og finir, eru erfiðustu staðirnir til að ná sér í einhvern til að sofa hjá. Það helgast náttúrulega af því að menn eru komnir út á þetta sósíal parkett og ef þeir ætla sér að vera eitthvað áfram á þessari

fámennu gay senu og taka einhvern þátt í þessu lífi, þá gera þeir ekki svoleiðis. Það gengur náttúrulega ekki neitt. En það er ekki bara að það sé munur á gagnkynhneigðum og samkynhneigðum. Í tímans rás hafa nefnilega sprottið upp ýmsar staðalmyndir varðandi muninn á skemmtanamynstri homma og lesbía:

Í einu horni skemmtistaðarins stendur brothætt drottningin og sýgur hanastélið með röri upp úr regnhlífarskreyttu glasinu. Svo bandar hún höndunum út í loftið, lausir únlíðirnir þyrlast í hringi og hún má hafa sig alla við til að svelgjast ekki á veigunum í öllum kjaftaganginum. Í öðru horni situr þögn, sjóaraleg lesbía í þykkri peysu og tæmir hvert viskíglasið á fætur öðru í einum teyg. Og auðvitað talast þau ekki við.

Hinar persónulegu sögur ríma samt ekkert alltaf við þjóðsögurnar. Og þó. Lára segir frá sinni upplifun: Hommar og lessur hafa oft verið frekar sundurlaus hópur og þó að sumir hommar haldi eitthvað annað vorum við lesbíurnar að sjálfstöðu líka þarna að skemmta okkur. Hommarnir voru bara allt annar þjóðflokkur. Og í allt öðrum þælingum.

Þórir er sammála Láru um muninn: Hommar og lesbíur voru oft hreinlega upp á kant. Okkur datt ekki stelpur í hug, fannst þær leiðinlegar og voðalega fáir okkar sem vinguðust við þær. Ég man til dæmis eftir að hafa verið neitað um far í leigubíl með lesbíum með orðunum: „Enga homma hér!“ Ég gapti, ég var svo undrandi.

Andrea horfir á málið með dálítið öðrum gleraugum: Við erum náttúrulega öll á sama skemmtanabáti og þess vegna eiga að vera til staðir sem bjóða alla velkomna. Mér finnst hins vegar tónlistarsmekkur margra homma dálítið áhugaverður. Þessi sérstaka hommatónlist. Eru þeir virkilega allir að hlusta á þetta? Það er verulega verðugt rannsóknarefni. Annars eru þeir nú algjörir heimsmeistarar í að búa til skemmtanir og góða stemmningu.

### //Ísland í samanburðinum við útlönd

Íslendingar eru þó lengi framan af engir heimsmeistarar í hinsegin menningu og samkvæmt Veturliða er grasið oft töluvert grænna Evrópumegin við girðinguna á 8. áratugnum: Það var rosalegur og áberandi munur á meginlandi Evrópu og Íslandi. Við sögðum að það væri svona 10 ára time-lag og það sem væri orðið eðlilegt í Kaupmannahöfn, Amsterdam og London tæki að minnsta kosti tíu ár að berast til Íslands.

Auðvitað var þetta alltaf til herna og Borgin auglýst sem slík í hommabæklingnum Spartacus. „Hótel Borg - the rear bar.“ Aftari barinn. En þetta voru ekkert eðlileg samskipti og án þess að ég gerði mér grein fyrir því sat það alltaf fast í mér að þetta gaylíf hlyti allt að vera eitthvað undarlegt og skrítið. Eitthvað svona hálf-dirty og guð má vita hvað. Þess vegna varð það hálf-gert kúltúr sjökk að koma á staði erlendis og sjá unga og sæta stráka skemmta sér.

Að þetta gæti bara hreinlega verið mjög skemmtilegt og fínt og huggulegt fólk og allt þetta... það var... mér varð virkilega um! Það verður að segjast eins og er.

Veturliði kemst þó yfir menningarsjokkið og þegar fram í sækir fer hann að átta sig á líkindunum sem almennt má finna með borgum þegar kemur að hinsegin menningu: Það er alltaf einn staður í hverri borg sem er bestur á hverjum tíma. Þar er allt úrvalið og maður þarf ekki að leita neitt annað. Þetta þýðir einfaldlega að það gildir einu hversu stór borgin er. Gaylífið verður alltaf tiltölulega afmarkað og þú munt alltaf hitta sama fólk. Það er alveg lygilegt. Og ég hef hvað eftir annað komið inn á bari í útlöndum og hitt Íslendinga.

Jens Fjalar er hugsanlega einn af þessum Íslendingum. Hann hefur að minnsta kosti kíkt á nokkra staði í London, Kaupmannahöfn og Barcelona og skemmt sér konunglega:

Það getur verið yfirþyrmandi að fara á gay staðina í stórborgunum þegar maður er vanur senunni herna heima. Það er allt önnur upplifun, umhverfið öðruvísi og fjöldinn alveg gífurlegur! Stórir geymar fullir af ölvuðum hommum í trylltum dansi.

Aldís nefnir líka stærðina:

Við erum náttúrulega færri herna heima og því ekki hægt að gera eins stóra hluti og maður sér annars staðar. En að mörgu leyti er senan samt svipuð því sem gerist í útlöndum.

Ingi Rafn vill meina að vissir kostir felist í fámenninu:

Í útlöndum er senan oft fjölbreyttari og þar geta staðirnir jafnvel sérhæft sig eftir aldri kúnna eða tónlistarsmekk. Hér fer maður aftur á móti bara á þennan eina stað og lætur sig hafa það. En þetta þjappar okkur áreiðanlega betur saman. Ég er til dæmis mjög þakklátur fyrir það hvað ég hef kynnst ofboðslegum mýgrút af lesbíum sem mér þykir alveg rosalega vænt um. Það hefði ekki endilega gerst í einhverri stórborg.

## Flest veitingahús- anna opin til kl. 3 á föstudags- og laugardagskvöldum

NOKKUD er mismunandi að hve miklu leyti einstök veitingahús atla að nýta sér hinar nýju reglur um opnunartíma veitingahúsanna, sem gengu í gildi sl. mánudag. Flest veitingahúsanna í Reykjavík verða opin til kl. 3

fimmtudögum og sunnudögum verður opið til klukkan 1 eftir miðnætti, aðra daga til klukkan 11.30. Sigtún verður opið til klukkan 3 eftir miðnætti á föstudags- og laugardagskvöldum en næstu miðvikudags- og fimmtu-

EIN AF BYLTINGUNUM Í SKEMMTANALÍFINU  
Í júlí 1979 var stöðunum leyft að hafa opið til 3 um helgar.



Hannes tekur undir þetta sjónarmið:

Í London skemmta hommar og lesbíur sér til dæmis ekki saman og er það mjög miður. Í þessu samhengi má segja að kostirnir við Ísland endurspegli gallana við stórborgina, og öfugt. Helsti kosturinn við Ísland er og verður nefnilega alltaf smæðin og nándin sem stórborgirnar vantar. Þær bjóða hins vegar upp á nafnleysið og fjöldann sem getur líka verið gott að hverfa inn í. Og þar sem ferðalög eru orðin mun auðveldari og hlutfallslega ódýrari en áður var má segja að nútímamanneskjan geti í sívaxandi mæli notið þess besta af báðum heimum.

### //Sjálfsmyndin endurspeglast í skemmtanalífínu

Framan af 20. öldinni fer hins vegar minna fyrir því að fólk stökkvi á milli landa til að ná andanum eins og það gerir í dag. Og þar sem skemmtanameningin er í felum og fordæmingin mikil kemur oft fyrir að eitthvað bresti. Þá grípur fólk oft til þekktra meðala og reynir að lækna laskaða sjálfsmynd. Eftirfarandi er upplifun homma á skemmtanalífi 6. og 7. áratugarins: Þetta var fábreytilegt og gekk út á að reyna að komast í sambönd. Þar sem sambúð karlmanna var forboðin voru menn hins vegar mikið einir og parasambönd afar sjaldgæf. Þeir gerðu sér þá dælt við menn sem aldrei komu út úr skápnunum. Harðgíftra menn með börn.

Að sumu leyti var þessi tími ágætur, en neyslan var samt alltaf áberandi og margir leiddu út í ofdrykkju. Ég hef því horft á eftir mörgum í gröfina, langt fyrir aldur fram, sökum drykkju eða sjálfsvíga.

Og að mati Láru er ástandið oft ansi slæmt á 8. og 9. áratugnum: Já, margir misnotuðu áfengið svo gróflega að þetta varð stundum hreinlega bara „vulgar“.

Samkvæmt Inga Rafni er tilkoma alnæmisins um miðjan 9. áratuginn heldur ekki til þess fallin að bæta sjálfsmyndina. Nei, á þessu tímabili vorum við farin að finna fyrir AIDS-sjúkdómnum og það setti auðvitað mark sitt á skemmtanalífið eins og allt annað. Eina helgina voru menn á djamminu. Þá næstu voru þeir bara dánir. Það var fílingurinn sko.

Veturliði bendir þó á nokkra hluti sem stundum vilja gleymast: Fólki hættir svolítið til þess að halda að eitthvað sérstaklega hafi verið trampað á homnum og lesbíum. En það er ekkert rétt. Það var verið að trampa á öllum og enginn fékk að gera neitt. Helst ekki nokkurn skapaðan hlut! Og þótt þú ættir peninga og það hétu opinberlega að þú gætir farið úr landi, þá var raunin sú að þú fékkst engan gjaldeyri. Það þýddi náttúrulega í praksís að þú komst ekki nokkurn skapaðan hlut. Þú gast ekkert farið, gast ekkert gert.

En eins og áður hefur verið greint frá breytist landslagið með tímanum, regluverkið mýkist og frjálrsæðið eykst. Með árunum minnka líka fordómarnir. Ingi Rafn nefnir einnig batnandi áfengismenningu: Maður heyrir sjaldan um að fólk sé að fara á tveggja daga fyllerí eins og almennt var í gamla daga. Það er ekkert lengur. Oft var þetta líka fólk sem var í ofboðslegri neyslu og sumir ekkert bara í áfenginu, heldur í döpínu líka. Ég held svei mér þá að drykkjumeningin sé orðin eitthvað heilbrigðari.

Ætli það sé eitthvað sem unga fólkið á senunni geti tekið undir? Aldís: Fólk hagar sér ofboðslega misjafnlega, en ég held að Íslendingar séu að mörgu leyti feimnari en aðrar þjóðir og helli sig oft blindfulla bara til að þora á staðina og spjalla við fólkið. Næsta dag man það svo varla eftir gærkvöldinu.

Jens Fjalar tekur í svipaðan streng:

Fólkið á senunni hagar sér nú bara eins og flestir aðrir. Mjög blátt áfram og ófeimið þegar það er í glasi.

Líklega má endalaust deila um hvort áfengismeningin fari batnandi eða versnandi og vissulega er enn nóg af giftum skápahommum í gagnkynhneigðum samböndum. Flestir eru þó sammála um að hafi hinsegin fólk eitthvað verið frábrugðið öðrum hvað varðar áfengisneysluna, þá eigi það varla við hina yngri í dag. Að minnsta kosti sé áfengið mun sjaldnar notað til að deyfa einhvern hinsegin sársauka.

Íslendingar virðast nefnilega upp til hópa, og alveg óháð kynhneigð, nota áfengið til að brjóta samkvæmisísinn og munu líklega alltaf höndla það misgæfulega. Á viðmælendum má einnig heyra að yngsta kynslóðin sé miklu opnari og frjálslægri en þær eldri og að almennt hafi sjálfsmyndin og skemmtanalífið þroskast. Lára hefur orðið: Já, það má segja að þetta sé fæðing, bernska og unglingsár. Það tók náttúrulega dálítinn tíma að slíta barnsskónum.

### //Veröld sæl og sýnileg

Það er farið að birta af degi og því tímabært að hætta djamminu. Næturlífið verður því senn kvatt, í þeirri von að tekist hafi að gera örlitla grein fyrir því. Og að óminnispokunni hafi jafnvel létt á köflum.

Af yfirferðinni virðist óhætt að draga þá ályktun að mikið öf hafi runnið í svelgi frá upphafi hinsegin skemmtanameningar á Íslandi. Íslenskt samfélag hefur tekið stórkostlegum stakkaskiptum og næturmenning sú sem hin unga Reykjavík tekur undir sinn verndarvæng á fyrri hluta 20. aldar hefur vaxið og þroskast með borginni sinni. Og í raun komið fram í dagsljósið. En í hverju er munurinn þá helst fólgin? Samkvæmt Þóri liggur hann í sýnileikanum: Þetta hefur breyst svo ótrúlega mikið. Maður gat aldrei almennilega verið opin með samkynhneigðina, heldur passaði sig og lét ekki bera á henni. Sérstaklega ekki úti á götu. Ég vildi eiginlega óska að maður hefði verið upp á sitt besta núna síðustu 20 árin.

Magga Pála bendir á fleira:

Við höfum loksins komist á þann eðlilega stað að skemmtanalífi okkar er sinnt á opinberum vettvangi. Þetta snýst einfaldlega um að öll þjónusta sé aðgengileg fyrir alla, að við séum sjálfsagður hluti samfélagsins og þurfum ekki að sækja í sér félag þá hluti sem aðrir sækja á almennan markað.

Gott og vel. En verður þetta þá ekki til þess að hinsegin skemmtanamening glati sérkennum sínum og verði borgaraleg, útfloft og leiðinleg fyrir vikið? Streit, jafnvel? Eða er það kannski mergurinn málsins? Er kannski engin þörf lengur fyrir sérstaka hinsegin skemmtistaði og skemmtanir? Kristín hefur orðið: Jú, klárlega. Stundum langar mann bara sjúklega mikið að vera gay

og því eru hinsegin staðir mjög mikilvægir. Samtakaböllin eru það líka og virka sérstaklega vel sem gott athvarf þegar fólk kemur úr felum.

Aldís er á sama máli:

Okkur þykir einfaldlega gaman og gott að geta komið saman og tjúttað með öðru hinsegin fólki. Verið á stað þar sem maður getur látið sér líða vel og gleymt öllum fordómum og áreiti. Svo er einfaldara að

Veturliði vill meina að fólk eigi líka að flytja sig á milli landa:

Ef við ætlum að bjóða upp á fullnægjandi þjónustustig hérna í fámenninu er okkur algjör nauðsyn að hafa góðan og stöðugan straum af útlendingum. Þó ekki væri nema til þess að maður sé ekki stöðugt að horfa á sömu andlitin. En í alvöru held ég að íslenskir hommar og lesbíur hefðu bara gott af því að kynnast fólki úr mismunandi áttum og heyra hvað það hefur að segja um ástandið hér.

Og ef marka má Jens, þá er bjart framundan hjá unga fólkinu: Það er frábært að fá tækifæri til að njóta þess að vera ungur og gay hérna á Íslandi. Ég verð blessnarlega ekkert var við fordóma, en veit líka að það er stutt síðan að ástandið var allt öðruvísi og er því mjög þakklátur fyrir hvað við stöndum framarlega í réttindabaráttunni

## Ný reglugerð heimilar að hafa áfengisútsölur opnar til 11 á kvöldin

# Veitingastaðir geta verið opnir allan sólarhringinn

SAMKVÆMT nýrri reglugerð um smásölu og veitingar áfengis verður heimilt að hafa áfengisútsölur opnar á tímabilinu frá því klukkan átta á morgnana til klukkan 23 á kvöldin nema helgidaga, en áfgreiðutími áfengisútsala hefur hingað til verið miðaður við al-

inn hefur hingað til verið takmarkaður.

Samkvæmt 3. grein reglugerðarinnar skal afgreiðutími útsölu- staða áfengis aldrei vera lengri en frá klukkan 8-23, en þeir skulu vera lokaðir á helgidögum júlískirkjunnar, sumardeginum fyrsta, 17. júní

kvæmt 5. grein lagt í vald sveitarstjórnar á hverjum stað að ákveða heimilan afgreiðutíma áfengis á veitingastöðum sem hafi leyfi til áfengisveitinga, með þeim takmörkunum sem greini í lögum um helgidagafrið. Þar með er það lagt í vald sveitarstjórna til dæmis hvort

samtali við Morgunblaðið, að eftir þetta gætu sveitarstjórnir samþykkt að veitingastaðir yrðu opnir allan sólarhringinn. Hins vegar þyrfti að hafa í huga í því sambandi að þá væri nauðsynlegt að breyta lögreglusamþykkt vökomandi sveitarfélags, því þar væri kveðið á

DJAMMIÐ ENDALAUUSA?

Frá mars 1999 var löggið öfn rýmkuð svo mikið að í grundvallaratriðum gátu veitingamenn haft opið allan sólarhringinn.

kynnast einhverjum á gay stað og minni líkur á því að gera sig að fífl.

Mér finnst við líka vera að gera ágætis hluti í hinsegin skemmtanalífi og blandan á milli gay og streit er fín. Svo erum við með stóran stað eins og Q-bar og kósý stað eins og Black og ef maður er ekki að fíla tónlistina getur maður alltaf kíkt yfir á hinn staðinn, sem er mjög gott.

Eins og Þórir minnst Jens líka á sýnileikann:

Í svona lítilli borg eins og Reykjavík eru gay skemmtistaðir mjög mikilvægir. Þeir gera okkur nefnilega ekki einungis kleift að hittast og skemmta okkur saman, heldur auka þeir líka sýnileika okkar út á við. Svo geta þeir líka verið „straight friendly“ og stuðlað þannig að jákvæðri blöndun samfélagshópa.

Og um gæði skemmtanalífsins segir Hannes:

Mér fannst reyndar grasrótarfilingurinn meiri í þessu á sínum tíma, en maður finnur samt rosalegan metnað í dag. Aðstandendum Q-bars hefur til dæmis tekist að halda mjög faglega utan um hlutina og skapa góða stemmingu og ímynd í kringum staðinn. Senan er í raun fín eins og hún er og býður upp á allt sem maður þarf. Það er skárra að hafa færri staði og þéttari heldur en að þynna kokkteilinn út í hið óendanlega.

### //Landið handan regnbogans

Það virðist því nokkuð ljóst að spurnin eftir gay skemmtistöðum er til staðar. Og henni virðist mætt ágætlega. En hvernig eru þá framtíðarhorfurnar? Er ekki bara ástæða til bjartsýni? Ingi Rafn hefur orðið:

Jú, það ætti ekki að vera vandamál að halda úti 2-3 tiltölulega litlum og vel reknum stöðum. Maður sér það víða í útlöndum, jafnvel í litlum sveitarfélögum. Það skapast bara einhver rúttina og fólk færir sig til eftir stemmingu.

í dag. Þegar á heildina er lítið finnst mér senan líka stækka, þroskast og batna með hverju árinu sem líður.

Aldís er á sama máli:

Mér finnst okkar kynslóð líka frábrugðin þeim eldri. Við erum yfirleitt opnari varðandi kynhneigðina og óhræddari við að skella okkur á gott gay djamm. Í framtíðinni væri svo náttúrulega gaman að hafa „Girls only“ stað, en annars er þetta allt á réttir leið.

Jú, það er víst óhætt að segja að gangan eftir hinum gullna vegi skemmtanalífsins hafi orðið léttari með árunum. Og gott ef það er ekki farið að glitta í landið handan regnbogans. Þegar myrkríð breiðir svo hjúp sinn yfir hinsegin verur borgarinnar í kvöld og næstu kvöld er það á einhvern hátt svo miklu mýkra en áður. Jafnvel notalegt. En er það til merkis um að þetta hafi allt saman verið ein hörmungarganga fram á síðasta áratug síðustu aldar? Lára hefur lokaorðið: Nei, þetta er nú dálítið flóknara en svo og er náttúrulega alltaf spurning um viðhorf einstaklinganna. Fólk var að berjast við að búa sér til heilsteypta sjálfsmynd í samfélagi sem var þakklátt af fordómum. Ef við vorum lamin, þá börðumst við og komum aftur. Það var nóg að gera. Við þurftum að búa til viðmótið og allir lögðu sitt af mörkum til að skapa það rými sem við eigum í dag. Oft með persónulegum fórnunum. En þeir sem taka áskoruninni koma á endanum út sem sigurvegarar.



# EFTIRMÁLI

Auk þeirra nafngreindu og ónafngreindu viðmælenda sem fram koma í greininni var við ritun hennar haft samband við fjöldann allan af fólki sem komið hefur nálægt eða býr yfir vitneskju um skemmtanalíf hinsegin fólks á Íslandi í gegnum árin.

Heimilda var einnig leitað í dagblöðum og tímaritum og má hér nefna

Morgunblaðið, DV, Tímann, Pressuna, Þjóðviljann, Helgarpóstinn, Samúel og Mannlíf. Þá var leitað í ritin Sjónarhorn, Úr felum og Samtakafréttir, sem Samtökin '78 hafa gefið út. Auk alls þessa var stuðst við kafla úr bók Hjálmars Sveinssonar *Nýr penni í nýju lýðveldi*, sem fjallar um ævi og störf Elíasar Mar skálds og kom út árið 2007.

Ljósmyndir, boðskort og auglýsingar vörpuðu ómetanlegu ljósi á hina ýmsu atburði. Skulu þeim sem lánuðu og treystu greinarhöfundu fyrir slíku efni við vinnslu greinarinnar hér með færðar bestu þakkir.



Andrea Jónsdóttir (59)



Jens Fjalmar Skaptason (22)



Veturliði Guðnason (61)



Lára Marteinisdóttir (46)



Kristín Eysteinsdóttir (34)




Margrét Pála Ólafsdóttir (50)



Þórir Björnsson (81)



Ingi Rafn Hauksson (45)



Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir (21)



Hannes Páll Pálsson (30)

# ALLT HEFUR BREYST Á 30 ÁRUM

Texti: Ragnhildur Sverrisdóttir

Barneignir eru nánast orðnar regla fremur en undantekning í hópi lesbía. Þær fóru margar til Danmerkur á árum áður og gera reyndar enn, en núna er leiðin fyrir lesbíur í staðfestri samvist greið í tæknifrjóvgun hér á landi. Hommarnir ræða meira um barneignir sín á milli en áður fyrr og allnokkrir hafa eignast börn með lesbískum vinkonum sínum. Líklega hefur sú er þetta skrifar fyrst sótt fund hjá Samtökunum '78 á stofnári félagsins, fyrir 30 árum. Fundirnir voru haldnir í litlu kjallaraherbergi, þar vorum við tvær stelpurnar og nokkrir strákar. Mér var sagt, á þessum fyrsta fundi sem ég sótti, að tvær konur væru skráðir félagar. Önnur var þá flúin til Danmerkur og hin fór skömmu síðar til Noregs. Félagið var fámenn, átti varla krónu og starfsemin var ekki áberandi í þjóðfélaginu. Það var heldur ekkert sérstaklega freistandi að láta mikið á sér bera á þessum árum, enda mismunur samkynhneigðra regla fremur en undantekning. En félagið stóð þó fyrir böllum, þótt ekki mætti auglýsa þau í Ríkisútvarpinu og segja að þau væru fyrir homma og lesbíur. Sú ástæða var m.a. nefnd, að þetta væri auðvitað engin íslenska, að tala um „homma“ og „lesbíur“. Bannið var sem sagt af einhverjum málræktaráhuga, en ekki vegna þess að Ríkisútvarpið væri í höndum manna sem voru uppfyllir af fordómum. Þetta var fyrir 30 árum. Á þessum árum var fjarlægur draumur að samkynhneigðir gætu skráð sig í sambúð. Hommarnir áttu undir högg að sækja, því flesta bauð í grun hvað var á ferðinni þegar tveir ungir karlmenn bjuggu sér heimili. Þeir voru sífellt að missa íbúðirnar sem þeir höfðu á leigu og ástæðurnar

sem gefnar voru upp voru af ýmsum toga. Við lesbíurnar vorum í öllu skárri málum, enda þótti einhvern veginn „eðlilegra“ að tvær stelpur leigðu saman íbúð. Við gátum því verið í felum, jafn æskilegt og það nú er. Sumum okkar tókst meira að segja að leyna sambandinu fyrir ættingjum og vinum árum saman. Ég man þann óskaplega létti sem fylgdi því að koma úr felum fyrir rúmum aldarfjórðungi, segja mömmu, pabba og systkinum allt af léttu, hætta að ljúga að kunningjum og samstarfsfólki. Þá var staðan enn sú að ég gat ekki ímyndað mér að ég gæti skráð mig í sambúð, jafnvel gift mig, hvað þá eignast börn. Ég man enn þegar ég sagði vinkonu að mig langaði að eignast börn. Hún svaraði því strax að ég yrði að hugsa mig vel um, því barnið myndi áreiðanlega mæta miklum fordómum. Ég áttaði mig ekki á því fyrr en síðar að fordómarnir lágu hjá henni. Fyrir fjórtán árum kynntist ég konunni minni. Þá áttum við enga möguleika á að skrá okkur í sambúð. Sumar vinkonur okkar höfðu tekið til þess bragðs að kaupa alls konar tryggingar og gera gagnkvæmar erfðaskrár, til að







reyna  
að tryggja hag  
maka sinna sem best  
ef eitthvað kæmi fyrir.  
Önnur úrræði voru ekki til.  
En allt var að breytast og  
batna. Viðhorf í þjóðfélaginu  
höfðu gjörbreyst á skömmum  
tíma. Allir vissu af starfsemi  
Samtakanna '78 og æ fleiri komu úr  
felum, báru höfuðið hátt og kröfðust  
jafnréttis. Fyrir tólf árum varð mikil réttarbót,  
þegar samkynhneigðum var heimilt að skrá sig  
í staðfesta samvist. Allt í einu áttum við möguleika á að  
öðlast réttindi, sem svo skömmu áður virtust óhugsandi.  
Fyrir níu árum fórum við, ég og konan mín, að huga að  
barneignum. Við gátum ekki ættleitt börn saman, samkynhneigðir  
höfðu ekki þann rétt. Við áttum engan möguleika á að nýta okkur  
þjónustu heilbrigðiskerfisins hér á landi og fara í tæknifrjógungun.  
Fyrir tæpum átta árum varð konan mín barnshafandi í Bandaríkjunum.  
En ég var réttláus gagnvart tvíburadætrum okkar þegar þær fæddust,  
þótt við mæður þeirra værum í staðfestri samvist. Ég mátti þó  
stjúpættleiða þessi börn konu minnar, eins og það hét, og gerði

það. Ég átti hins vegar  
engan opinberan rétt  
til fæðingarorlofs, enda  
töldust litlu stelpurnar  
ekki dætur mínar, þótt  
ég hefði verið sú sem  
klippti á naflastrenginn.  
Fyrir tveimur árum gengu  
í gildi lög, sem færa rétt  
samkynhneigðra til jafns  
við rétt annarra. Við getum  
skráð okkur í sambúð í þjóðskrá  
eins og gagnkynhneigð pör. Þar  
með njóta samkynhneigð pör í sambúð  
sömu réttinda og lúta sömu skyldum  
og gagnkynhneigðir hvað varðar  
almannatryggingar, lífeyrismál, skattamál,  
erfðamál og fjölmargt fleira. Við getum  
líka, sem fyrr, staðfest samvist okkar. Við  
megum ættleiða börn. Við lesbíurnar getum farið  
í tæknifrjógungun innan íslenska heilbrigðiskerfisins og njótum  
sama réttar til fæðingarorlofs og gagnkynhneigðir foreldrar.  
Tvíburastelpurnar, sem fæddust í Bandaríkjunum fyrir  
tæpum sjö árum, hafa aldrei orðið fyrir aðkasti af neinu tagi  
vegna þeirrar staðreyndar að þær eiga tvær mömmur.  
Þrjátíu ár eru ekki langur tími. Samt hefur allt breyst.



Pabbarnir Þorsteinn Magni Björnsson og Orri Þór Bogason ásamt mömmunum Steinunni Ingu Björnsdóttur og Kolbrúnu Eddu Sigurhansdóttur. Lengst til hægri er afkvæmið Reynir Björn

# BLESSAÐ BARNALÁN

Þegar þórin tvö, hommarnir og lesbíurnar, sögðu vinum og ættingjum að þau ættu von á barni saman voru viðbrögð fólks með ýmsu móti. Margir óskuðu þeim innilega til hamingju og litu greinilega svo á að full ástæða væri til að fagna litlu barni, hvernig sem það væri til komið. Afar og ömmur voru alsæl með að bæta við barnabarnahópinn. Aðrir hófu miklar varnaðarræður, bentu á að líffræðilegi faðirinn Þorsteinn Magni gæti lenti í alls konar vandræðum með forræðið, Orri Þór maki hans yrði settur til hliðar og ætti engan rétt, líffræðilega móðirin Steinunn Inga yrði að kljást við ótrúlegar flækjur vegna skipan mála og Kolbrún Edda maki hennar yrði réttlaus með öllu, nema þær færu þá leiðina að Kolbrún Edda stjúprættleiddi barnið. Sem Þorsteinn Magni tók ekki í mál, enda hafði hann ekki hugsað sér að feðra barn án þess að vera skráður faðir þess og hafa forræði með móðurinni. Fjórmenningarnir leystu málin sín á milli, hvað sem öllum vangaveltum og úrtöluröddum vina og ættingja leið.

„Við vorum á tímabili með lögfræðing í starfi við að ganga frá öllum pappírnum. Lögfræðingurinn, Valborg Þ. Snævarr, hafði nú ekki fengið mörg mál af þessum toga til sín,“ segja þau. „Við reyndum að sjá fyrir allar þær aðstæður sem gætu komið upp. Hvernig fer með forræðið ef Steinunn fellur frá? Hvaða rétt á Orri ef þeir skilja? Við vildum skrá þetta allt saman niður, en grunnforsenda þess að við eignuðumst barn saman er vinátta okkar og gagnkvæm virðing. Hagmunir sonar okkar ráða algjörlega. Í raun er þetta fyrirkomulag ekkert frábrugðið því þegar karl og kona eignast barn og skilja svo. Þá þarf að semja um alla hluti, með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Við þurfum hins vegar ekki að burðast með særðar tilfinningar eða reiði, sem fylgir oft skilnaði.“

## //Vildu að barnið þekkti uppruna sinn

Reynir Björn Þorsteinsson er fimm mánaða snáði, sem býr svo vel að eiga tvær mömmur og tvo pabba. Hann á heima hjá mömmunum, Steinunni Ingu Björnsdóttur og Kolbrúnu Eddu Sigurhansdóttur, sem

hafa verið saman í hálf fimm ára og í staðfestri samvist í tæp tvö ár. Stundum fer hann til pabbanna, Þorsteins Magna Björnssonar og Orra Þórs Bogasonar, sem hafa verið í staðfestri samvist í svipaðan tíma. Reynir Björn er enn svo lífill að hann er ekki lengi í einu í „pöbbun“, en um leið og hann eldist aðeins er líklegt að hann eyði drjúgum tíma hjá pöbbum sínum, rétt eins og mömmum. Þegar hann byrjar í skóla þurfa foreldrarinn fjórir að taka afstöðu til þess hvort þeir ætli að búa í sama hverfi, til að auðvelda guttanum að rölta á milli heimila. En hvers vegna fóru þau þessa leið? Steinunn og Kolbrún hefðu getað farið í tæknifrjógungun með gjafasæði. Fyrir nokkrum árum hefðu þær að vísu þurft að leita út fyrir landsteinana, til dæmis til Danmerkur, þangað sem fjölmargar íslenskar lesbíur hafa farið á undanförunum árum. Núna hefðu þær ekki einu sinni þurft að skreppa til Danmerkur, því íslenskar lesbíur eiga kost á tæknifrjógungun hér á landi. „Við kusum að fara þessa leið, af því að við vildum að barnið ætti kost á að þekkja uppruna sinn,“ segir Steinunn. „Við veltum vissulega fyrir okkur að fara hina leiðina, en sú regla gildir bæði hér á landi og í Danmörku að sæðisgjöfum er tryggð nafnleynd. Við erum alls ekki að dæma um hvort er betra, það verður hver að ákveða fyrir sig. Okkar niðurstaða var að leita til vina okkar, en önnur leið hentar áreiðanlega öðrum betur.“

Aðrar lesbíur sem eiga börn spurðu þær gjarnan hvernig í ósköpunum þær tímdu að deila barni sínu með öðru pari, þeim Þorsteini og Orra. „Okkur fannst hins vegar felast styrkur í þessu, þeir myndu hjálpa okkur við uppeldið og fá tækifæri sem hefði ekki boðist þeim annars. Við litum aldrei á það sem vandamál að barnið okkar ætti fleiri foreldra en okkur tvær. Börn verða aldrei of elskuð.“ Kolbrún var sú forsjála. Hún var farin að velta fyrir sér barneignum áður en hún kynntist Steinunni, enda ákveðin frá unglingsaldri að verða mamma. „Ég fékk þessa hugmynd í byrjun árs 2003, að tala við Þorstein og Orra og spyrja þá hvort þeir væru til í þetta eftir nokkur ár. Ég þekkti tvær stelpur sem bjuggu saman og höfðu eignast barn með vini sínum.



Við Steinunn byrjuðum saman í ágúst 2003, en stuttu síðar fór ég ein í heimsókn til strákanna og ræddi möguleikann við þá. Við Steinunn vorum svo nýbyrjaðar saman að hún hafði ekki enn kynnst strákunum, en ég fór til þeirra til að panta þá, ef af þessu yrði seinna meir. Ég vildi ekki setja sérstaka pressu á Steinunni eða samband okkar, enda var það ekki tímabært. Ég sagði strákunum að ég væri bara að hugsa til framtíðar, þeir þyrftu alls ekki að svara þessu strax. Við ræddum ekki einu sinni hvor þeirra yrði líffræðilegur faðir.“

Þorsteini leist strax mjög vel á hugmyndina, en Orri segist hafa haft ýmsar efasemdir. „Ég var logandi hræddur, satt best að segja. Ég var mjög sáttur við líf okkar Þorsteins, við höfðum frelsi til að gera allt sem okkur datt í hug og mér fannst að barn hlyti að hefta okkur ógurlega. Við Þorsteinn höfðum að vísu rætt aðeins um möguleikann á að verða pabbar, en það virtist alveg út úr myndinni. Mér leist ekkert allt of vel á þetta, þótt Þorsteinn væri spenntur. Í raun hurfu efasemdir mínar ekki endanlega fyrr en Reynir Björn fæddist.“

Þegar Kolbrún og Steinunn höfðu verið saman um tíma töluðu þær um barneignir og Steinunni leist vel á að leita til Þorsteins og Orra. „Ég vissi að ég yrði að gera eitthvað í málunum fyrr en síðar, ef ég ætlaði að eignast barn, enda var ég þá komin yfir þrítugt,“ segir hún.

### //Ekki stjúptættleiðing

Þau hittust margoft og ræddu málin, því þau vildu undirbúa allt vel og vandlega. Stærsta málið var hvort Kolbrún ætti að stjúptættleiða barnið, eftir að Steinunn fæddi það. Þær höfðu alltaf gengið út frá að svo yrði, en Þorsteinn tók það ekki í mál og Orri var sammála honum. „Við Þorsteinn vorum sammála um að ef Kolbrún stjúptættleiddi barnið værum við að gefa þau skilaboð að við vildum sem minnst af því vita,“ segir Orri og Þorsteinn bætir við að hann hafi ekki getað hugsað sér að verða faðir barns, en hafa ekki forræði þess.

Steinunn segir að þær Kolbrún hafi fljótlega komist á sömu skoðun, enda væri þessi afstaða pabbanna mjög skiljanleg. Þær sögðu hins vegar að þessi ákvörðun þeirra hefði sætt töluverðri gagnrýni, til dæmis hefðu aðrar lesbíur í staðfestri samvist sumar átt mjög erfitt með að skilja að Kolbrún skyldi samþykkja þetta. „Ábyrgð okkar gagnvart syni okkar er mikil,“ segir Kolbrún. „Við látum hans hagsmuni ráða og satt best að segja er þetta fyrirkomulag sanngjarnast. Sanngirni er lykilorðið, þegar fjórir einstaklingar þurfa að taka ákvörðun um hagsmuni eins barns. Við fórum þessa leið af því að við vildum að sonur okkar þekkti uppruna sinn, svo það var ósköp eðlilegt að Þorsteinn væri skráður faðir hans og hefði forræðið með Steinunni.“

Þau voru svo forsjál, að þau ákváðu með árs fyrirvara hvenær þau myndu fyrst reyna að geta barn. „Í maí 2006 byrjuðum við að reyna og ég var orðin ólétt í desember sama ár,“ segir Steinunn. „Þetta gekk allt saman vel, en að vísu átti ég pantaðan tíma á Art Medica, sem framkvæmir tæknifróvganir, daginn eftir að ég uppgötvaði að ég var ólétt. Ég ætlaði bara að kanna hvort ekki væri allt í lagi, en við höfðum ekki tekið neina ákvörðun um næstu skref, ef þetta hefði ekki gengið.“

Þegar Steinunn var komin langt á leið héldu foreldrarir fjórir boð fyrir afa og ömmur. Stofan fylltist, því þarna mættu foreldrar Þorsteins og foreldrar Orra, foreldrar Steinunnar, mamma Kolbrúnar og pabbi og stjúpa hennar. Alls níu manns, sem allir áttu tilkall til litla drengsins. „Þau eru öll alsæl með þetta,“ segja fjórmenningarnir.

Fjöldinn í afa- og ömmuveislunni var vísbending um það sem koma skyldi,

því á júlunum fékk litli guttinn, rétt rúmlega fjögurra mánaða gamall, yfir þrjátíu pakka og fleiri en eina gjöf í hverjum. Foreldrarir reyna þó að skipta dótinu aðeins, það sem fjölskyldur Orra og Þorsteins gefa er á heimili þeirra, en annað á heimili Kolbrúnar og Steinunnar. Seinna meir fær Reynir Björn eigið herbergi á heimili pabba sinna, enda verður hann þar með annan fótinn eftir að brjóstgjöf sleppir. Núna er töluvert langt á milli foreldranna, þeir búa í Norðurmýrinni en þær í Grafarvogi. Þau reikna með að færa heimilin nær þegar líður að skólagöngu sonarins, en viðurkenna að þetta sé líklega eina atriðið sem þau hafi ekki samið um. Það verður leyst af sanngirni, með hagsmuni Reynis Björns í huga, eins og annað.

### //Uppnám hjá sýslumanni

Þegar Reynir Björn fæddist var gengið frá sameiginlegu forræði Þorsteins og Steinunnar. Það var reyndar fremur skondin uppákoma, því þau fóru til sýslumanns til að ganga formlega frá öllu saman. Þar spurði kona þau hvort þau væru í sambúð, en þau neituðu. Hún ítrekaði spurningu sína skömmu síðar og horfði stíft á giftingarhringinn á fingri Steinunnar. Þau neituðu aftur, en skýrðu svo málið. Hann væri sem sagt í staðfestri samvist með öðrum karlmanni, en hún í staðfestri samvist með annarri konu. Þá varð uppi fótur og fit, konan taldi að Kolbrún hlyti að verða skráð foreldri drengsins fyrst hann fæddist í staðfestri samvist og málinu var vísað til dómsmálaráðuneytisins. Þá hafði lögum nýlega verið breytt á þann veg að lesbíur gætu farið í tæknifróvgun hér á landi og ef þær gerðu það, þá var maki þeirra skráður foreldri barnsins sem þær eignuðust. Í tilfelli fjórmenninganna var málum öðruvísi háttað, þetta var ekki tæknifróvgun og það lék enginn vafi á hver væri pabbinn. Þorsteinn var loks formlega skráður faðir, með sameiginlegt forræði með móður. Litli strákurinn þeirra var ekki skírður, en séra Auður Eir kom heim til þeirra og blessaði hann og þau öll þegar hann var nefndur. „Við ákváðum að vera bara fjögur með strákinn. Við ætluðum fyrst að bjóða til veislu, en þegar við höfðum öll talið upp okkar nánustu þá var hópurinn kominn vel yfir 50 manns og við sáum fram á að þurfa að leigja sal úti í bæ. Þetta er kannski eini gallinn, að nánustu ættingjar eru svo margir, en um leið er það auðvitað einn stærsti kosturinn. Við tókum upp myndband fyrir ömmur og afa, en fórum svo fjögur saman út að borða um kvöldið. Eða fimm, öllu heldur, því Reynir Björn var auðvitað heiðursgesturinn.“ Þótt Orri haldi því enn fram að hann fari á taugum, ef hann þarf að sinna smábarni, þá segja þau hin að það sé alrangt. Orri hafi til dæmis sagt að hann gæti ekki snert á barninu fyrr en það væri orðið nokkurra mánaða gamalt og ekki jafn viðkvæmt og fyrst eftir fæðingu, en samt hafi hann verið kominn með drenginn í fangið nokkrum tímum eftir fæðingu.

### //Rauðhærðir þríburar?

Steinunn segir að þær Kolbrún hafi fengið endanlega staðfestingu á pabbavalinu þegar þær fóru í giftingu Þorsteins og Orra sumarið 2006. „Bræðrabörn Orra voru í giftingunni og þegar við sáum þá með þessum litlu krökkum var augljóst hvað þeir eru miklir barnakallar. Litlu systur Kolbrúnar dýrka þá og vita enga menn skemmtilegri. Við völdum réttu náungana, það er enginn vafi. Og eru ekki bara hrein forréttindi að eiga tvær mömmur og tvo pabba?“

Þær Kolbrún og Steinunn vilja eignast fleiri börn og Kolbrún ætlar að ganga með næsta barn. Eða börn, ef henni verður að ósk sinni. „Ég hef alltaf viljað eignast mörg börn og vil gjarnan eignast rauðhærða þríburu næst!“ segir hún.



Myndir: Ljósmyndasafn Reykjavíkur og fleiri

# MEÐ PENNANN AÐ VOPNI

## Hinsegin bókmenntir á Íslandi

Eftir Árna Heimi Ingólfsson

Þann 23. maí 2007 lést Elías Mar rithöfundur á 83. aldursári. Elías gegndi merku hlutverki í íslenskum bókmenntum á 20. öld þótt lítið hafi farið fyrir honum og verkum hans síðustu áratugi. Á því varð þó nokkur breyting um síðustu jól, þegar út komu bækurnar Nýr penni í nýju lýðveldi eftir Hjálmar Sveinsson og Sköpunarsögur eftir Pétur Blöndal þar sem birt er ítarlegt viðtal við skáldið. Elías hneigðist bæði til karla og kvenna og var fyrsti íslenski rithöfundurinn sem fjallaði um samkynhneigð í verkum sínum. Líklegt má telja að hinn nývaknaði áhugi almennings á Elíasi og verkum hans eigi eftir að skila sér í betri skilningi á hlutverki hans sem brautryðjanda í að skapa hinsegin bókmenntir á Íslandi.

Það ætti engum að koma á óvart að saga hinsegin bókmennta sé stutt á Íslandi. Skáldsögur, leikrit og ljóð sem tjá samkynhneigða reynslu og hugarheim eru ung listgrein jafnvel á alþjóðlegum vettvangi. Samkynhneigðir tilheyrðu lengi þögguðum hópi og áttu ördugt með að finna tilfinningum sínum farveg í listrænni sköpun. Hér á landi gerði fámennið þetta enn erfiðara en ella. Í raun er varla hægt að tala um að hinsegin bókmenntir verði til fyrir en síðla á 19. öld, um svipað leyti og skilgreiningin á samkynhneigð kom fram. Fjölmörg dæmi eru þó um eldri bókmenntir sem fjalla um ástir af sama kyni. Forngríska skáldkonan Saffó, sem var fædd á eyinni Lesbos um 620 f. Kr., orti mörg ljóð til kvenna og er orðið lesbía dregið af fæðingarstað hennar. Margar sonnettur Shakespeares eru afdráttarlausar ástarjátningar til ungs manns, og hafa margir túlkað þær á þá leið að Shakespeare hafi verið

sam- eða tvíkynhneigður. Michaelangelo orti einnig sonnettur til ungra manna þegar hann sjálfur var á gamals aldri. Hómóerótísku undiröldunni í kvæðum þessara höfunda var þó haldið í skefjum svo öldum skipti, þar sem siðprúðir ritstjórar áttu það til að skipta út „he“ fyrir „she“ hjá Shakespeare, og „signor“ fyrir „signora“ hjá Michaelangelo. Fyrstu dæmin um bókmenntir þar sem fjallað er um samkynhneigðar ástir á tiltölulega hispurslausan hátt eru frá síðustu áratugum 19. aldarinnar. Tvær sögur, Sins of the Cities of the Plain (1881) og Teleny (1893), þóttu sæta tíðindum þar sem þær innihéldu bersöglar frásagnir af ástum tveggja karlmanna. Það segir sína sögu að höfundar þessara bóka kusu að láta nafns síns ekki getið og eintökin gengu manna á milli í neðanjarðarútgáfum. Báðar sögurnar endurspeglu viðhorf samtíma síns til samkynhneigðar, draga upp dökka mynd af ástum karla og sú síðarnefnda endar í tortímingu og dauða. Einnig má nefna skáldsöguna Maurice, sem E.M. Forster skrifaði 1914 en leyfði ekki að yrði gefin út fyrir en að honum látnum. Dauðinn í Feneijum eftir Thomas Mann hefur að geyma fræga lýsingu á tilfinningum aldraða skáldsins Aschenbachs í garð unglingspiltsins Tadzio.

Samkynhneigð ljóðskáld tóku einnig að yrkja um reynslu sína á síðari hluta 19. aldar, og má t.d. nefna Oscar Wilde, Walt Whitman, Paul Verlaine og Arthur Rimbaud. Breska skáldið Wilfred Owen samdi einnig áhrifamikil ástarljóð til karla meðan hann gegndi herþjónustu í fyrri heimsstyrjöldinni.



## //Íslenskur brautryðjandi

Það fer hins vegar lítið fyrir því sem kalla má bókmenntir lesbía og homma á Íslandi fyrr en upp úr miðri 20. öldinni. Ósýnileikinn sem einkenndi líf samkynhneigðra á Íslandi náði einnig til listrænnar sköpunar. Elías Mar ruddi brautina með því að fjalla um samkynhneigðar ástríður og kynlíf á opinskárra hátt en áður. Í bókinni Eftir örstuttan leik (1946) er fjallað um lífsleiða í höfuðborg hins nýja lýðveldis og þar er m.a. hægt að greina erótískan undirtón í samskiptum nokkurra

Fólk er afbrýðisamt af því það treystir ekki. -Hverjum treystir það ekki? spurði ég og þá horfðirðu á mig þessum stóru augum þínum og það var sárt að sjá sársauka þeirra og flótta. Það var sárt að horfa á þig þegar þú áleist þig seka en fannst þú ekki fá neitt við ráðið. Stundum hélt ég að þú værir viss um að þú stjórnaðist frekar af einhverjum dularfullum öflum sem hefðu tekið bólfestu í tilfinningum þínum en hinni miskunnarlausu sjálfri þér.

Vigdís Grímsdóttir. Z ástarsaga. 1996.

Róttækasta dæmið um „hinsegin“ skáldskap Elíasar er líklega smásagan Saman lagt spott og speki, sem var prentuð í 150 eintökum á vegum Helgafells árið 1960 og tileinkuð Þórði Sigtryggssyni. Þórður var óvenjulegur persónuleiki í bæjarlífinu á fyrri hluta 20. aldar og átti marga vini meðal lista- og menntamanna, m.a. Halldór Laxness sem hafði hann að fyrirmynd í frumgerð Atómstöðvarinnar, þótt sú fyrirmynd ætti eftir að þoka fyrir annarri, persónu Erlendar í Unuhúsi, í endanlegri gerð sögunnar. Þórður hneigðist til karla og fór ekki leynt með það. Sögumaður í smásögu Elíasar er menntaskólanemi sem hittir sérkennilegan eldri mann á göngu sinni um gamla kirkjugarðinn. Þeir taka tal saman og margt sem þeim fer á milli er skondið og óvænt.



karlpersóna. Næsta bók Elíasar, Man ég þig löngum (1949) var fyrsta íslenska skáldsagan sem hafði samkynhneigða aðalpersónu. Sú saga átti reyndar að verða tveggja binda verk en síðara bindið kom aldrei út og segir það líklega sína sögu um undirtektirnar.



Að sögn Þorvaldar Kristinssonar sagði Elías svo frá að hann hefði ekki gert annað en að skrifa upp skoðanir Þórðar í smásögunni. Væntanlega hafa viðhorf hans til ungra pilta fengið að fljóta með. Í sögunni er eftirminnilegur kafli þar sem eldri maðurinn stendur við gróf ungs vinar síns, Ganymeds Jónssonar, og minnst samvista þeirra. Ekki þarf að undra þótt lýsingar á borð við þessa hafi ollið nokkru uppnámi meðal síðavandra lesenda:

Mikið var fagurt og aðdáunarvert að sjá drenginn, fimmtán ára gamlan, afklæðast af sjálfsdádum hverri spjör og leggjast á grúfu upp í rúm. Ooooooh! Alveg eins og þetta væri sjálfsagðasta verk í heimi – sem það og var. Ganymed var sá allra beztu sem ég hef faðmað um dagana. Hann gerði svo yndislegar hreyfingar á móti. Mikið var ég undrandi yfir því, hve velþroskaðan lim svo grannvaxinn unglingur gat átt...

Forsíðuteikning Alfreðs Flóka var einnig í djarfari kantinum. Hana prýða tveir naktir piltar og er engu vikið undan í þeim efnum. Eftir útkomu sögunnar var Elías sviptur skáldastyrk sem hann hafði notið, og þótti honum hugsanlegt að það tengdist þessari djörfu sögu sem var töluvert langt á undan sinni samtíð.

## //Þrír hinsegin meistarar

Það er til marks um veika stöðu samkynhneigðra á Íslandi á 8. og 9. áratugnum að þá komu engar skáldsögur fram þar sem samkynhneigðir voru í aðalhlutverki eða tilfinningaleg sambönd þeirra skoðuð á jákvæðan hátt. Það var einfaldlega ekki gert ráð fyrir að bókmenntir gætu tekið á hinsegin ástum á sambærilegan hátt og þær lýstu gagnkynhneigðum samböndum. Gott dæmi um viðhorf þessa tíma er að finna í ritinu Hugtök og heiti í bókmenntafræði, sem kom út 1983 og hefur síðan verið undirstöðurit í íslenskum bókmenntum. Þar er „ástarsaga“ skilgreind þannig að efnisþráður hennar sé „iðulega ofinn úr vandkvæðum tveggja einstaklinga af gagnstæðu kyni“. Það að fjallað væri um gagnkynhneigða elskendur þótti hreinlega forsenda þess að hægt væri að skrifa ástarsögu.

Einu sinni voru kynvillt kona og kynvilltur maður og voru þau vinir. Þau reyndu að vera einsög kona og maður sem eru gefin saman í hjónaband en vissu vel að þau voru kynvillt. En reyndu aldrei að vera það. Og héldu áfram að haga sér eins og það elti þau stanslaust brúðarljósmyndari. Og þau litu ljómandi vel út. Þangað til þau komu heim á kvöldin að hjörtun þeirra krömdust.

Kristín Ómarsdóttir. Einu sinni sögur. 1991.



Upp úr 1990 breyttust viðhorfin hratt og þrír höfundar vöktu mikla eftirtekt fyrir djarfar og litríkar lýsingar á hinsegin viðfangsefnum. Kristín Ómarsdóttir sendi frá sér skáldsöguna Dyrnar þröngu árið 1995, þar sem söguviðið er eins konar draumaheimur þar sem allt getur gerst – og gerist. Þórunn Björnsdóttir er stödd á Sikiley í ferðalagi með eiginmanni sínum, en þegar hann veikist skyndilega fer hún í ferðalag

Maður verður að vera óhræddur við ástina hvert sem hún kann að stefna, hún er stöðugt á réttri leið, hún villist aldrei af vegum sínum og hún fer heldur ekki mannavíllt.  
-- Guðbergur Bergsson (Sú kvalda ást sem hugarfyglsnin geyma)

til borgarinnar Dyrnar þröngu, þar sem kynlegar persónur, losti og freistingar mæta henni á hverju götuhorni. Geir Svansson bókmenntafræðingur kemst svo að orði að skoðunarferð þórunnar um borgina verði

„eins konar rannsókn á (ófullnægðri/ófullnægjanlegri) þrá, hvort sem hún er gagn-, sam-, eða tvíkynhneigð.“ Kennslukonan fróken Hríf er ein þeirra sem haldin er óstjórnlegri þrá eftir þórunni, og gegnum alla bókina gerir höfundur sér að leik að skjöna kyngervi og „gera kynusla“ á eftirminnilegan hátt.

Z: Ástarsaga eftir Vigdís Grímsdóttur kom út 1996 og var fyrsta íslenska skáldsagan sem fjallaði á opinskáan hátt um ástarsamband tveggja kvenna. Bókin hlaut mikla athygli og var með söluhæstu skáldsögum árið sem hún kom út. Í blaðadómi kallaði Bergljót Davíðsdóttir Z: Ástarsögu „tímamótaverk sem hugsanlega brýtur blað í bókmenntahefð okkar og trúlega lengra en sjóndeildarhringur okkar nær.“ Sagan gerist á einni nóttu og segir frá Önnu, sem er dauðvona og flýr af sjúkrahúsi til að ráða eigin dauðdaga. Í samtölum og leit aðstandenda hennar, ástkonunnar Z, systurinnar Arnþrúðar og sambýlismanns hennar, rifjast upp fortíð þeirra

allra.

Eins og Geir Svansson hefur bent á er Z einmitt „úthýsti bókstafurinn“ og á því greinilega samsvörun með félagslegri stöðu söguhetjunnar sem lesbíu. Geir bendir einnig á að Vigdís stilli upp samböndum systranna sem algjörum andstæðum; lesbíska sambandið er dauðadæmt en hið gagnkynhneigða er það hins vegar ekki. Þegar Z ákveður að viðurkenna ást sína á annarri konu og yfirgefur sambýlismann sinn kostar það hana fordæmingu vina, vandamanna og í raun þjóðfélagsins alls.

Ástleitnar konur eru áberandi í ljóðabók Vigdísar Grímsdóttur, Lendar elskhugans (1991), en mun opinskárrí og meira „hinsegin“ er ljóðabók Böðvars Björnssonar frá árinu 1993, Dagbók Önnu

Frík. Það hefur lítið farið fyrir þessari óvenjulegu bók sem er eins konar „coming out“-frásögn í bundnu máli, eða „ort undir rokkhætti“ eins og höfundur tekur sjálfur fram í formála. Í bókinni segir frá Önnu Frík, ungum homma sem kemur út úr skápnun

Mikið skelfilega eru kynvillingar kynvilltir og þeir kunna bara hreint ekkert annað svo ku þeir vera öfugir allir með tölu þó þeir eigi að vita það er stranglega bannað svo klæmast þeir líka og káfa á þér og öllum og kyssast jafnvel og margt verra þeir reyna netsokkum blúndunærbuxum mínípilsun úr næloni undir gráum tvídfötum leyna svo lífa þeir í dauðasyndunum saman og satans eldaðri blessun ákaft fagna ofurseldir erginnar lævisum losta uns logarnir þá sleikja upp til agna Böðvar Björnsson (Dagbók Önnu Frík)

og heldur á vit ævintýrana í

útlöndum. „Gay Guide: Kaupmannahöfn aftanfrá“ er heiti eins ljóðsins, og í „Berlin Alexanderplatz“ selur Anna sig á götuhornum og lestarstöðvum Berlínar.

Guðbergur Bergsson er eitt frumlegasta og uppátektarsamasta „hinsegin“ skáld Íslendinga. Stærsta verk hans um hinsegin efni er skáldsagan Sú kvalda ást sem hugarfyglsnin geyma, sem kom út 1993. Þar er sagt frá manni sem lifir að því er virðist vammlausu lífi, er eiginmaður og faðir og starfar í menntamálaráðuneytinu. Þegar hann hellir sér út í





ástarsamband með öðrum giftum manni verður útkoman flókin vefur tilfinninga og spurt er spurninga um ástina, tilgang hennar og möguleika. Dagbóarskrifarin reynir ítrekað að negla sig fastan á ástmann sinn, en hefur ekki árangur sem erfiði. Dauðinn er sífellt nálægur í sögunni, og í greiningu sinni á bókinni í tímaritinu Skírni bendir Geir Svansson á að strax í formála fái lesandinn vitneskju um að dagbóarskrifarin sé með alnæmi, og líklega ástmaður hans einnig. „Dauðinn vofir því yfir frásögninni eftir það og getur ekki annað en litað hana.“


En Guðbergur hefur sent frá sér fleiri eftirminnilega texta þar sem reynsla samkynhneigðra er í brennidepli. Í safnbókinni Tundurdufl – Erótískar sögur skrifaði Guðbergur lítinn þátt sem nefnist „Um endurtekna fundi.“ Þar segir frá skyndikynnum tveggja karlanna, og líkt og í skáldsögunni er dregin upp mynd af ást í leyfum, innantómri fullnægingu skyndikynnanna. Í lokin stendur sögumaður frammi fyrir því að dýpri tilfinningar vakna einmitt þegar köld kveðjustundin er óumflýjanleg:

Mig langar til að háttá hann aftur í þögn. En hann stendur kyrr. Þá vík ég frá honum og hann brosir og ég til hans. Jafn skjótt er hann farinn. Þá segi ég við mig í huganum: Ástin er skítur, vinur minn, hún er alger skítur.

Þá verður einnig að nefna smásagnasafn Guðbergs, Hinsegin sögur, sem kom út 1984 og var einhver röttækasta tilraun til hinsegin bókmennta sem þá hafði sést á Íslandi. Fyrsta sagan, „Hanaslagur hommanna“ lýsir tveimur ungum og bráðmyndarlegum hommum sem eru einstaklega karlmannlegir og vekja aðdáun beggja kynja. En þeir eru þeim undrum gæddir að vera báðir „tvítóla“, og bæði tólin eru staðsett „uppi á brjóstinu á hommunum.“ Þetta hefur m.a. það í för með sér að þegar hommarnir gera það á almenningsfæri heldur fólk að þar séu „einhverjir karlmenn með bera bringu að berja saman brjóstkössum fullum af hreysti og heljarmennsku,“ þ.e.a.s. tveir karlar í hanaslag. Allar sögurnar fjalla um furðuhluti á borð við þessa, og undirstrika hver á sinn hátt það sjónarhorn höfundarins að í frávikinu, afbrigðileikanum, því sem heimurinn sér sem vansköpun, er fölginn sjálfur lífskrafturinn.

## //Nýjustu skáldverkin

Á undanförunum árum hefur hægt og sígandi bæst í hóp hinsegin bókmennta á Íslandi. Ljóðabók Ingunnar Snædal, Guðlausir menn kom út 2006 og hlaut frábærar viðtökur. Þá hefur nokkuð verið um að íslensk leikrit taki á samkynhneigð með einhverjum hætti. Leikrit Kristínar Ómarsdóttur, Ástarsaga 3, var sýnt í Borgarleikhúsinu 1997. Í stuttu máli fjallar það um tvo karla sem æfa leikrit um tvo samkynhneigða karlmenn sem eru í lautarferð í Öskjuhlíðinni. Þriðji karlmaðurinn í verkinu er síðan sögumaður sem bregður sér í hin ýmsu hlutverk, og má segja að hann sé holdtekja viðtekkinna hugmynda um samkynhneigða og um leið eins konar tengiliður milli paranna tveggja og milli áhorfenda og leikverksins. Leikrit Hávars Sigurjónssonar, Pabbastrákur, var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu 2003 og vakti sömuleiðis nokkrar umræður í Þjóðfélaginu. Persónur leikritsins eru hjón, samkynhneigður sonur þeirra og kærasti hans. Faðirinn hefur bundið miklar vonir við einkasoninn en þegar hann segist vera samkynhneigður verður pabbinn fyrir miklu áfalli. Við tekur örvæntingarfull leit föðurins að sjálfum sér og tilraunir til að nálgast soninn aftur. Bæði þessi leikverk urðu hvatinn að miklum umræðum í Þjóðfélaginu, voru sýnd fyrir skólahópa og bryddað var upp á þeirri nýjung að hafa umræður í lok sýningar þar sem áhorfendur gátu látið í ljós skoðun sína og tekist á við fordómanna ef einhverjir voru. Það segir mikið um breytta tíma að þau skáldverk sem komið hafa út síðustu ár og fjallað um samkynhneigð hafa öll fengið góðar viðtökur og verið tilnefnd til verðlauna. Sú kvalda ást sem hugarfylgnsni geyma, Dyrnar þröngu og Z: Ástarsaga voru allar tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, og Ingunn Snædal hlaut hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2006 fyrir ljóðabók sína. Ástarsaga 3 var tilnefnd til Norrænu leiklistarverðlaunanna 1998 og Hávar Sigurjónsson var tilnefndur til Grímunnar 2004 sem leikskáld ársins fyrir Pabbastrák. Allt sýnir þetta hversu mikið hefur miðað fram á við síðustu tvo áratugi. Samkynhneigðir eiga ekki bara eina rödd heldur margar, sem lýsa upplifun þeirra, skoðunum og lífsreynslu á margbreytilegan og litríkan hátt. Þögnin hefur verið rofin, og þar átti penninn stóran hlut að máli.





# SAGAN SLITRÓTTA

## Spjallað við Þorvald Kristinnsson

Þorvaldur Kristinnsson bókmenntafræðingur er einn af brautryðjendum í starfi Samtakanna '78 og flestum fróðari um bókmenntir og samkynhneigð í íslensku samhengi. Í skýrslu nefndar um málefni samkynhneigðra, sem skipuð var árið 1993 til að kanna stöðu samkynhneigðra á Íslandi, skrifaði Þorvaldur meðal annars sérstaka úttekt á íslenskum hinsegin bókmenntum sem ruddi brautina fyrir fræðimenn sem hafa kynnt sér þau mál síðar. Þorvaldur segir hinsegin bókmenntasögu Íslendinga síðustu áratugi vera afar slitrótt. „Lengi fannst mér eins og okkur hefði mistekist að rækta þennan þátt menningarinnar. En þegar ég lít til annarra smáþjóða þá efast ég um að

þetta sé neitt til að furða sig á. Í raun endurspeglar þetta bara hvað staða okkar hefur lengst af verið veik í íslensku samfélagi. Samkynhneigðir standa á jaðrinum og okkur er ekki eiginlegt að tjá okkur um reynslu okkar og veruleika á opinberum vettvangi nema sérstaklega sé eftir því leitað. Við höfum lengst af verið of fá og smá til að skapa samfellda hinsegin tjáningarhefð.“

Þorvaldur bendir á að hommar og lesbíur hafi til dæmis misst af lestinni þegar sjálfsævisögur og endurminningabækur áttu sitt blóma-skeið á 8. áratugnum. „Á þeim tíma hafði enginn samkynhneigður Íslendingur burði til að miðla reynslu sinni á þeim

nótum. Þarna vantar eitthvað í okkar bókmenntasögu, og ég held að slíkar bókmenntir hefðu gert líf okkar betra og dýpra. Með því að umrita minningar í skáldskap er hægt að segja sannleika sem engin leið er að koma á framfæri annars staðar. Að vissu leyti komu samt tímaritin í staðinn fyrir endurminningasögurnar. Það var

töluvert um það að glanstímarit sæktust eftir samkynhneigðum í viðtöl einmitt á þeim árum þegar við vorum að skrifa út úr holunum, hommar og lesbíur á Íslandi. Þetta voru viðtöl við alls kyns fólk úr öllum stígum þjóðfélagsins og þau þjónuðu merkilegum tilgangi sem enginn hefur ennþá rannsakað og metið, sennilega vegna þess að fólk hneigist til að líta niður á þetta tjáningarform og telja það ómerkilegra en aðra tjáningu. En viðmælendurnir hlífðu sér hvergi og við urðum smám saman sýnilegri með þessum viðtölum. Það hvernig við lifðum okkar lífi var ekki lengur tabú. Og nú, nokkrum áratugum síðar, eigum við Íslendingar hinsegin skáldverk sem hver heimsþjóð gæti verið stolt af.“

Böðvar Björnsson  
LOLLÍPOPPARINN  
(BROT)

3  
Í húminu bláa ég held af stað öll kvöld  
til hans með munninn fullan af orðum  
ég verð að fara að finna gæjann minn  
farat af ást eins og sjeikspír forðum  
ég klíf húsveggi og klífra uppí tré  
til að komast innum gluggann hjá honum  
hann hvíslar: „uss ekki hér inni

bara einn feill og við fokkum öllum vonum“  
við afklæðum hvor annan slómó  
ofsafengnir eins og börn með jólapakka  
þegar innihaldið birtist ýlfrum við kæft  
einsog smástrákar að fá sér fyrst að smakka

4  
en nú ertu farinn að fullu og öllu  
og frávita ég er af sorg  
ráfa á milli herbergja úr einu í annað  
í annarlegri íbúð í framandi borg  
og allskonar hluti sem þú áttir þá finn ég

einsog tildæmis penna og slitinn bol  
með þetta allt í höndunum húkkast ég  
á hóplausar vangaveltur sem sprengja mitt þol  
það er líkast því sem auðnin sé í öllu  
og ekkert sé í raun og veru til  
nema minningar sem mylja mig allan  
mélínu smærra en gera þó engu skil

**Tekið úr ljóðabókinni *Dagbók Önnu Frið*  
Sem kom út 1993**



## //Ort eftir pöntun

„Öll viðleitni okkar til að skapa eigin sögu var unnin í frístundum, á kvöldin og nóttunni, og eiginlega alltaf á einhverjum hlaupum. Þannig er það að minnsta kosti í minningunni. Stundum þurfti samt ekki mikið til að eitthvað gott yrði til og það gat borgað sig á ýta hér og þrýsta þar til að eitthvað gerðist. Einu sinni orðaði ég það við Þorstein Gylfason hvort hann gæti ekki beint sinni miklu þýðingagáfu að stöku hommaljóði. Auðvitað tók hann mig á orðinu, hann var þannig gerður. Nokkrum dögum síðar færði hann mér þrjár þýðingar úr Calamus-bálkinum eftir Walt Whitman. Þær hafa flogið víða. Svipað má segja um þýðingu Elíasar Marar á „Hinum dauðadæmda“ eftir Genet. Rétt fyrir eina af menningarvökum Samtakanna '78 heimsótti ég hann á Birkimelinn með textann að ljóðinu á frönsku og fleiri tungumálum og spurði hvort hann gæti ekki reynt að lyfta stemningunni eitt kvöld með góðri þýðingu. „Heldurðu að ég yrki eftir pöntun?“ hnussaði í Elíasi, og ég dauðsá eftir öllu saman. En viku seinna var komið ljóð á íslensku. Eitt það besta úr penna Elíasar.

Annars er það vandasamt viðfangsefni að yrkja um veruleika þeirra sem lífa á jaðrinum í einhverjum skilningi. Það skiptir máli hver talar, hvort skáldið skrifar af eigin reynslu eða sem „sympatisör“. Sögur gagnkynhneigðra skálda sem skrifa um samkynhneigð finnast mér góðra gjalda verðar, en oftast eru þær aðeins skugginn af sögum þeirra sem hafa reynt hinsegin veruleikann á eigin skinni. Það er ekki einleikið hvað ég verð stundum annars hugar gagnvart tilraunum gagnkynhneigðra skálda til að lýsa homnum. Ég man hvað mér leiddist kvikmyndin Brokeback Mountain. Þar þótti mér vanta eitthvert það element sem þó var frekar til staðar í samnefndri sögu eftir Annie Proulx – þessa glöðu og djúpu nautn sem þrátt fyrir allt er ævinlega til staðar í þjáningu hinsegin fólks, þessar voldugu andstæður sem skapa hina samkynhneigðu reynslu.

## //Vinsælt bókasafn

Þorvaldur var í hópi þeirra brautryðjenda sem stofnuðu bókasafn Samtakanna '78 fyrir rúmum tveimur áratugum, vorið 1987. „Vinsældirnar voru gríðarlegar og greinilegt að þörfin fyrir einhvers konar samtal við sálina í texta og kvikmyndum var sterk. Ég lýg því ekki að fyrstu árin var slegist um bókakostinn og fyrstu kvikmyndirnar sem bárust í safnið. Ég sakna stundum þeirra tíma þegar ég horfi á frábærar nýjar skáldsögur í hillunum sem ekki hreyfast vikum eða mánuðum saman. Ég held líka að þessi „neysla“ á skáldverkum og fræðiritum um samkynhneigð mál hafi búið til óvenju sterkan og meðvitaðan hóp á þessum mikilvægu árum í starfi félagsins þegar þörfin var hvað mest fyrir styrk og skýra meðvitund.“

Bókasafn Samtakanna '78 er einstakt í sinni röð, því að þess eru sárafá dæmi í öðrum löndum að rekin séu almenningsbókasöfn með hinsegin efni eingöngu. Og fæst af þessu efni er til á öðrum bókasöfnum hér á landi. En það kostaði mikið hugrekki fyrstu árin að fá lánað á bókasafni Samtakanna, gefa persónuupplýsingar og láta skrá útlán. Rýrnunin var líka umtalsverð, að sögn Þorvaldar. „En allur þessi stuldur vitnaði um þörf, og ekki eitt ljótt orð um það mál. Mér hlýnar beinlínis um hjartað þegar ég rek augun í Ruby Fruit Jungle eftir Ritu Mae Brown á safninu því að á fyrri árum var hún „stolnasta bókin“ þar á bæ og fyrir vikið þurfti oft að endurnýja hana. Vonandi hafa stolnu eintökin skilað íslenskum lesbium á annan og betri stað í tilverunni.“

Hér les Sigurður A. Magnússon úr verkum sínum fyrir félagsmenn á bóksafninu árið 1993. Lengst til hægri sést í Kristínu Ómarsdóttur.



Kristín Ómarsdóttir  
HLAUPASTELPA

Ég er hlaupastelpa  
Og húmið býr  
Í augum mínum

Ég  
leita á nóttina

Varir mínar  
Drekka svita  
Og þorsta

Varir mínar  
Blíðu blíðu

Varir mínar  
Fríðu fríðu.

Tunga mín er töm  
Og kann að hvolfra hugum  
Og eigir þú hugsanir,  
Einsog grjót einsog spjót,  
Þá renna þær niður dalinn  
-beint í sjó  
og ganga aldrei aldrei  
meir  
á hækjum sér  
inní þér

Munnur minn er kræklingur  
Skaut mitt á bragðið eins og rækja

Brjóstin hvít og mjúk  
Einsog gellur

Fæturnir spírir  
-alltaf á iði

Ég er glæný hlaupastelpa  
Með eld í maganum  
Og hlaupastig í hnjánum

Alveg nývaxin  
-óx upp í fyrra

Pabbi kallar mig blóm  
Og mamma skilur ekki bofs

Nei  
Ég er ekki þurr kleina  
Sem þú étur með mjólk.  
Ég er kræklingur,  
rækja og gella  
-Ný kartaffa um haust  
með salti og sméri.

Húðin ísköld mjólk;  
Stundum volg  
Stundum flóud

Og nasir mínar  
Hundóttar  
Þefa þig og  
Þefa þig uppi.

-Ég veit alveg hvar við finnumst-

Tekið úr ljóðabókinni Í Húsinu okkar er  
þoka, sem kom út 1987



Þórður Sigtryggsson (1890–1965) var bókbindari að mennt en lifði lengstum af því að kenna börnum lestur og orgelleik. Hann skildi eftir sig verkið Mennt er máttur – Tilraunir með dramb og hroka sem varðveitt er á Landsbókasafni. Elías Mar, sem Þórður hafði kennt á orgel í æsku, kom að því verki og segist ýmist hafa skrifað upp eftir frásögn Þórðar eða hreinritað það sem höfundurinn hafði áður gert uppkast að. Þetta kallaði Þórður ýmist endurminningar, hugleiðingar eða tilraunir. Snjalla lýsingu á Þórði Sigtryggssyni er að finna í frásögn eftir Árni Bergmann sem birtist í minningabók þeirra Lenu Bergmann, Blátt og rautt (1986). Frásagnir Þórðar eru að mörgu leyti merkileg heimild um vitundarlíf samkynhneigðs manns á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar þótt varla geti þær talist dæmigerðar. Verkið sem hér um ræðir hefur aldrei verið gefið út, enda ritar Þórður svo á einum stað: „Þessar endurminningar mínar eru aðeins ritaðar fyrir mig einan, þótt ég ef til vill sýni þær fáeinum nánnum vinum. Ég er einkarithöfundur og get varla hugsað mér ömurlegra hlutskipti en að vera almenningsrithöfundur. Þá er ólíkt skárra að vera almenningsmella. Almenningsrithöfundurinn býður sig hvaða helvítis skríl og illþýði sem er fyrir peninga, en almenningsmellan getur átt sómatilfinningu.“

### //Hann er hómósexúalisti

„Mikið hafði ég gaman af, þegar vinur minn Kristján Helgason eitt sinn kynnti mig fyrir einum kunningja mínum í strætisvagni. Eftir að hafa nefnt nafn mitt bætti hann við: „Hann er hómósexúalisti.“ Síðar komst ég reyndar að raun um, að maður þessi, alkunnur menntamaður og verðlaunaður rithöfundur, hafði aldrei heyrt orðið hómósexúalisti nefnt – og hafði enga hugmynd um hvað það þýddi! Síðan Jónas Hallgrímsson dó, hefur enginn íslenskur menntamaður, skáld eða rithöfundur fengið aðgang að síðuðu heimili erlendis. Þessir ræflar koma aldrei annars staðar en á lélegustu knæpur og hóruhús. Þeir geta aldrei lært að lesa, tala eða skilja mál síðaðra manna.“

### //Leiðin til fullkunnunar

„Er nokkurt dæmi þess, að leiðin til fullkunnunar hafi legið eftir þráðbeinum vegi? Mér finnst, að hún hljóti að liggja eftir ótal krókaleiðum og óteljandi villigötum. Ég gæti skrifað fleiri þúsund blaðsíður um axarsköft mín, allan þann bjánaskap og alla þá heimsku, sem ég hef gert mig sekan um. En ég hef haft vit á að læra af öllum þessum óföllum. Enginn gæti trúað því, hve mikil rola og vesalingur ég var á barnsárum mínum og unglingsárum. Ég var hræddur við allt og alla. Sem átta ára gamall drengur var ég í skóla hjá Friðriki Friðrikssyni stud.theol. Dag nokkurn varð ég ásamt hinum strákunum að stunda heræfingar suður á Melum. Skyndilega varð mér bráðillt í maganum og hefði samstundis þurft að leysa niðrum mig og hægja mér. En ég átti ekki hugrekki til að ganga fyrir generalinn og segja honum frá þessu. Ég skeit í buxurnar. Menn geta hugsað sér líðan mína. Þegar við marséruðum niður Suðurgötu mættum við háyfirdómarafrúnni, sem var á skemmtigöngu með sinni hjartansvinkonu fröken Kristínu. Generalinn skipaði okkur samstundis að stansa og heilsa að hermansið hinni tignu frú, sem hrærðist mjög af þessum virðingavotti okkar. Menn geta hugsað sér viðtökurnar hjá móður minni, þegar ég kom heim með buxurnar fullar ...“

Þórður lést 30. júní 1965 og síðasta kaflann í tilraunum sínum ritaði hann daginn fyrir andlátíð:

### //Finale

„Þegar hinn fagri og töfrandi N.N. var tíu ára gamall, sendi hann mér svohljóðandi bréf:

„Þórður!

Þér þykir vænna um Chopin en mig!“

Þegar hann var tólf ára gamall, talaði hann um í afbrýðisemiskasti að drepa einn af nemendum mínum, jafnaldra sinn.

Íslenzkir drengir eru farnir að skilja mannlegt tilfinningalíf.“

### Þorsteinn Gylfason:

Hamingjan um nótt

Hamingjan kom heim til mín um nótt,  
hæggeng veira sögð af nýrri grein,  
runnin ungum manni í merg og bein,  
manni sem eg elska heitt og fljótt

þangað til hann innir ofur hljótt:  
eg er ekki í lagi. Það er mein  
sem því veldur. Ástæðan er ein.  
Útbrot fyrst. Og síðan brestur þrótt.

Hvað sem lifir veit eg verður gjalt.  
Vöðvar rýrna, storknar sæði og blóð.  
Stæltla holdið hans er vísast valt.  
Vísast dvín í haust hans æskuglööð.

Hann er samt minn guð. Hann gaf mér allt.

Hamingjuna sjálfa. Sú var góð.





# „ÞETTA Á EKKI AÐ VERA NEITT MÁL“

## Viðtal við Ingunni Snædal rithöfund

Það er varla hægt að segja að nafn Ingunnar Snædal hafi verið á hvers manns vörum í íslenskum bókmenntaheimi þangað til í nóvember 2006 þegar hún vann Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir bók sína, Guðlausir menn – hugleiðingar um jökulvatn og ást. Ingunn hafði aðeins sent frá sér eina ljóðabók áður og það rúmum áratug fyrr, Á heitu malbiki árið 1995. Það er skemmst frá því að segja að bókina Guðlausir menn sló rækilega í gegn þegar hún kom út. Fyrsta prentun seldist upp hjá forlaginu á örskömmum tíma og ekki skorti heldur hástemmdu lýsingarorðin; „besta ljóðabók síðari ára“ kallaði Hallgrímur Helgason bókina í nýlegri grein. Ingunn er fædd á Egilsstöðum og uppalin á Jökuldal en hefur gert víðreist um heiminn; hefur búið á Spáni, Írlandi, í Kostaríku, Danmörku, veturlangt á Aran-eyjum út af vesturströnd Írlands og í skamman tíma í Mexíkó. Hún er grunnskólakennari að mennt og hefur undanfarin ár kennt í Reykjavík og úti á landi. Hún stundar nú MA-nám í íslensku við Háskóla Íslands.

Guðlausir menn er áhrifamikil þroska- og lífsreynslusaga, ferðasaga og ástarsaga í senn. Þegar bókina hefst er ljóðmælandinn á leið austur á land á æskulóðirnar til að vera við jarðarför ömmu sinnar. Ljóðin fjalla um æsku hennar og heimabyggð, náttúruna, ást, samkynhneigð og fjölskyldu. Samskiptin við foreldra og bróður eru miðpunktur nokkurra ljóða sem fjalla um þegar hún kemur út úr skápnem rúmlega þrítug að aldri:

*flyt frá barninu  
sem spyr í sífellu  
sígildra spurninga  
útlærð í sektarkennd*

*hún heimsækir mig  
í litla herbergið á fjórðu hæð  
skilur ekki af hverju mamma  
kreistir mann svona fast*

*þrjátíu og tveggja og  
var að missa  
mannréttindin*

Ingunn býður mér upp á ljúffengt te þar sem við setjumst niður á heimili hennar í Hlíðunum. Það eru bækur hvert sem litið er, ekki síst barnabækur og í eldhúsinu er dóttir hennar að glíma við stærðfræðina meðan við tölum um hinsegin bókmenntir í stofunni. En hvaða skilning skildi Ingunn leggja í þetta hugtak, „hinsegin bókmenntir“?  
„Ég hef velt þessu dálítið fyrir mér, ekki síst af því að við Úlfhildur Dagsdóttir leiddum bókmenntagöngu um miðbæinn á Hinsegin dögum í fyrra. Mér finnst sjálfri dálítið erfitt að skilgreina þetta nákvæmlega. Við

hvað eigum við að miða? Eru hinsegin bókmenntir bækur sem hinsegin fólk skrifar, burtséð frá því hvort þær fjalla um hinsegin efni að einhverju leyti? Eða eru það bókmenntir sem lýsa hinsegin reynslu eða þar sem samkynhneigðar persónur koma við sögu, sama þótt höfundurinn sé gagnkynhneigður? Ég held að maður þurfi ekkert endilega að vera gay til að skrifa hinsegin bókmenntir. Hins vegar finnst mér oft hundleiðinlegt að lesa „hinsegin lýsingar“ eftir gagnkynhneigða höfunda af því þeir enda iðulega með því að skrifa eitthvað sem er algjör klisja, þótt þeir séu mjög vel meinandi í sjálfu sér. Stundum fæ ég algjöran bjánahroll bara yfir því hvernig fjallað er um efnið, til dæmis um að koma út úr skápnum o.s.frv. Efnistökin verða oft svo lituð af pólitískri rétt hugsun, og maður finnur að höfundinum finnst þetta allt hálfvandradalegt eða skrítið. Síðan er líka erfitt að fjalla um og skilgreina hinsegin bókmenntir í íslensku samhengi af því að sagan okkar er svo stutt. Þetta eru eiginlega ekki nema nokkrar bækur. Þess vegna er hætt við því að sýn okkar á hlutina bjagist dálítið. Var til dæmis bara svona hljótt um Elías Mar af því hann var hinsegin? Það er fullt af skáldum frá svipuðum tíma sem hafa fallið í gleysku án þess að eiga það skilið, til dæmis Steinar Sigurjónsson. Ekki var hann hommi. En það er auðvitað fullkomlega skiljanlegt að sagan skuli ekki vera lengri en þetta. Hvaða forsendur voru svo sem til að skapa hinsegin bókmenntir á Íslandi á meðan hommar og lesbíur þurftu hreinlega að flýja land vegna fordóma?“

En hvað með mikilvægi hinsegin bókmennta í samfélaginu í heild? Skipta þær máli?

„Já, þær skipta gríðarmiklu máli, ekki síst fyrir ungt fólk sem er að velta þessum málum fyrir sér. Það þurfa að vera til bækur sem spegla okkar veruleika eins og hann er. Ég veit t.d. að bókin mín er eitthvað lesin í Menntaskólanum við Hamrahlíð, þar geta nemendur valið hana í ákveðnum áföngum og það finnst mér alveg frábært. Það skiptir gríðarlega miklu máli að ungu fólki finnst þetta vera eðlilegur hlutur. Ef það hefur aðgang að hinsegin bókmenntum í skólakerfinu þá hjálpar það við að kæfa fordómanna. Það er nóg af áróðri úr hinni áttinni. Fyrst einhverjir brjálaðir amerískir predikarar geta lagt undir sig heilu drottningarviðtölin í Kastljósinu verðum við að nota okkar vopn á móti. Annars er ég ekki frá því að ég hafi verið betri fulltrúi gegn fordómum í garð samkynhneigðra áður en ég kom út úr skápnum sjálf. Ég hef alltaf haldið þessu á lofti í eigin kennslu, fjallað um samkynhneigð sem eðlilegan hlut og hvatt krakkana til að vera fordómalaus. Áður fyrr fannst þeim ég sjá þetta frá þeirra sjónarhóli og þá var ég í allt öðru hlutverki, en núna geta þau alveg eins sagt „Já, þú segir þetta bara af því að þú ert sjálf samkynhneigð.““

Ingunn er þó ekki á því að hún hafi leitað mikið í smíðju hinsegin skálda gegnum tíðina.

„Ég veit ekki hvort önnur „hinsegin“ skáld hafa haft einhver sérstök áhrif á mig í skáldskapnum. Kristín Ómarsdóttir hefur auðvitað áhrif af því hún er svo mikill snillingur í því sem hún gerir, en ég er ekkert viss um að það hafi neitt að gera með það að bækurnar hennar eru „hinsegin.“ Sama máli gildir um Guðberg. Ég les fyrst og fremst bara alveg rosalega mikið af bókum, helst, en ekki eingöngu, góðum bókum. En ég er mjög lítið að spá í hvort þær eru hinsegin eða ekki.

En það er samt mjög gott að hafa aðgang að þeim bókum sem maður þarf á að halda, af hvaða toga sem þær eru. Bókasafn Samtakanna 78

er til dæmis alveg frábært. Ég kom þangað fljótlega eftir að ég kom út úr skápnum og fannst merkilegt að sjá allar þessar endalausur hillur af bókum um hinsegin málefni, miklu meira en mér hafði nokkurn tímann dottið í hug að væri til. Þarna var maður að afgangi og ég vatt mér að honum og spurði hvort hann ætti einhverjar bækur fyrir konur sem væru orðnar fullorðnar þegar þær koma út úr skápnum. Hann hallaði sér aftur í stólnum og jánkæði íbygginn, og teygði sig beint í bók sem heitir „Women Coming Out in Later Life“ eða eitthvað í þá átt. Þetta fannst mér magnað, ég man að ég hugsaði: „Vá, það eru í alvörunni til bækur um allt!“ Hún gagnaðist mér nú reyndar ekkert sérstaklega vel af því hún var einum of mikið sniðin að amerísku samfélagi og speglaði ekki þann veruleika sem ég stóð frammi fyrir. En bókasafnið er óskaplega merkilegt fyrirbæri engu að síður.“

Hvað með þín eigin verk – eru þau hinsegin?

„Ég spái eiginlega voðalega lítið í það. Ég kom út svo seint, ég var orðin 32ja ára þannig að fyrir mér var þetta allt öðruvísi reynsla en ef ég hefði t.d. komið út þegar ég var tólf eða þrettán ára. Þetta snýr í sjálfu sér ekki veruleikanum við nema upp að vissu marki. Það að vera lesbía er bara hluti af mínu ídentíteti, ég fer t.d. ekki út og næ mér í splunkunýjan vínahóp bara af því ég er komin út úr skápnum. Þetta er ekkert svo mikið mál.

Ég vil heldur ekki lenda í því að vera flokkuð einhvernveginn „sér“ bara út af því að ég er hinsegin. Ég vil að fólk lesi bækurnar mínar bara sem bókmenntir, en ekki sem „hinsegin bókmenntir.“ Það sjónarhorn er svo þröngt og afmarkandi. Núna er til dæmis væntanleg eftir mig ljóðabók sem inniheldur bæði gömul og ný ljóð. Elstu ljóðin eru ort áður en ég kom út úr skápnum, þegar ég átti kærasta og þau eru ort til hans. Í nýrri ljóðunum yrki ég síðan til konunnar minnar. Svo þetta „hinsegin“ hugtak er mjög fljótandi stærð í mínum skáldskap og á bara stundum við.“

Ég spyr Ingunni hvort það hafi tekið á að skrifa Guðlausa menn. Ljóðin eru jú óvenju hreinskilin enda snúast flest þeirra um áhrifaríka atburði og tilfinningaþrungin lífsuppgjör.

„Ég veit það ekki, jú að vissu leyti. Ég gekk auðvitað nærri mér með þessum ljóðum en samt ekkert nær mér en ég vildi sjálf. Síðan er þetta auðvitað líka skáldskapur í bland, það er ekki allt satt sem stendur í ljóðunum mínum. Stundum þarf maður að fella fjórar persónur saman í eina, eða tvo atburði í einn. En ég veit að margir standa í þeirri meiningu að allt í bókinni sé satt, af því hvað viðfangsefnið er persónulegt. Hvatinn að bókinni var sá að amma mín dó, og það var mjög erfitt. Ég kveið því eiginlega mest hvað fólk sem stendur mér næst myndi segja. Sumt fólk var alveg gáttað á því hvað ég væri opinská og hafði áhyggjur af því hvaða áhrif það hefði á fjölskyldu mína. Í bókinni yrki ég til dæmis á mjög hreinskilinn hátt um hjónaband bróður míns, og ég var stundum spurð: „Talar bróðir þinn ennþá við þig?“ En fjölskylda mín var mjög sáttt við ljóðin, og það var í rauninni það eina sem skipti mig máli. Ekki síður sum eldri skyldmenni mín, t.d. systir ömmu. Mér fannst það gott. Annars skiptir það mig ekki miklu máli hvað fólk úti í bæ hugsar um mig, meðan það hefur ánægju af að lesa það sem ég skrifa.“





